



ÁRSSKÝRSLA 2008

Efnisyfirlit

- 3 I *Markmið og stefna Seðlabanka Íslands*
- 7 II *Stefnan í peningamálum og framvinda efnahagsmála*
- 11 III *Fjármálakerfið*
- 19 IV *Ýmsir þættir í starfsemi Seðlabanka Íslands*
- 35 V *Afkoma og efnahagur Seðlabanka Íslands, stjórn og starfslið*
 - Rammagreinar:*
 - Erfiðleikar í efnahagsmálum og áhrif þeirra á stefnu og starfsemi Seðlabanka Íslands 5*
 - Próun veðlána 9*
 - Breytingar á reglum á árinu 2008 10*
 - Gjaldeyrisskiptasamningar og viðleitni til eflingar gjaldeyrisforða 22*
 - Efnahagsáætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins 27*
- 41 *Ársreikningur 2008*
 - Viðaukar*
 - 61 *Fréttir Seðlabanka Íslands á árinu 2008*
 - 62 *Ritaskrá Seðlabanka Íslands fyrir árið 2008*
 - 63 *Annáll efnahags- og peningamála 2008*
 - 75 *Töflur*



Útgefandi:

Seðlabanki Íslands, Kalkofnsvegi 1, 150 Reykjavík.

Sími: 569 9600, símbref: 569 9605

Netfang: sedlabanki@sedlabanki.is

Veffang: www.sedlabanki.is

Prentun og bókband: Oddi hf.

Reykjavík 2009

ISSN 1670-522X

Merking tákna:

- * Bráðabirgðatala eða áætlun.
- 0 Minna en helmingur einingar.
- Núll, þ.e. ekkert.
- ... Upplýsingar vantar eða tala ekki til.
- . Tala á ekki við.

I Markmið og stefna Seðlabanka Íslands

Meginmarkmið stjórnar peningamála er stöðugleiki í verðlagsmálum. Í lögum um Seðlabanka Íslands (nr. 36/2001, sbr. einnig breytingu með lögum nr. 5/2009) er kveðið svo á að meginmarkmið bankans sé að stuðla að stöðugu verðlagi. Með samþykki forsætisráðherra er bankanum heimilt að lýsa yfir tölulegu markmiði um verðbólgu. Í sameiginlegri yfirlýsingu ríkisstjórnar Íslands og Seðlabanka Íslands 27. mars 2001 var bankanum sett verðbólgu-markmið, þ.e. að árleg verðbólga, reiknuð sem hækkun vísitölu neysluverðs á tólf mánuðum, yrði að jafnaði sem næst 2½%.¹ Í lögunum er jafnframt tekið fram að Seðlabankinn skuli stuðla að framgangi stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum enda telji hann það ekki ganga gegn meginmarkmiði sínu um stöðugt verðlag. Þá skal bankinn sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisvarasjóð og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslukerfi í landinu og við útlönd. Bankinn skal m.ö.o. sinna viðfangsefnum sem varða fjármálastöðugleika. Í lögunum eru jafnframt ákvæði um reikningsskil og gagnsæi peningastefnunnar og starfsemi bankans almennt.

Peningastefna

Til grundvallar við framkvæmd stefnunnar í peningamálum leggur Seðlabankinn verðbólgu-spá þrjú ár fram í tímann. Spáin er birt í riti bankans *Peningamálum* sem gefið var út þrisvar á árinu. Auk þess birtir bankinn eigin þjóðhagsspá og ítarlega greiningu á framvindu og horfum í efnahags- og peningamálum samhliða birtingu verðbólgu-spárinnar.

Í samræmi við ákvæði laga um bankann hefur bankastjórn sett reglur um undirbúning, rökstuðning og kynningu ákvæðana í peningamálum.² Á árinu 2006 voru teknir upp fyrirfram ákveðnir vaxta-ákvörðunardagar. Árið 2008 voru þeir sex, þ.m.t. þrír útgáfudagar *Peningamála*. Bankastjórn áskilur sér rétt til að breyta stýrivöxtum á milli vaxtaákvörðunardaga telji hún tilefni til þess. Þremur vaxta-ákvörðunardögum var bætt við á árinu 2008 þannig að þeir urðu alls 9, þ.e. einum í mars og tveimur í október.

Meginstjórn tæki bankans eru stýrivextir hans, þ.e. vextir í lausafjárfyrirgreiðslu hans við lánastofnanir sem fram fer með lánum gegn veði. Vikuleg útböð eru haldin á veðlánnum sem veitt eru til einnar viku í senn.

Seðlabankinn leggur bindiskyldu á lánastofnanir, 2% af skilgreindum skuldbindingum með líftíma tvö ár eða skemmri.

Fjármálastöðugleiki

Seðlabankinn leitast jafnan við að hafa góða yfirsýn yfir stöðu lánastofnana og fjármálamarkaða og birtir reglulega greiningu sína á

1. Yfirlýsingin var birt í *Peningamálum* 2001/2 og á heimasíðu bankans. Lítils háttar breyting var gerð á henni í nóvember 2005.

2. Reglurnar eru birtar á heimasíðu bankans.

þáttum sem varða fjármálastöðugleika. Þar er ítarlega fjallað um þjóðhagslegar vísbendingar um fjármálastöðugleika jafnt sem rekstrarvísbendingar. Til ársins 2004 birti bankinn greiningu sína tvisvar á ári í ársfjórðungsritinu *Peningamálum*. Á árinu 2005 hóf bankinn útgáfu sérstaks rits, *Fjármálastöðugleika*, sem gefið er út einu sinni á ári.

Með vísan til heimildar í lögum um Seðlabankann hefur hann sett reglur um lágmark lausafjár sem lánastofnunum ber ætíð að hafa yfir að ráða og reglur um gjaldeyrisjöfnuð lánastofnana. Á árinu 2006 gerði bankastjórn sérstaka samþykkt um viðfangsefni bankans á sviði fjármálastöðugleika.³

Í lögnum er Seðlabankanum veitt heimild þegar sérstaklega stendur á og hann telur þess þörf til að varðveita traust á fjármálakerfi landsmanna að veita lánastofnunum í lausafjórðunda ábyrgðir eða önnur lán en þau sem falla undir regluleg viðskipti. Auk þess stuðlar Seðlabankinn að virku og öruggu fjármálakerfi með því að þróa innlend greiðslu- og uppgjörskerfi í samræmi við alþjóðlega viðurkenndar kröfur. Um viðfangsefni sem varða fjármálastöðugleika á Seðlabankinn samstarf við Fjármálaeftirlitið á grundvelli samstarfssamnings sem gerður er með hliðsjón af ákvæðum laga um Seðlabankann og laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.⁴ Á árinu 2006 var einnig gert samkomulag á milli forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands um samráð varðandi fjármálastöðugleika og viðbúnað.⁵

Önnur viðfangsefni

Samkvæmt lögum hefur Seðlabankinn einkarétt á að gefa út peninga-seðla og mynt. Bankinn varðveitir gjaldeyrisforða þjóðarinnar og sér um ávöxtun hans. Bankinn annast samskipti og viðskipti við erlendar og alþjóðlegar stofnanir á starfssviði sínu og fer með fjárhagsleg tengsl við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn fyrir hönd ríkisins.

Ábyrgðarskylda og gagnsæi

Samkvæmt lögum skal Seðlabankinn eigi sjaldnar en ársfjórðungslega gera opinberlega grein fyrir stefnu sinni í peningamálum og fyrir þróun peningamála, gengis- og gjaldeyrismála og aðgerðum sínum á þeim sviðum. Þá skal Seðlabankinn gefa út ársskýrslu þar sem hann gerir ítarlega grein fyrir starfsemi sinni.⁶ Seðlabankinn leitast við að gera eins rækilega grein fyrir starfsemi sinni og kostur er. Þar með eru taldar forsendur ákvarðana hans í peningamálum, mat hans á fjármálastöðugleika og margt það sem lýtur að starfsemi bankans að öðru leyti. Gagnsæi og ábyrgðarskylda eru einnig tryggð með því að skilgreina svokölluð þolmörk verðbólgu markmiðsins. Í þeim felst að víki verðbólga meira en 1½ prósentu frá verðbólgu markmiðinu ber bankanum að senda ríkisstjórninni greinargerð þar sem skýrt er hverjar ástæður fráviksins eru, hvernig bankinn hyggst bregðast við og hve langan tíma það muni taka að ná markmiðinu. Greinargerðin skal birt opinberlega.

3. Samþykktin er birt á heimasíðu Seðlabanka Íslands. Sjá einnig umfjöllun í kafla IV.

4. Samningurinn er birtur á heimasíðu Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins.

5. Samkomulagið er birt á heimasíðu Seðlabanka Íslands. Nánari umfjöllun í kafla IV.

6. Ritaskrá bankans fyrir árið 2008 er birt í viðauka.

Eftir því sem líða tók á árið 2008 gætti vaxandi erfiðleika í fjármálakerfi landsins og þjóðarbúskapnum í heild, bæði vegna innri og ytri aðstæðna. Seðlabankinn vann að viðbúnaðaráætlunum við fjármálaáfalli, bæði í starfshópum innan og utan bankans, m.a. með aðstoð erlendra sérfræðinga.

Gengi krónunnar lækkaði talsvert á fyrsta ársfjórðungi og í september lækkaði gengið aftur með vaxandi hraða í aðdraganda þess og eftir að þrír stærstu bankarnir fóru í þrot.

Glitnir banki hf. var fyrstur til að fara í þrot í byrjun október vegna lausafjárerfiðleika. Þá hófst atburðarás sem endaði með því að auk Glitnis fóru Landsbanki Íslands hf. og Kaupþing hf. í greiðsluþrot og var rekstur bankanna yfirtekinn af Fjármálaeftirlitinu.

Með falli bankanna lokaðist að mestu fyrir millilandaviðskipti þeirra og var sú greiðslumiðlun þá flutt til Seðlabanka Íslands sem sinni þeim þætti að miklu leyti það sem eftir var árs. Greiðslukerfin og innlend greiðslumiðlun urðu fyrir álagi en héldu þó fullri starfsemi, en erlend greiðslumiðlun varð tregari vegna viðbragða erlendra stjórnvalda og banka.

Í lok nóvember náðist samkomulag á milli íslenskra stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) um samstarf til að koma á efnahagslegum stöðugleika. Það fól í sér aðgerðir til að koma á stöðugum gjaldeyrismarkaði, aðhaldi í ríkisfjármálum frá 2010 og til að endurreisa bankakerfið. Samstarfið fól í sér fyrirgreiðslu AGS til tveggja ára, með ársfjórðungslegri endurskoðun, að fjárhæð 2,1 milljarður Bandaríkjadala til að styðja aðgerðaáætlun stjórnvalda til að koma á stöðugleika í hagkerfinu, auk viðbótarláns, allt að þremur milljörðum dala frá öðrum þjóðum.

Vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem voru til staðar í kjölfar falls bankanna er stöðugt gengi krónunnar lykilþáttur þeirrar stefnu í peningamálum sem stjórnvöld og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafa mótað í sameiningu. Stöðugt gengi er hvort tveggja forsenda þess að koma á stöðugu verðlagi og verja skuldsett heimili og fyrirtæki í landinu. Þar með stuðlar stefnan einnig að stöðugleika í fjármálakerfinu.

Á árinu var unnið að því að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabankans. Bankinn átti því viðræður við seðlabanka, stjórnvöld og fjármálastofnanir í Evrópu og Bandaríkjunum, bæði um gjaldmiðlaskiptasamninga og um beinar lántökur. Í maí náðust skiptasamningar við þrjú Norðurlandanna.

Rammagrein I-1

Erfiðleikar í efnahagsmálum og áhrif þeirra á stefnu og starfsemi Seðlabanka Íslands

II Stefnan í peningamálum og framvinda efnahagsmála

Í upphafi árs var verðbólga enn umtalsvert yfir markmiði Seðlabankans, eða 5,8%. Mikillar spennu gætti sem fyrr á vinnumarkaði og vaxandi óróleika gætti á alþjóðlegum fjármálamörkuðum sem benti til þess að tímabili tiltölulega stöðugs gengis á árinu 2007 færi brátt að ljúka. Erfiðleikar á fjármála- og gjaldeyrismörkuðum ágerðust eftir því sem leið á árið. Vandinn í gjaldeyrismálum var einkum þríþættur: Í fyrsta lagi var viðskiptahalli enn mjög mikill, sem fól í sér mikla þörf fyrir erlent fjármagn. Í öðru lagi átti hið risavaxna bankakerfi sífellt erfiðara með að afla lánsfjár á erlendum lánsfjármörkuðum, en það skiptir sköpum fyrir fjármögnun viðskiptahallans. Í þriðja lagi var stofn útstandandi verðbréfa í íslenskum krónum í eigu erlendra aðila, þ.m.t. svokölluð jöklabréf, sem gefin eru út erlendis, orðinn gríðarlega stór. Vaxandi óróa gætti meðal fjárfesta sem áttu í erfiðleikum með að velta áfram stöðum sínum í krónum. Hækkandi álag á íslenskar fjármálastofnanir og mikil innlend eftirspurn eftir erlendum gjaldeyri leiddu til þess að markaður með gjaldmiðlaskiptasamninga varð nánast óvirkur í mars. Það leiddi til þess að gengi krónunnar lækkaði mikið og verðbólga jókst í kjölfarið. Seðlabankinn greip til ýmissa ráðstafana er miðuðu að því að skjóta styrkari stöðum undir gengi krónunnar og hemja vaxandi verðbólgu. Stýrivextir voru hækkaðir, Seðlabankinn gaf út innstæðubríf í því skyni að auka innstreymi gjaldeyris á markaðinn og gerði gjaldmiðlaskiptasamninga við aðra norræna seðlabanka.

Alþjóðleg fjármálakreppa setti mark sitt á markaði

Velta á millibankamarkaði árið 2008 var mjög lítil og verðmyndun afar ómarkviss. Verulega dró úr vaxtamun á afleiddum krónuvöxtum á skiptasamningum og evrópskum millibankavöxtum, sem verið hafði hryggjarstykkid í viðskiptum með gjaldeyrisskiptasamninga. Það hafði djúpstæð áhrif á gengi krónunnar.¹ Krónumarkaðurinn þornaði svo til upp á öðrum fjórðungi ársins. Viðskipti á millibankamarkaði glæddust tímabundið þegar leið á sumarið, en í kjölfar bankahrunsins þornaði krónumarkaðurinn hins vegar aftur og voru mjög lítil viðskipti á markaðnum það sem eftir lifði árs. Óróleiki á millibankamarkaði var ekki bundinn við Ísland, en áhrifin hér á landi voru mun meiri en víðast erlendis. Eins og þar var aukin mótaðilaáhætta helsta ástæða minnkandi virkni peningamarkaða á tímum lausafjárþurrðar. Bankar voru tregir til að lána hver öðrum án veða á sama tíma og þeir og önnur fjármálafyrirtæki reyndu eftir megni að verja og efla lausafjárstöðu sína.

Gengi krónu fellur í aðdraganda og kjölfar bankahruns


Eftir hrun stærstu bankanna í október urðu helstu miðlunarleiðir peningastefnunnar að mestu leyti óvirkar. Verulegir hnökrar voru á greiðslumiðlun við útlönd og gengi krónunnar féll mikið. Í því skyni

1. Hátt álag sem bankarnir þurftu að greiða á erlenda grunnvexti leiddi til þess að vaxtamunur sem bankarnir gátu áður boðið í gjaldeyrisskiptasamningum nánast hvarf og endurspegladi ekki lengur muninn á millibankavöxtum í krónum og erlendum gjaldmiðlum. Erlendir aðilar hikuðu jafnframt við að verja stöður sínar í gegnum peningamarkaðinn vegna aukinnar mótaðilaáhættu.

Mynd II-1

Vextir á krónumarkaði og stýrivextir Seðlabankans

Daglegar tölur 3. janúar 2006 - 31. desember 2008




Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd II-2

Meðalgengi og raungengi krónu 2002-2008

Mánaðarleg meðaltöl




Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd II-3

Landsframleiðsla 1998-2008


Framlag einstakra liða til hagvaxtar



Heimild: Hagstofa Íslands.


Mynd II-4
Vöruskiptajöfnuður 2006-2008

Mánaðarlegar tölur á föstu gengi



Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.


Mynd II-5
Undirþættir viðskiptajafnaðar 1995-2008
Rekstrarframlög talin með þáttatekjum



Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Mynd II-6
Atvinnuleysi og launapróun

1. ársfj. 2000 - 4. ársfj. 2008



Heimildir: Hagstofa Íslands, Vinnuálfstofnun.

að koma í veg fyrir skort á brýnum nauðsynjum var gripið til þess ráðs að beina tilmælum til bankanna um að forgangsraða afgreiðslu gjaldreyris, samanber yfirlýsingu bankastjórnar Seðlabanka Íslands hinn 10. október. Til þess að greiða fyrir viðskiptum átti Seðlabankinn takmörkuð gjaldeyrisviðskipti við bankana á gengi sem fól í sér töluverða umframeftirspurn eftir erlendum gjaldeyri. Því varð til óformlegur gjaldeyrismarkaður til hliðar við hinn opinbera þar sem gengi krónu var töluvert lægra en á hinum opinbera markaði. Þessi tilhögun var til staðar þar til í byrjun desember að millibankamarkaður með gjaldeyri tók aftur til starfa, um leið og gjaldeyrishöft vegna almennra viðskipta voru afnumin en höft á fjármagnshreyfingar milli landa hert. Áformað er að afnema höftin í áföngum.

Í desember var gengi krónunnar rúmlega 42% lægra en í janúar 2008. Gengisfallið leiddi til þess að raungengi varð mun lægra á árinu 2008 en það hafði áður mælst og fær staðist til lengdar. Þegar það var lægst í nóvember var það rúmlega 34% undir meðaltali árána frá 1980. Verðbólga, drifin áfram af kostnaðarhækkunum vegna lækunar gengis krónunnar, jókst mjög í kjölfar banka- og gjaldeyriskreppunnar. Í lok árs var verðbólga rúmlega 18%.

Aðlögun hafin fyrir hrun bankanna

Samdráttarskeið var að líkindum hafið þegar fyrir hrun bankakerfisins. Á fjórða ársfjórðungi ársins 2008 dróst landsframleiðsla saman um 1,5%. Vöxtur einkaneyslu var enn mikill í upphafi árs en snerist í samdrátt á öðrum fjórðungi ársins og nam fjórðungi á síðasta fjórðungi ársins. Gengislækkun krónunnar, minnkandi kaupmáttur, takmarkað aðgengi að lánsfé, vaxandi greiðslubyrði og lækun eignaverðs lögðust þar á sömu sveif. Samdráttur almennrar atvinnuvegafjárfestingar og íbúðafjárfestingar færðist einnig í aukana. Banka- og gjaldeyriskreppan í haustbyrjun skerpti áhrif allra þessara þátta á þjóðarþúskapinn.

Framlag utanríkisviðskipta temprar samdrátt landsframleiðslu

Samdráttur innflutnings og sterkur útflutningur tempraði hins vegar samdrátt landsframleiðslu. Útflutningur jókst hratt með aukinni framleiðslugetu Fjarðaráls, eða um fimmtung milli ára. Samdráttur innflutnings ágerðist er á leið árið, eftir því sem samdráttur innlendrar eftirspurnar varð meiri. Halli á vöruviðskiptum snerist í afgang á síðasta þriðjungi ársins. Viðskiptahalli jókst þó milli ára þar sem halli á þáttatekjum jókst mikið vegna neikvæðrar ávöxtunar erlends hlutfjár í eigu innlendra aðila og taps á hlutfé.

Snörp umskipti á vinnumarkaði

Viðbrögð fyrirtækja við kreppunni voru snörp, en merki um umskipti á vinnumarkaði voru þó komin fram fyrir hrun bankakerfisins. Atvinnuleysi, sem hafði verið um eitt prósent frá því í árslok 2006, jókst hratt undir lok ársins og var komið í 4,8% í desember. Vaxandi slaki á vinnumarkaði birtist einnig í því að launavísitala lækkaði í fyrsta sinn frá því að mælingar hófust. Vaxandi verðbólga leiddi á sama tíma til þess að kaupmáttur dróst verulega saman eftir því sem leið á árið og var á síðasta fjórðungi ársins 7,5% minni en fyrir ári. Verður að leita aftur til ársins 1990 til að finna jafn mikinn samdrátt kaupmáttar.

Gengislækkun drifkraftur verðbólgu

Verðbólga jókst jafnt og þétt á árinu 2008 og var sem fyrr segir rúmlega 18% í desember. Að meðaltali var verðbólga 12,4% og hafði ekki verið jafn mikil frá því í upphafi tíunda áratugarins. Verðbólguna má einkum rekja til gengislækkunar krónunnar. Lækkun hrávöruverðs á heimsmarkaði og lækkandi markaðsverð á húsnæði vó hins vegar nokkuð á móti á seinni hluta ársins.

Raunstýrivextir nálægt núlli í lok árs

Meginhlutverk peningastefnunnar framan af ári var að sjá til þess að aðlögun þjóðarbúskaparins að jafnvægi ætti sér stað án þess að skapa viðvarandi verðbólguvanda. Til að hamlar gegn gengislækkun krónunnar og koma böndum á verðbólgu og verðbólguvæntingar voru stýrivextir hækkaðir um 1,25 prósentur í mars, og aftur um hálfu prósentu í apríl í 15,5%. Í kjölfar gjaldeyriskreppunnar lækkaði bankastjórn Seðlabankans hins vegar stýrivexti í 12%, en hækkaði þá fljótlega aftur í 18% í tengslum við efnahagsstefnu stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Þrátt fyrir háa nafnvexti voru raunstýrivextir þó nálægt núlli í lok ársins miðað við liðna verðbólgu og lágir miðað við verðbólguvæntingar almennings og forráðamanna fyrirtækja.

Markmið peningastefnunnar að styrkja gengi krónunnar og draga úr gengissveiflum

Í kjölfar hruns bankakerfisins varð meginviðfangsefni peningastefnunnar að stuðla að stöðugleika í gengismálum og styrkingu krónunnar, enda er stöðugt gengi forsenda þess að verðbólga hjaðni hratt. Til þess að vinna að þessu markmiði hefur Seðlabankinn beitt hóflegum inn-gripum á gjaldeyrismarkaði og takmarkað mjög aðgengi bankakerfisins að veðlánnum bankans. Tímabundin höft á fjármagnshreyfingar gegna sama markmiði. Vegna þess að áformað er að afnema höftin á næstu tveimur árum verður vaxtastefnan að taka mið af því að eigendur skuldabréfa og innstæðna í íslenskum krónum hafi nægan hvata til þess að eiga þær eignir áfram þegar höftin hverfa.


Seðlabankinn veitir fjármálfyrirtækjum lausafjárfrigreiðslu og um þau viðskipti giltu í lok ársins 2008 reglur nr. 808 frá 22. ágúst 2008. Fjármálfyrirtæki hafa möguleika á að fá að láni gegn tryggingum sem Seðlabankinn metur hæfar annars vegar lán yfir nótt og hins vegar lán til 7 daga (veðlán), sem eru veitt á miðvikudögum. Á árinu 2008 var stígandi í þessum lántökum og Seðlabankinn varð aðaluppspretta lausafjár fyrir fjármálfyrirtæki. Helstu ástæður fyrir því voru minni viðskipti á millibankamarkaði, lítið traust á milli markaðsaðila og útgáfa innstæðubréfa Seðlabankans, fyrst í mars en hún var að fjárhæð 75 ma.kr. Í lok árs 2007 var staða í veðlánnum 302 ma.kr. og hafði þá aldrei verið hærrí. Hámarki náðu veðlán rétt fyrir hrun bankakerfisins 1. október 2008 þegar Seðlabankinn lánaði fjármálfyrirtækjum 520 ma.kr.

Við fall bankakerfisins voru tæplega 42% trygginga fyrir veðlánnum Seðlabankans skuldabréf með ríkisábyrgð eða varin með eignasafni. Um 58% undirliggjandi veða voru skuldabréf gefin út af Glitni, Kaupþingi og Landsbanka. Eftir hrun bankakerfisins

Mynd II-7

Undirlíðir verðbólgu

Áhrif á þróun vísitölu neysluverðs 2004-2008




- Innlendrar vörur án búvöru og grænmetis
- Innfluttar vörur án áfengis og tóbaks
- Húsnæði
- Opinber þjónusta
- Almenn þjónusta
- Vísitala neysluverðs

Heimild: Hagstofa Íslands.

Mynd II-8

Raunstýrivextir

Vikulegar tölur 7. janúar 1998 - 30. desember 2008



Raunstýrivextir m.v.:

- verðbólgu
- verðbólguálag ríkisskuldabréfa¹
- verðbólguálag ríkisskuldabréfa²
- ▲ verðbólguvæntingar almennings
- ▲ verðbólguvæntingar fyrirtækja

1. Verðbólguálag reiknað út frá ávöxtunarkröfu RIKB 13 0517 og RIKS 15 1001. 2. Verðbólguálag reiknað út frá ávöxtunarkröfu RIKB 13 0517 og HFF 150914.

Heimildir: Capacent Gallup, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Rammagrein II-1

Þróun veðlána

lækkuðu útistandandi veðlán vegna falls stóru viðskiptabankanna. Um áramótin tók ríkissjóður yfir kröfur Seðlabankans á þau fjármálafyrirtæki sem höfðu notað óvarin bréf bankanna til að afla lausafjár í Seðlabankanum. Í árslok 2008 voru útistandandi veðlán Seðlabankans 292 ma.kr.

Tafla II-1. Samsetning útistandandi veðlána Seðlabanka Íslands

Staða 1. október 2008	M.kr.
Óvarin skuldabréf*	303.365
Sértryggð skuldabréf	140.960
Ríkisbréf og íbúðabréf	54.981
Eignavarin skuldabréf	13.577
Innstæðubréf Seðlabanka	7.524
Samtals	520.407

* Óvarin skuldabréf eru skuldabréf gefin út af gamla Glitni, - Landsbanka og - Kaupþingi. Bréfin eru ekki varin með sérstöku eignasafni.

Hinn 6. október 2008 skulduðu fjármálafyrirtæki Seðlabankanum 53 ma.kr. í daglánnum og voru 56% undirliggjandi veða óvarin skuldabréf gefin út af viðskiptabönkunum.

Rammagrein II-2

Breytingar á reglum á árinu 2008

Reglum um viðskipti fjármálafyrirtækja við Seðlabanka Íslands var breytt í janúar 2008. Við endurskoðun á reglunum voru hafðar til hliðsjónar reglur annarra seðlabanka, meðal annars Seðlabanka Evrópu og seðlabanka á Norðurlöndum. Breytingar á reglum um viðskipti fjármálafyrirtækja við Seðlabankann á árinu 2008 miðuðu að því að heimila fjármálafyrirtækjum að nota fleiri tegundir verðbréfa með undirliggjandi tryggingum, sem tryggingu í veðlánnum og daglánnum við Seðlabankann. Helstu breytingar frá reglum sem tekið höfðu gildi um mitt ár 2007, voru að:

- Heimilað var að setja sem tryggingu skuldabréf gefin út í erlendri mynt: Bandaríkjadöllum, sterlingspundum eða evrum. Skuldabréf í erlendri mynt máttu ekki fara yfir 50% af verðmati trygginga.
- Setja mátti til tryggingar sértryggð skuldabréf (e. covered bonds), gefin út í íslenskum krónum sem varin voru með eignasafni fasteignaverðbréfa. Fjármálafyrirtækjum var heimilað að nota eigin sértryggð skuldabréf.

Minni háttar breytingar voru aftur gerðar á reglunum í apríl og í ágúst voru þær á ný teknar til endurskoðunar. Helstu breytingar (reglur nr. 808 frá 22. ágúst 2008) frá reglunum í apríl voru að:

- Heimilað var að setja eignavarin bréf (e. asset backed securities) sem tryggingu í veðlánnum og daglánnum. Ekki var tiltekið hvaða eignir þyrftu að liggja að baki og var hvert bréf tekið til skoðunar við mat á tryggingarhæfi. Bréfin máttu vera í íslenskum krónum, Bandaríkjadöllum, evrum eða pundum.
- Til sértryggðra bréfa töldust ekki eingöngu bréf varin með eignasafni fasteignaverðbréfa, heldur komu aðrar eignir til greina.
- Skuldabréf í erlendri mynt máttu að hámarki nema 70% af verðmati trygginga.
- Takmörk voru sett á hversu mikið fjármálafyrirtæki gæti lagt fram af óvörðum skuldabréfum gefnum út af innlendum fjármálafyrirtækjum. Undirliggjandi markaðsvirði eigna í óvörðum bréfum innlendra fjármálafyrirtækja gat numið allt að 50%. Uppfylla átti þetta skilyrði í þrepum, 90% í september, 80% í október og 50%-markinu átti að ná um áramótin 2008-2009.

III Fjármálakerfið

Fjármálafyrirtæki

Með vísan til þess lögbundna hlutverks að stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslukerfi í landinu og við útlönd, leggur Seðlabanki Íslands áherslu á að meta hættu á lausafjávanda fjármálafyrirtækja og uppgjörsvanda í greiðslu- og verðbréfauppgjörskerfum sem geta haft kerfislegt mikilvægi. Jafnframt beitir hann sér fyrir úrbótum og jákvæðri þróun fjármálakerfisins. Bankinn hefur hliðsjón af alþjóðlegum samningum og öðrum viðmiðunum sem lúta að bestu framkvæmd svo og vinnu erlendra seðlabanka. Seðlabankinn á náið samstarf við Fjármálaeftirlitið um viðfangsefni sem varða stöðugleika fjármálakerfisins á grundvelli samstarfssamnings sem stofnanirnar gera með sér.¹ Vegna þess að starfsemi einstakra norrænna banka teygir sig í vaxandi mæli yfir landamæri hafa norrænu seðlabankarnir gert með sér samkomulag um viðbrögð við fjármálaáföllum.

Almennt má segja að í hugtakinu fjármálastöðugleiki felist stöðugleiki mikilvægustu fjármálafyrirtækja og -markaða. Tvennt þarf til að svo sé, annars vegar að mikilvægustu fjármálafyrirtækin séu traust í þeim skilningi að yfirgnæfandi líkur séu á að þau geti staðið við skuldbindingar sínar án truflana eða utanaðkomandi aðstoðar, og hins vegar að mikilvægustu markaðir séu traustir þannig að markaðsaðilar geti átt viðskipti snurðulaust og á verði sem endurspeglar grundvallarmarkaðskrafta og breytist ekki verulega til skamms tíma án tilverknaðar þeirra.

Alþjóðleg fjármálakreppa

Upphaf hinnar alþjóðlegu fjármálakreppu sem nú geisar markast af endalokum bandarísku húsnæðisbólunnar sumarið 2007. Þegar bólan sprakk komu í ljós veikleikar svokallaðra undirmáslána og ýmis óráðsía þeim tengd. Vanskil undirmáslána höfðu aukist jafnt og þétt og sumarið 2007 ákváðu helstu matsfyrirtæki að lækka mat á fjármálaafurðum sem innihéldu undirmáslán. Upp úr því urðu ýmsir bankar beggja vegna Atlantsála fyrir tapi. Vandamál fjármálakerfisins var hins vegar ekki takmarkað við of miklar lánveitingar til aðila með takmarkaða greiðslugetu. Gnægð lausafjár, sögulega lágir vextir og mikið fjármagnsstreymi til Bandaríkjanna og annarra landa höfðu leitt til sívaxandi áhættusækni, aukinnar skuldsetningar og þróunar flókinna og ógagnsærra fjármálavafninga.

Þegar leið á árið 2008 jókst fjármálaóróleikinn enn frekar. Fasteignaverð lækkaði áfram og dró úr hagvexti í Bandaríkjunum og víðar. Þessar aðstæður juku á óvissu um getu fjármálafyrirtækja til þess að standa af sér erfitt efnahagsástand. Fjárfestar og lánardrottinnar misstu trú á ákveðnum fjármálafyrirtækjum og erfiðara varð fyrir þau að fjármagna sig. Ríkisstyrktu íbúðalánafyrirtækin Fannie Mae og Freddie Mac, fjárfestingarbankarnir Bear Stearns og Lehman Brothers

1. Samningurinn er birtur á heimasíðu Seðlabankans.

og stærsta tryggingafyrirtæki Bandaríkjanna, American International Group (AIG) voru meðal þeirra fjármálafyrirtækja sem verst urðu úti. Fjármálakreppan einskorðaðist ekki við bandarískar fjármálastofnanir. Bankar og fjármálafyrirtæki víðast hvar í Evrópu hafa einnig átt á brattann að sækja. Sem dæmi yfirtók breska ríkið Northern Rock og hafði milligöngu um neyðaryfirtöku Lloyds TSB á HBOS, auk þess sem Bradford & Bingley, einn stærsti húsnæðislánveitandi landsins, var þjóðnýttur þegar markaðsaðstæður urðu félaginu of erfiðar. Í Þýskalandi fékk Hypo Real Estate, næststærsti lánveitandi landsins, lán frá stjórnvöldum til að bjarga félaginu frá gjaldþroti. Í Belgíu var stærsta bankanum, Fortis, forðað frá falli með því að ríkið keypti 49% hlut í belgíska hluta bankans, ríkisstjórn Hollands keypti svipaðan eignarhlut í hollenska hluta bankans og yfirvöld í Luxemborg útveguðu Fortis í Luxemborg lán. Ýmis önnur fjármálafyrirtæki víðs vegar í Evrópu áttu í vandræðum, þ.m.t. í Danmörku, Frakklandi og á Írlandi.

Greining Seðlabankans á fjármálastöðugleika

Í byrjun maí 2008 gaf Seðlabankinn út ársrit sitt *Fjármálastöðugleika*. Í því birtist ítarleg greining á stöðu fjármálakerfisins og horfum. Bent var á veikleika og jafnframt á þætti sem voru til þess fallnir að treysta fjármálakerfið. Yfirskrift greiningar Seðlabankans var: „Ríkjandi aðstæður reyna á viðnámsþrótt bankanna.“ Fjármálakerfið var talið í meginatriðum traust en bent á að þörf væri á viðbúnaði. Helstu áhættuþættirnir væru viðkvæmur gjaldeyrismarkaður og tregt aðgengi að fjármagni sem fæli í sér skammtímaáhættu. Til lengri tíma litið fælist áhættan fremur í áhrifum hærra fjármagnskostnaðar og hættu á rýrnun eignagæða. Sagt var um bankana að eiginfjárlutföll þeirra væru viðunandi, afkoma úr fjölbreyttum rekstri góð og eignir dreifðar. Lausafjárstaða þeirra var sögð hafa verið viðunandi, en á hana myndi reyna á árinu 2008. Sú varð raunin svo að viðnámsþróttur bankanna brast.

Í skýrslunni var ítarleg greining á útlánagæðum bankanna. Þótt niðurstaðan væri sú að bankarnir væru á þeim tíma ágætlega í stakk búnir til þess að takast á við vaxandi vanskil og útlánatöp var sérstaklega vakin athygli á að á liðnu ári hækkaði hlutfall stórra áhættuskuldbindinga af eigin fé bankanna sem og hlutföll eignarhaldsfélaga í útlánum. Ástæða væri til að gefa þeirri þróun gaum. Þessu hafði Seðlabankinn raunar vakið athygli á áður í ritum sínum. Brýnasta verkefni bankanna í bráð væri að minnka lánsfjárbörf og tryggja aðgang að erlendu lánsfé. Þá skipti traust fjárfesta og innstæðueigenda mjög miklu. Ólíklegt væri að skilyrði á alþjóðlegum mörkuðum bötnuðu verulega innan tíðar og þegar úr rættist myndu fjárfestar sýna meira aðhald og varfærni en áður. Til viðbótar þessu mátti sjá í skýrslunni gríðarlega endurfjármögnunarbörf bankanna á allra næstu árum.

Kaflaskil í fjármálastarfsemi hérlendis

Eins og áður er rakið varð bandaríski fjárfestingarbankinn Lehman Brothers gjaldþrota um miðjan september 2008. Þarlend stjórnvöld töldu sig ekki geta bjargað bankanum og hafði það mikil áhrif á fjármálastöðugleika víðs vegar um heim. Sá órói sem verið hafði á alþjóðlegum fjármálamörkuðum frá því sumarið 2007 magnaðist og vantraust milli fjármálafyrirtækja varð algert. Í kjölfarið þornuðu

lausafjárupsprettur nær upp og hafði það ófyrirséðar afleiðingar fyrir íslensku viðskiptabankana. Lausafjárskortur Glitnis haustið 2008 hafði keðjuverkandi áhrif og í byrjun október 2008 fóru þrír stærstu viðskiptabankarnir í þrot (sjá nánar í annál í viðauka aftar í þessari skýrslu). Á grundvelli nýsettra neyðarlaga (nr. 125/2008) tók Fjármálaeftirlitið yfir rekstur bankanna og skipaði skilaneindir sem tóku við öllum heimildum fyrri stjórnna þeirra. Í framhaldinu voru stofnaðir nýir bankar utan um innlendar eignir og skuldir og héldu þeir áfram innlendri starfsemi.² Í árslok voru gömlu viðskiptabankarnir í greiðslustöðvun. Þar sem starfsemi nýju bankanna nær einungis til innlestrar starfsemi minnkun uð eignir þeirra mikið frá því sem var fyrir þrot gömlu bankanna. Þannig námu heildareignir nýju bankanna samtals um 2.886 ma.kr. um miðjan nóvember 2008 sem var um 74% lækkun sé tekið mið af eignum móðurfélaga gömlu bankanna í ágúst 2008.³

Greiðslu- og uppgjörskerfi

Greiðslumiðlun og greiðslukerfi eru hluti af innviðum hagkerfisins þar sem fjármagni er miðlað frá greiðanda til móttakanda. Íslensk greiðslumiðlun varðar alla einstaklinga, atvinnugreinar og opinbera aðila og getur átt við á milli landa og myntsvæða. Greiðslumiðlun fer fram með hjálp miðlægra greiðslukerfa og fyrir tilstuðlan fjármálafyrirtækja sem aðild eiga að kerfunum. Á Íslandi eru þrjú mikilvægustu kerfin flokkuð sem kerfislega þýðingarmikil fyrir íslenskt hagkerfi. Þetta eru stórgreiðslukerfi Seðlabanka Íslands, jöfnunarkerfi Fjölgreiðslumiðlunar hf. og verðbréfauppgjörskerfi Verðbréfasráningar Íslands. Kerfisleg yfirsýn og eftirlit er hjá Seðlabanka Íslands sem gerir kröfur um öryggi, skilvirkni og að greiðslu- og uppgjörskerfi uppfylli bæði innlendar og alþjóðlegar reglur. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með því að einstakir þátttakendur í greiðslukerfum, bankar og sparisjóðir uppfylli sett skilyrði. Reiknistofa bankanna sinnir hugbúnaðarþjónustu og sér um hýsingu. Ennfremur hefur Seðlabankinn milligöngu um endanlegt greiðsluuppgjör á milli fjármálastofnana, annast rekstur stórgreiðslukerfisins og hefur yfirsýn með starfsemi allra framangreindra kerfa.

Seðlabankinn gerir kröfur um að íslensk greiðslu- og uppgjörskerfi standist samanburð við kerfi annarra landa, að greiðslukerfin uppfylli kjarnareglurnar 10 frá BIS um kerfislega mikilvæg greiðslukerfi og að verðbréfauppgjörskerfi uppfylli tilmæli CPSS/IOSCO. Auk þess er lögð áhersla á að íslensk greiðslumiðlun og greiðslukerfi uppfylli tilskipanir Evrópusambandsins á sviði greiðslumiðlunar auk ákvæða íslenskra laga og reglna. Seðlabankinn leitast við að fylgjast með því sem er að gerast á þessu sviði bæði innanlands og erlendis.

Stórgreiðslukerfi Seðlabanka Íslands


Stórgreiðslukerfið gerir upp öll greiðslufyrirmæli 10 m.kr. eða hærri (á millibankamarkaði). Stórgreiðslukerfið er starfrækt frá kl. 9 til 17 á bankadögum. Auk hefðbundinna greiðslufyrirmæla 10 m.kr. eða hærri fer endanlegt uppgjör jöfnunar- og verðbréfauppgjörskerfa fram í gegnum stórgreiðslukerfið.

2. Nýju bankarnir eru Nýi Glitnir hf., Nýi Kaupþing banki hf. og NBI hf.

3. Heildareignir nýju bankanna skv. bráðabirgðatölum frá FME um stofnefnahagsreikninga þeirra frá 14. nóvember 2008.

Mynd III-1

Velta í stórgreiðslukerfi Seðlabanka Íslands



Heimild: Seðlabanki Íslands.

Meðfylgjandi mynd sýnir mánaðarlega veltu í stórgreiðslukerfinu frá 2002 til loka árs 2008. Mánaðarleg heildarvelta (hér birt sem bæði inn- og útborganir) nam 12.987 ma.kr. í desember 2007 en fór niður í 4.444 ma.kr. í desember 2008. Veltan dróst þannig saman um 65% þessa tvo mánuði. Dagleg meðalvelta, reiknuð með sama hætti, fór úr 764 ma.kr. í desember 2007 í tæpa 222 ma.kr. í desember 2008. Meðalvelta árið 2008 (inn- og útborganir) nam tæpum 13.748 ma.kr. á mánuði og um 663 ma.kr. á dag sem er vöxtur frá fyrra ári þegar veltan nam 10.475 ma.kr. að meðaltali á mánuði.

Þátttökufjöldi í stórgreiðslukerfinu hafði verið óbreyttur árum saman þar til árið 2008 að fjórar íslenskar fjármálastofnanir sóttu um og fengu aðild að kerfinu. Þátttakendur í stórgreiðslukerfinu urðu við þetta tíu að Seðlabanka meðtöldum, en þeir voru í lok árs 2008: Nýi Glitnir, NBI, Nýi Kaupþing banki, Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis, Sparisjóðabankinn, BYR-sparisjóður, Saga Capital, Straumur-Burðarás og MP Banki. Breytingar á þátttakendum í íslenskri greiðslumiðlun urðu allnokkrar á árinu en Nýi Glitnir, NBI og Nýi Kaupþing banki tóku við skyldum forvera sinna er varðar greiðslumiðlun í landinu og nýju þátttakendurnir voru BYR, Saga Capital, Straumur-Burðarás og MP Banki.

Gjaldskrá stórgreiðslukerfisins var endurskoðuð í desember 2008. Ekki voru gerðar breytingar á henni fyrir árið 2009 og verður hún því óbreytt frá fyrra ári.

Þátttakendur fá heimildir til yfirdráttar innan dags á stórgreiðslu-reikningum sínum. Þeir verða hins vegar að leggja fram fullar tryggingar fyrir heimildum sínum og í lok árs 2008 námu þessar tryggingar alls 19,3 ma.kr. Seðlabanki Íslands birtir yfirlit yfir tækar tryggingar og gerir grein fyrir verðmætamati þeirra. Í kjölfar bankahrunsins haustið 2008 féll verðmæti trygginga í greiðslukerfum. Til að fá svigrúm til að bregðast við vandanum gaf Seðlabanki Íslands út breytingu á 16. gr. reglna nr. 312/2007 um hæf verðbréf til tryggingar fyrir heimildum í stórgreiðslukerfi. Reglugerðarbreytingin gaf bankastjórn svigrúm til að bregðast við bráðum vanda með heimild til að samþykkja aðrar tryggingar í stórgreiðslukerfi en þær sem tilgreindar höfðu verið og halda þar með greiðslumiðlun gangandi.

Í árslok 2008 var unnið að endurskoðun gildandi reglna bankans fyrir stórgreiðslukerfið og verða þær aðgengilegar á heimasíðu bankans (www.seðlabanki.is).

Jöfnunarkerfi Fjölgreiðslumiðlunar (FGM)

Jöfnunarkerfið er í eigu og umsjón Fjölgreiðslumiðlunar hf. Kerfið er hýst og því er viðhaldið af Reiknistofu bankanna enda er stórgreiðslukerfið og jöfnunarkerfið að stofni til sama tölvukerfið. Seðlabankinn hefur tekið virkan þátt í þróun og eftirliti með jöfnunarkerfinu en dagleg umsjón og þjónusta við þátttakendur hefur í síauknum mæli færst yfir til Fjölgreiðslumiðlunar.

Veltan í jöfnunarkerfi Fjölgreiðslumiðlunar nam rúmlega 2.917 ma.kr. árið 2008 samanborið við 2.776 ma.kr. árið áður. Veltan í jöfnunarkerfi jókst um 5% á milli árána 2007 og 2008 en um 11% á milli 2006 og 2007. Í október 2008 varð metvelta í kerfinu þegar mánaðarveltan náði í fyrsta skipti upp fyrir 300 ma.kr.

Pátttakendur í kerfi Fjölgreiðslumiðlunar voru í árslok 2008 eftirtaldar fjármálastofnanir: BYR-sparisjóður, Sparisjóðabankinn, MP Banki, NBI, Nýi Glitnir banki, Nýi Kaupþing banki, Seðlabanki Íslands og Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis. Nýir aðilar að jöfnunarkerfi árið 2008 voru MP Banki og BYR.

Jöfnunarkerfið byggist á jöfnunarreikningum þar sem einstakir pátttakendur mynda ýmist eigna- eða skuldastöðu hver gagnvart öðrum þar til að endanlegt uppgjör fer fram í gegnum stórgreiðslukerfi Seðlabanka Íslands. Til að tryggja hnökralaust uppgjör, jafnvel þótt einhver pátttakenda kunni að standa frammi fyrir lausafjár- eða eiginfjárvanda, eru teknar tryggingar fyrir hámarksskuldastöðu sem hver og einn pátttakandi getur myndað gagnvart öðrum pátttakendum í kerfinu. Tryggingar í jöfnunarkerfi námu alls 5,2 ma.kr. í árslok 2008.

Gjaldskrá jöfnunarkerfisins kom til endurskoðunar í maí 2008. Með breytingunni urðu færslugjöldin þrepaskipt á bilinu 2,50 kr. til 2,80 kr., miðað við umfang viðskipta. Meðalfærslugjald reyndist verða 2,70 kr. við breytinguna en hafði verið fast 2,65 kr. Nánari upplýsingar um jöfnunarkerfið og gjaldskrá þess er að finna á heimasíðu Fjölgreiðslumiðlunar (www.fgm.is).

Uppgjör á jöfnuðum stöðum milli pátttakenda fer fram í stórgreiðslukerfi kl. 08.30 og 17.00 á bankadögum.

Um starfsemi jöfnunarkerfisins gilda reglur Seðlabanka Íslands nr. 313/2007. Reglurnar voru í endurskoðun í lok árs 2008 og verða aðgengilegar á heimasíðu Seðlabanka Íslands (www.sedlabanki.is).

Verðbréfauppgjörskerfið


Íslenska verðbréfauppgjörskerfið er rekið á grundvelli samkomulags um samskipti Seðlabanka Íslands, Verðbréfaskráningar og OMX Nordic. Kerfið nær til allra stofnanapátta uppgjörserlisins, þ.e. staðfestingar viðskipta, ákvörðunar réttinda og skyldna, uppgjör og vistunar.

Uppgjör hlutabréfa fer fram á T+3, þ.e. uppgjör og afhending hlutabréfa fer fram þremur sólarhringum eftir að viðskipti eiga sér stað. Uppgjör skuldabréfaviðskipta fer fram á forminu T+1, þ.e. þau eru gerð upp að morgni næsta bankadags. Endanlegt uppgjör ofangreindra viðskipta fer fram í stórgreiðslukerfi einu sinni á dag, þ.e. kl. 8.00 á bankadögum.

Undir lok árs 2008 var unnið að endurnýjun eldra samkomulags milli Seðlabankans og Verðbréfaskráningar varðandi fyrirkomulag verðbréfauppgjörins og nýrra verklagsreglna við uppgjör. Áformað er að færa verðbréfauppgjör aftur um fjórar klukkustundir og inn í hefðbundinn starfrækslutíma stórgreiðslukerfis. Þetta er gert til að auka svigrúm fjárfesta til að verða sér úti um bréf á uppgjörstegum. Gert er ráð fyrir að nýr samningur, verklagsreglur og flutningur verðbréfauppgjörins inn í viðskiptadaginn komi til framkvæmda á fyrsta ársfjórðungi 2009.

Sífelld er leitað leiða til að auka öryggi í kerfinu. Gerðar voru breytingar til að styðja við afhendingu gegn greiðslu (e. DvP). Fyrri áfanga var lokið vorið 2008 og er gert ráð fyrir að breytingin verði að fullu komin til framkvæmda í ársbyrjun 2009, samhliða þeim breytingum sem gerðar verða á uppgjörsfyrirkomulaginu.

Mynd III-2
Meðalvelta á dag í stórgreiðslukerfi Seðlabanka Íslands 2003-2008 og uppgjörstryggingar



Heimild: Seðlabanki Íslands.

Unnið var að því að útvíkka kerfið og gera því kleift að styðja við uppgjör í erlendum gjaldmiðli, evru. Áformað var að Seðlabanki Finnlands fullnustaði uppgjörið og voru áformuð verklok haustið 2008 en verkefninu var frestað. Sömuleiðis var úttekt á verðbréfauppgjörskerfi frestað haustið 2008 vegna fjármálaáfalls.

Heildarvelta í verðbréfauppgjörskerfi jókst um 95% frá árinu 2007 til 2008, en aukningin á milli ára 2006 og 2007 var einnig umtalsverð og nam 82%. Heildarveltan árið 2008 var 4.501 ma.kr. sem jafngildir 375 ma.kr. að meðaltali á mánuði. Mest var veltan á fyrri helmingi ársins en veltan dróst umtalsvert saman síðustu 3 mánuði ársins. Veltan nam 253 ma.kr. í október, 74,6 ma.kr. í nóvember og 144 ma.kr. í desember síðastliðnum. Hins vegar fækkaði færslum um 14% frá árinu 2007. Fjöldi færslna í verðbréfauppgjörskerfi nam rúmlega 108 þúsundum árið 2008, 125 þúsundum árið 2007 og 122 þúsundum árið 2006. Til viðbótar ofangreindum tölum koma utankauphallarviðskipti sem ekki fóru í gegnum kerfi verðbréfaskráningar.

Greiðslumiðlar

Reiðufé í umferð

Seðlar og mynt í umferð utan Seðlabankans námu um 24,4 ma.kr. í árslok 2008, en voru um 15,7 ma.kr. í árslok 2007. Þessi aukning er umtalsverð, 55,4%, og hana má að miklu leyti rekja til fjármálaáfallsins sem varð haustið 2008. Í kjölfar þess jókst eftirspurn eftir seðlum og mynt til muna og náði hámarki í október síðastliðnum þegar seðlar og mynt í umferð voru að meðaltali tæpir 29 ma.kr.

Velta greiðslukorta og tékka

Samdráttur varð í veltu tékka og debetkorta árið 2008 frá árinu 2007, en 10% aukning í kreditkortaveltu. Velta kreditkorta árið 2008 nam tæpum 311 ma.kr. en var 282 ma.kr. árið áður. Velta debetkorta dróst saman um 5,4% á milli ára. Debetkortavelta nam 410 ma.kr. árið 2008 og 433 ma.kr. árið 2007. Töluverð aukning varð hins vegar í debetkortanotkun í október síðastliðnum, eða um 9,4 ma.kr. milli mánaða. Aukin debetkortavelta skýrist aðallega af aukinni veltu hjá gjaldkerum í bönkum þar sem hærra upphæðir virðast hafa verið teknar út í hverri færslu þennan mánuð en í meðalmánuði. Gera má ráð fyrir að samdráttur í debetkortaveltu hefði orðið enn meiri eða um tæp 8% á árinu hefði ekki komið til aukin velta debetkorta í bönkum í október.

Velta með tékka hefur dregist jafnt og þétt saman. Hún dróst saman um 22,3% á milli árana 2007 og 2008 og nam 162 ma.kr. árið 2007 en 126 ma.kr. árið 2008.

Fjöldi virkra korta í landinu í desember 2008 var um 251 þúsund debetkort og 237 þúsund kreditkort. Þetta er örtilit fækkun korta frá því í desember árið áður.

Brugðist við fjármálaáfalli

Greiðslukerfin og innlend greiðslumiðlun stóðust það álag sem varð vegna fjármálaáfalls sem hófst við fall bankanna í byrjun október 2008. Undanfarin ár hefur Seðlabanki Íslands í samstarfi við eigendur og rekstraraðila greiðslukerfa, þ.e. Fjölgreiðslumiðlun, Verð-

bréfaskráningu og Reiknistofu bankanna, unnið að því að treysta innviði greiðslumiðlunar og greiðslukerfa. Tryggingar, lásar og önnur öryggisatriði sem byggð voru í kerfin á síðustu árum stuðluðu að því að kerfin héldu fullri starfsemi þrátt fyrir mikið álag. Með þessu móti var dregið úr gagnaðila- og uppgjörsáhættu í kerfinu til að tryggja starfshæfni kerfisins þrátt fyrir alvarlega bresti. Þetta reyndist duga vel og sömuleiðis þær bráðabirgðalausnir og úrræði sem grípa þurfti til í kjölfar bankahrunsins.

Þó að innlend greiðslumiðlun hafi gengið vel miðað við aðstæður verður ekki það sama sagt um erlendu greiðslumiðlunina. Segja má að hún hafi að hluta til lamast þegar viðskiptabankarnir þrír stóðu frammi fyrir þroti. Eftir stóð einungis erlend greiðslumiðlun Seðlabankans sjálfs og sú greiðslumiðlun sem Sparisjóðabankinn (Icebank) annaðist fyrir eigin reikning og fyrir sparisjóðakerfið. Seðlabankinn tók þegar í stað yfir greiðslumiðlun fyrir nýju viðskiptabankana, en tíma tók að greiða úr fjölmörgum atriðum sem upp komu.

Við hrun bankanna í byrjun október lokuðust erlendir bankareikningar þeirra og þar með möguleikar þeirra til að miðla greiðslum til og frá Íslandi. Á sama tíma skapaðist mikil óvissa og vantraust gagnvart Íslandi sem varð til þess að erlendir bankar tregðuðust við að senda greiðslur til Íslands vegna ótta um að þær yrðu frystar á leiðinni. Tilskipun breskra yfirvalda um kyrrsetningu eigna Landsbankans samkvæmt heimildum þarlendra laga er ná m.a. til hryðjuverka gerði það að verkum að ástandið varð mun alvarlegra en ella hefði orðið. Samkvæmt tilskipuninni voru eignir Landsbanka Íslands í Bretlandi frystar. Ríkisstjórn Íslands og önnur stjórnvöld, þ.m.t. Seðlabanki Íslands og Fjármálaeftirlitið, voru meðal aðila sem nefndir voru í tilskipuninni. Þrátt fyrir að bresk stjórnvöld hafi síðar tekið það fram að eignir annarra íslenskra aðila en Landsbankans væru ekki frystar samkvæmt tilskipuninni varð beinn og óbeinn skaði af þessum aðgerðum breskra stjórnvalda gríðarlegur. Áhrifin komu ekki einungis fram hjá breskum bönkum og gagnvart greiðslumiðlun í pundum. Fjöldi evrópska banka utan Bretlands neitaði að uppfylla og framkvæma réttmæt greiðslufyrirmæli óháð gjaldmiðli eða uppruna greiðslu. Fjöldi íslenskra fyrirtækja og einstaklinga var að ósekju gerður að vanskilaaðilum með tilheyrandi kostnaði og ímyndarskaða.

IV Ýmsir þættir í starfsemi Seðlabanka Íslands

Varsla og ávöxtun gjaldeyrisforða

Í lögum um Seðlabanka Íslands segir að hlutverk hans sé m.a. að varðveita gjaldeyrisforða. Bankastjórn setur starfsreglur um varðveislu gjaldeyrisforðans sem bankaráð staðfestir. Til gjaldeyrisforðans teljast eignir Seðlabankans í erlendum verðbréfum, innstæður í erlendum bönkum, innstæður í peningamarkaðssjóðum, gull, sérstök dráttarréttindi og gjaldeyrisstaða við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Með sérstökum dráttarréttindum er átt við eign Seðlabankans hjá Alþjóðagjaldeyrisjóðnum í reikningseiningunni SDR.

Starfsreglur bankastjórnar setja fjárfestingarstefnu ramma. Heimilt er að festa fé á reikningum í erlendum bönkum, í peningamarkaðssjóðum og í skuldabréfum skráðum í kauphöllum og gefnum út af aðilum í aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD. Útgefendur geta verið ríki og sveitarfélög, ríkisstofnanir, fjölþjóðastofnanir og fjármálastofnanir. Lánshæfiseinkunn langtímabréfa skal vera að lágmarki A+ (Moody's) eða A1 (S&P og Fitch). Skammtímabréf skulu hafa að lágmarki lánshæfiseinkunnina A-1/P-1/F-1 að mati sömu aðila. Sömu lánshæfiskröfur gilda um stofnanir sem ávaxta innstæður bankans. Samkvæmt starfsreglum bankastjórnar er þorri forðans bundinn í skuldabréfum með lengri líftíma en eitt ár en hluti hans skal vera á óbundnum bankareikningum. Meðalbínditími verðbréfa í gjaldeyrisforða skal ekki vera lengri en 5 ár. Gulleign bankans nam rúmlega 63,8 þúsund únsum í lok ársins 2008. Gullið er varðveitt í Englandsbanka og heimilt er að leigja það út gegn tekjum í gulli eða Bandaríkjadöllum.

Seðlabanki Íslands hefur gert samninga um fyrirvaralausan aðgang að lánum við erlenda banka. Bankinn getur notað þessa samninga til að styrkja gjaldeyrisforðann þegar þörf krefur. Í árslok 2008 námu samningsbundnar lánsheimildir bankans hjá Alþjóðagreiðslubankanum (e. BIS) 100 milljónum Bandaríkjadala eða um 12,1 milljarði króna og höfðu hækkað um 25 milljónir Bandaríkjadala á árinu. Bankinn hafði einnig aðgang að gjaldmiðlaskiptasamningum sem gerðir voru í maí við seðlabanka Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar að andvirði 500 milljónir evra hver gegn íslenskum krónum. Auk þess hefur Seðlabankinn aðgang að endurhverfum verðbréfasamningum við erlenda aðila þar sem erlend verðbréf eru lögð að veði gegn lausu fé.

Gjaldeyrisforði bankans jókst um 266,6 ma.kr. á árinu 2008 og nam 429,4 ma.kr. í lok ársins. Aukningu forðans má rekja til mikillar gengislækkunar krónunnar ásamt aukinni lántöku Seðlabanka til stuðnings gjaldeyrisforðanum. Hluti forðans var notaður á seinni hluta ársins í gjaldeyrisuppböð Seðlabankans og önnur gjaldeyrisviðskipti sem nauðsynleg voru landsmönnum þegar bankarnir þrír sem mynduðu gjaldeyrismarkað fóru í greiðslustöðvun. Mest allt gjaldeyrisflæði Íslendinga fór þá í gegnum erlenda reikninga Seðlabanka Íslands. Einnig var erlent lán ríkissjóðs að fjárhæð 150 milljónir evra greitt upp á árinu. Samtals námu gjaldeyrisforði, samningsbundnir lánamöguleikar og aðgangur að skiptasamningum um 606,9 milljörðum króna í árslok.

Tafla IV-1. Ávöxtun verðbréfa, skuldabréfasafna og bundinna innlána, og binditími í árum

	2004	2005	2006	2007	2008
<i>Bandaríkjadalir (USD)</i>					
Vaxtatekjur (%)	3,74	3,84	4,06	4,34	3,17
Verðhagnaður/-tap (%)	-1,99	-2,35	0,01	2,74	4,21
Ávöxtun verðbréfa (%)	1,75	1,49	4,07	7,08	7,38
Meðalbinditími í árslok (ár)	2,64	2,33	2,09	2,40	2,12
Áv. EFFAS 1-3 ára vísit. (%) ¹	0,91	1,66	3,95	7,34	6,70
Meðalbinditími í árslok (ár)	1,65	1,69	1,70	1,66	1,77
Áv. EFFAS 3-5 ára vísit. (%) ¹	2,12	0,86	3,50	9,83	12,21
Meðalbinditími í árslok (ár)	3,66	3,52	3,52	3,62	3,84
Áv. bundinna innlána (%)	1,37	3,16	4,93	5,09	1,97
O/N LIBID (ársmeðaltal) (%)	1,34	3,20	4,96	5,10	2,27

Evrur (EUR)²

Vaxtatekjur (%)	3,59	3,33	3,67	4,27	4,37
Verðhagnaður/-tap (%)	1,75	-0,46	-2,55	-1,84	1,59
Ávöxtun verðbréfa (%)	5,34	2,87	1,12	2,42	5,96
Meðalbinditími í árslok (ár)	3,31	2,80	3,52	2,96	2,50
Áv. EFFAS 1-3 ára vísit. (%) ¹	3,21	2,16	1,80	3,83	6,94
Meðalbinditími í árslok (ár)	1,61	1,73	1,81	1,70	1,78
Áv. EFFAS 3-5 ára vísit. (%) ¹	5,62	2,91	0,62	3,37	8,76
Meðalbinditími í árslok (ár)	3,47	3,50	3,56	3,56	3,61
Áv. bundinna innlána (%)	2,02	2,08	2,82	3,86	4,08
O/N LIBID (ársmeðaltal) (%)	2,05	2,09	2,83	3,87	3,87

Pund (GBP)

Vaxtatekjur (%)	5,58	5,50	5,01	5,51	4,51
Verðhagnaður/-tap (%)	0,09	0,15	-2,86	0,68	4,41
Ávöxtun verðbréfa (%)	5,67	5,65	2,15	6,18	8,92
Meðalbinditími í árslok (ár)	3,31	2,95	2,22	2,23	2,07
Áv. EFFAS 1-3 ára vísit. (%) ¹	4,66	4,90	3,07	7,48	9,18
Meðalbinditími í árslok (ár)	2,05	1,51	1,79	1,75	1,92
Áv. EFFAS 3-5 ára vísit. (%) ¹	5,15	5,62	1,48	7,54	11,80
Meðalbinditími í árslok (ár)	3,53	3,36	3,38	3,42	3,36
Áv. bundinna innlána (%)	4,31	4,66	4,70	5,58	4,71
O/N LIBID (ársmeðaltal) (%)	4,37	4,67	4,66	5,58	4,74

1. Vísitöluávöxtun 2007 og 2008 er skv. Bloomberg/EFFAS-rikkisskuldabréfavisitölunni sem tók við af MSCI-vísitölunni.

2. Hér eru evruforði 1 og 2 veginir saman.

Um áramót var í notkun ádráttarlína hjá BIS og einnig hafði Seðlabankinn nýtt hluta af samningsbundnum skiptasamningum við seðlabanka Norðurlanda. Frá árinu 2006 hafa verið tekin þrjú langtímalán til að styrkja gjaldeyrisforðann. Árið 2006 var gefið út skuldabréf á EMTN-markaði (e. Euro Medium Term Note Programme), á grundvelli rammasamnings ríkissjóðs um útgáfu skuldabréfa á Evrópumarkaði fyrir 1 milljarð evra. Seinni hluta ársins 2008 voru tekin tvö lán, þ.e. sambankalán, að fjárhæð 300 milljónir evra og lán hjá Alþjóðagjaldvefnum að fjárhæð 560 milljónir SDR.¹

Leitast er við að haga gjaldmiðlaskiptingu þannig að gjaldeyrisáætla sé sem minnst í gjaldeyrisjöfnuði. Með gjaldeyrisjöfnuði er átt við gengisbundnar eignir Seðlabankans að frádregnum gengisbundnum skuldum. Samsetning gjaldmiðla í gjaldeyrisjöfnuði Seðlabanka

1. SDR samanstendur af 44% USD, 34% EUR, 11% GBP og 11% JPY.

Íslands er endurskoðuð reglulega og staðfest í starfsreglum banka-
stjórnar. Samkvæmt starfsreglum bankastjórnar var vægi gjaldmiðla
í gjaldeyrisjöfnuði á árinu 2008 þannig: Bandaríkjadalur 35%, evra
45%, sterlingspund 15% og japanskt jen 5%.

Ávöxtun einstakra gjaldmiðla í gjaldeyrisforða

Árið 2008 var ákaflega erfitt á fjármálamörkuðum. Hlutabréfavitölur
um heim allan féllu um tugi prósentna. Áhættufælni fjárfesta jókst til
mikilla muna og verð lækkaði á öllum fjármálaafurðum sem voru ekki
með beina ríkistryggingu stöndugustu ríkja. Húsnæðisverð beggja
vegna Atlantsála féll hratt. Ríkissjóðir og seðlabankar í Evrópu og
Bandaríkjunum veittu peningum inn á fjármálamarkaði heimsins með
það að markmiði að koma hjólum efnahagslífsins í gang. Jafnframt
lækkuðu stærstu seðlabankar heimsins stýrivexti sína hratt á árinu sam-
hliða því að minnka kröfur um veðhæfi í lánasamningum við bankakerf-
ið. Er nú svo komið að stýrivextir í Bandaríkjunum og á evrusvæðinu eru
í sögulegu lágmarki en stýrivextir í Englandi hafa ekki verið lægri síðan á
17. öld. Nokkur af þekktustu fjármálafyrirtækjum heims urðu gjaldþrota
á árinu, önnur komust í eigu ríkissjóða og enn önnur hafa þegið neyð-
arlán frá ríkjum og seðlabönkum til að koma í veg fyrir gjaldþrot.

Tafla IV-1 sýnir ávöxtun einstakra gjaldmiðla í gjaldeyrisforða und-
anfarin ár. Skuldabréfavitölur frá Morgan Stanley (Sovereign Bond
Index (MSCI)) eru hafðar til hliðsjónar við samanburð á árangri af
ávöxtun skuldabréfasafna 2004-2006. Hins vegar er Bloomberg/
EFFAS-ríkisskuldabréfavitölin notað fyrir árin 2007 og 2008 þar
sem uppfærslu á MSCI-vísitölunni hefur verið hætt og EFFAS-vísitalan
kemur í staðinn. Litið er til vísitölu eins til þriggja ára ríkisskuldabréfa
og þriggja til fimm ára ríkisskuldabréfa. Meðaltími skuldabréfasafna
Seðlabankans liggur á milli þessara vísitalna en þó nær eins til þriggja
ára vísitölunum 2008. Ávöxtun bundinna skammtímaeigna er borin
saman við millibankavexti í viðkomandi gjaldmiðli en innlán eru yfirleitt
ávöxtuð til mjög skamms tíma. Frá miðju ári 2008 lagði Seðlabankinn
sérstaka áherslu á öryggi við ávöxtun lausafjár og beindi því viðskiptum
sínun, í meira mæli en undanfarin ár, til seðlabanka í Evrópu og Banda-
ríkjunum í stað þess að notfæra sér millibankamarkaði. Aukna varfærni
við ávöxtun lausafjár Seðlabankans má rekja til mikils óróa á erlendum
fjármálamörkuðum og einnig til hruns íslenska bankakerfisins í haust.
Við hrun íslenska bankakerfisins fór þorri greiðslumiðlunar við útlönd í
gegnum Seðlabankann sem krafðist stórbættrar lausafjárstöðu hans.

Fram til ársins 2005 notaði Seðlabankinn eingöngu MSCI-skulda-
bréfavitölu til samanburðar við ávöxtun verðbréfa í gjaldeyrisforða.
Í fjárfestingarstefnu Seðlabanka Íslands sem byggð er á bankastjór-
arsamþykkt er gert ráð fyrir að í verðbréfasafni Seðlabankans séu ekki
eingöngu erlend ríkisskuldabréf heldur einnig skuldabréf sveitarfélaga,
fjölpjóðastofnana, ríkisstofnana og fjármálafyrirtækja eins og áður

Tafla IV-2. Samanburður ávöxtunar og
viðmiðunarvísitalna Lehmans

Ávöxtun verðbréfa 2008	
Bandaríkjadalur	7,38%
Viðmið Lehman Brothers/Barclays	7,62%
Mismunur	-0,241%
Evrur 1*	5,62%
Útgáfa ríkissjóðs 1.12.2006	-25,49%
Mismunur	31,111%
Evrur 2*	7,19%
Viðmið Lehman Brothers/Barclays	7,16%
Mismunur	0,031%
Pund	8,92%
Viðmið Lehman Brothers/Barclays	8,86%
Mismunur	0,063%

* Hér er evruforðanum skipt í tvennt. Evrur 1 stendur fyrir
forða sem kemur á móti skuldbindingum vegna útgáfu
1.12.2006. Evrur 2 er sá evruforði sem borinn er saman
við Lehman/Barclays-vísitöluna.

Tafla IV-3. Erlent langtímalán ríkissjóðs sem var á gjalddaga á árinu
greitt upp

Lán/skrútg. á gjalddaga	Fjárhæð (milljónir)		Útgáfu- dagur	Gjald- dagi	Greiðslu- dagur
	Mynt	ISK			
Lán	150 EUR	18.360	12.05.2003	12.05.2008	12.05.2008

Gjaldeyrisskiptasamningar og viðleitni til eflingar gjaldeyrisforða

Rammagrein IV-1

kom fram. Því eru MSCI/EFFAS-vísitölurnar vart samanburðarhæfar fyrir ávöxtun og áhættu verðbréfa í gjaldeyrisforða. Fjárfestingarbankinn Lehman Brothers var þá fenginn til að hanna vísitölur fyrir skuldabréfasjóði Seðlabanka Íslands í samræmi við bankastjórnarsamþykkt nr. 1019. Tafla IV-2 sýnir samanburð á ávöxtun skuldabréfasafnsins og vísitalna Lehman Brothers/Barclays en Barclays hefur nú tekið yfir þessa starfsemi Lehman. Ávöxtun skuldabréfasafnanna var betri en ávöxtun viðmiða í evrum og pundum en í Bandaríkjadöllum var ávöxtun viðmiðsins betri. Má skýra það af því að skuldabréfasafnið í Bandaríkjadöllum var undirvigtað í ríkisbréfum miðað við viðmiðið en ríkisbréf hækkuðu mikið í verði á árinu.

Í byrjun mars 2008 hóf Seðlabanki Íslands að leita til annarra seðlabanka um gerð gjaldeyrisskiptasamninga. Leitað var til Englandsbanka, Seðlabanka Evrópu, Alþjóðagreiðslubankans í Basel og Seðlabanka Bandaríkjanna, auk seðlabanka Svíþjóðar, Danmerkur og Noregs. Í viðræðum við þessa aðila kom fram ósk um að leitað yrði eftir áliti frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum á efnahagsmálum á Íslandi og stöðu fjármálakerfisins, og komu í því skyni sérfræðingar frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum til landsins í apríl og kynntu sér stöðu efnahags- og fjármála. Það var álit Sjóðsins að gjaldmiðlaskiptasamningar myndu hafa þau áhrif sem bankinn vænti og auðvelda honum að sækja á alþjóðlegan lánamarkað fyrir hönd ríkissjóðs. Í viðræðum við aðra seðlabanka lagði Seðlabanki Íslands jafnan áherslu á að gjaldeyrisskiptasamningar þjónuðu ekki aðeins hagsmunum Íslands heldur einnig annarra vegna mikilla alþjóðlegra tengsla íslenskrar fjármálastarfsemi.

Niðurstaða seðlabanka stóru landanna var að ganga ekki til samninga. Meðal meginröksemda þeirra var að bankakerfið á Íslandi væri allt of stórt og að skiptasamningar myndu ekki skila tilætluðum árangri. Viðræðum var fram haldið við þrjá norræna seðlabanka og leiddu þær á endanum til þeirra samninga sem tilkynntir voru um miðjan maí. Viðræður héldu áfram við forsvarsmenn Seðlabanka Bandaríkjanna. Í lok september gerði Seðlabanki Bandaríkjanna gjaldeyrisskiptasamninga við þrjá norræna seðlabanka og þann ástralska. Athygli vakti að Seðlabanki Íslands var ekki meðal þeirra landa sem bauðst að taka þátt í samningunum. Þegar tilkynnt var um samningana hafði Seðlabanki Íslands samband við bandaríska seðlabankann og leitaði eftir hliðstæðum samningi. Bandaríski seðlabankinn var þá ekki reiðubúinn að gera skiptasamning af þessu tagi við Seðlabanka Íslands að svo stöddu en útilokaði ekki að það yrði síðar. Í byrjun október leitaði Seðlabankinn á ný til Seðlabanka Bandaríkjanna og óskaði eftir gjaldeyrisskiptasamningi. Á endanum var svarið hið sama og fyrr á árinu; að fjármálakerfið á Íslandi væri of stórt í hlutfalli við þjóðarbúið til að slíkur samningur skilaði árangri.

Gjaldmiðlaskiptasamningarnir við norræna seðlabankana þrjá höfðu jákvæð áhrif á markaði. Í maí samþykkti Alþingi heimild til lántöku að fjárhæð allt að 500 milljörðum króna í því skyni að efla gjaldeyrisforða Seðlabankans. Í kjölfarið var afráðið að leita þegar á alþjóðlegan skuldabréfamarkað. Þrjú alþjóðlegir bankar voru fengnir til að hafa forystu í því máli. Efnt var til kynninga meðal fjárfesta víða um Evrópu. Vegna eindreginna ráðlegginga forystubankanna þriggja var horfið frá því að leita á markað á þeim tíma. Í júlí hóf Seðlabankinn að stækka forðann með útgáfu skammtímavíxla á Evrópumarkaði. Á haustmánuðum var gengið frá sambankaláni hjá nokkrum evrópskum bönkum.

Lánamál ríkissjóðs

Innlend

Breytingar urðu í lánaumsýslu ríkissjóðs árið 2007 þegar fjármálaráðherra og Seðlabanki Íslands gerðu samning um að bankinn tæki að sér útgáfu innlendra markaðsverðbréfa ríkissjóðs ásamt öðrum verkefnum sem Lánasýsla ríkisins annaðist áður. Breytingin tók gildi 1. október sama ár og lauk þar með starfsemi Lánasýslu ríkisins og innlend lánaumsýsla bættist við erlenda sem bankinn hafði annast um langt skeið.

Nýr samningur við fjármálaráðherra fól í sér að Seðlabankinn tók að sér umsjón og framkvæmd útboða, uppkaup og innlausn ríkisverðbréfa, gerð aðalmiðlarasamninga og umsjón með verðbréfalánum til aðalmiðlara. Einnig sinnir bankinn upplýsingagjöf um lánamál ríkissjóðs til markaðsaðila og fjármálaráðuneytis með reglubundnum hætti og viðheldur vefsíðunni www.bonds.is. Tilgangurinn með því að sameina framkvæmd innlendra og erlendra lánamála var að ná betri yfirsýn og skilvirkari lána-, gjaldeyris- og lausafjárstýringu. Einnig var markmiðið með samningnum að ná kostnaðarhagræðingu og betri nýtingu starfsliðs.

Samkvæmt samningnum tók Seðlabankinn einnig að sér verkefni er snúa að ríkisábyrgðum og endurlánnum sem Lánasýslan sinnti áður. Bankinn sér þannig um umsýslu ríkisábyrgða og metur áhættu ríkissjóðs vegna þeirra. Þá veitir hann ráðuneytinu umsagnir vegna ríkisábyrgða, sér um afgreiðslu ábyrgða og innheimtir ríkisábyrgðagjald. Einnig sér bankinn um útgáfu skuldabréfa vegna endurlána.

Í samningnum er kveðið á um verkaskiptingu og um endanlegt ákvörðunarvald fjármálaráðuneytisins í lánamálum. Markmiðið er að fyrirbyggja mögulega hagsmunaárekstra ef stefna Seðlabankans í peningamálum samrýmist ekki stefnu ríkissjóðs í lánamálum.

Erlend

Samkvæmt samningi við fjármálaráðherra annast Seðlabanki Íslands framkvæmd erlendra lánamála ríkissjóðs og önnur tiltekin verkefni í samræmi við heimild í lögum nr. 43/1990 um Lánasýslu ríkisins. Í samningnum er Seðlabankanum falin framkvæmd ákvarðana fjármálaráðherra um erlendar lántökur, vaxta- og gjaldmiðlaskipti erlendis og umsjón erlendra skammtímalána, svo og meðferð annarra erlendra lána sem ríkissjóður tekur. Í samningnum er Seðlabankanum jafnframt falin ráðgjöf við mótun lántökustefnu og lánastýringu, tengsl við erlend matsfyrirtæki og eftirlit með lánskjörum og lánaskilmálum aðila sem njóta ríkisábyrgðar og hyggjast taka lán erlendis. Bankinn hefur umsjón með bókhaldi erlendra lána ríkissjóðs og þjónustu því samfara. Seðlabankinn leitast við að treysta orðspor íslenska ríkisins á alþjóðlegum lánamörkuðum og afla ríkissjóði erlends lánsfjár á bestu fánlegu kjörum.

Lánamarkaður 2008

Í því alvarlega ástandi sem ríkti á fjármálamörkuðum heimsins árið 2008 var hver sjálfum sér næstur, þ.e.a.s. lánamarkaðir lokuðust. Þegar hvert fjármálafyrirtækið af öðru tilkynnti um lélega afkomu og jafnvel gjaldþrot hvarf traust markaðsaðila með öllu. Vantraust markaðsaðila hvers í annars garð leiddi til þess að lánalínur lokuðust hvort heldur sem um var að ræða á peningamarkaði eða skuldabréfamarkaði.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að íslenskir bankar lentu inni í miðri hringiðu hvirfilbylsins og áttu þrjú þeirra ekki afturkvæmt. Ljóst er að vegna falls íslensku bankanna mun skuldsetning Ríkissjóðs Íslands aukast mikið. Frá hruni bankanna í haust fram til áramóta jukust langtímaskuldir Seðlabankans um 155,5 milljarða króna á lokagengi ársins 2008. Enn er ekki fullljóst hve miklar skuldbindingar ríkissjóður mun þurfa að taka á sig vegna gjaldþrota bankanna.

Lántökur erlendis

Langtímalán eru tekin á grundvelli útgáfusamnings um skuldabréf á Evrópumarkaði. Skammtímalán eru tekin á grundvelli samnings um víxlaútgáfu á Evrópu- og Bandaríkjamarkaði. Ríkissjóður hefur jafnframt aðgang að lánsfé á grundvelli samnings um viðbúnaðarlán.

Samningur um skuldabréfaútgáfu á Evrópumarkaði (EMTN-samningur)

Samningur um skuldabréfaútgáfu á Evrópumarkaði, svokallaður EMTN-samningur (Euro Medium Term Note Programme), var fyrst undirritaður á árinu 2001. Samningurinn var síðast endurnýjaður sumarið 2008 og nemur hámarksfjárhæð hans nú fimm milljörðum evra.

Samningur um útgáfu víxla á Evrópumarkaði (ECPP)¹ og á Bandaríkjamarkaði (US-CPP)²

Samningur um útgáfu víxla á Evrópumarkaði (European Commercial Paper Programme) var fyrst gerður árið 1985. Samningurinn var síðast endurnýjaður í maí 2008. Samkvæmt honum er heimilt að gefa út víxla fyrir allt að 1 milljarð Bandaríkjadala, eða jafnvirði þeirra í öðrum gjaldmiðlum, og selja fyrir milligöngu Citibank, SEB, Deutsche Bank og Barclays á þeim kjörum sem eru á markaði hverju sinni. Víxlar voru gefnir út á Evrópumarkaði í júlí og ágúst fyrir 487,3 milljónir evra. Alls voru víxlarnir á Evrópumarkaði 10 og var tímalengd þeirra frá einum mánuði til þriggja mánaða. Árið 2001 var undirritaður samningur um útgáfu víxla á Bandaríkjamarkaði. Heildarfjárhæð útstandandi víxla á Bandaríkjamarkaði getur numið allt að einum milljarði Bandaríkjadala. Miðlarar eru Citibank og J.P. Morgan í New York. Evrópski og bandaríski samningurinn tengjast þannig að samanlögð útgáfufjárhæð má ekki fara yfir milljarð Bandaríkjadala. Þrjú víxlar voru gefnir út á Bandaríkjamarkaði í júlí og ágúst fyrir 130 milljónir Bandaríkjadala. Tímalengd þeirra var frá einum mánuði til þriggja mánaða.

Endurgreiðslur og lántökur

Undanfarin ár hefur Seðlabankinn keypt gjaldeyri á innlendum gjaldeyrismarkaði til að standa straum af vaxtagreiðslum ríkissjóðs. Vegna óróa á gjaldeyrismarkaði og veikingar krónunnar strax í upphafi árs var tekin sú ákvörðun að Seðlabankinn myndi ekki kaupa gjaldeyri á innlendum gjaldeyrismarkaði.

Eitt erlent lán var á gjalddaga á árinu að fjárhæð 150 milljónir evra. Lánið var á gjalddaga í maí og var greitt að fullu. Alls voru greiddir vextir af erlendum lánum að jafnvirði 10,6 milljörðum króna á árinu.

1. European Commercial Paper Program.

2. United States Commercial Paper Program.

Á haustmánuðum voru tekin tvö erlend lán til að styrkja stöðu gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands. Annars vegar var um að ræða sambankalán að fjárhæð 300 milljónir evra en hins vegar fyrsta hluta láns frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum að fjárhæð 560 milljónir SDR. Lán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum er skráð í reikningum Seðlabankans en ekki ríkissjóðs.

Lánastýring og áhættugreining

Við erlendar lántökur ríkissjóðs er reynt að dreifa endurgreiðslum sem jafnast á komandi ár. Stýring á erlendum lánnum ríkissjóðs felur jafnframt í sér að lánasafnið sé dreift m.t.t. lánstíma og gjaldmiðlasamsetningar.

Gerðir voru sjö framvirkir gjaldeyrissamningar á árinu í því skyni að halda gjaldmiðlasamsetningu lánasafnsins innan þeirra marka sem Seðlabankanum er gert að starfa eftir. Engir samningar voru í gildi um áramótin. Staða erlendra skulda ríkissjóðs í lok árs 2008 var 317,2 ma.kr., þar að auki var skuld í bókum Seðlabankans við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn í lok árs 104,8 ma.kr. Veginn meðallánstími erlendra langtímalána ríkissjóðs sl. áramót var 2,25 ár og meðalbinditími 1,8 ár.

Alþjóðlegt mat á lánshæfi ríkissjóðs


Matsfyrirtækin hafa mikil áhrif á lánskjör á alþjóðalánamarkaði. Mest kveður að bandarísku matsfyrirtækjunum Moody's Investors Service og Standard & Poor's, auk evrópska matsfyrirtækisins Fitch Ratings. Lánshæfismatið er m.a. vísbending um vaxtakjörin sem lántakandi mun njóta. Undanfarin ár hefur ríkissjóður notið mikils trausts sem lántakandi á alþjóðlegum markaði og átt greiðan aðgang að öllum helstu mörkuðum vegna hagstæðs lánshæfismats og skilvísi. Í kjölfar bankaáfallsins í októbermánuði hefur lánshæfismat ríkissjóðs versnað til muna.

Lánshæfiseinkunn Moody's fyrir erlendar og innlendar langtímaskuldbindingar ríkissjóðs er Baa1 og fyrir skammtímaskuldbindingar P-2. Landseinkunnin er A2. Horfurnar fyrir þessar einkunnir eru neikvæðar. Lánshæfiseinkunn ríkissjóðs hefur lækkað um 7 þrep á einu ári og hófst lækkunarferlið í lok maí. Einkunnin er enn í fjárfestingarflokki. Í upphafi árs var lánshæfiseinkunn ríkissjóðs Aaa og er það hæsta einkunn sem fyrirtækið gefur. Meginástæða þess að einkunn ríkissjóðs var lækkuð að mati sérfræðinga Moody's er að fjárhagslegur styrkleiki hans hefur minnkað verulega í kjölfar bankaáfallsins og vegna stöðu gjaldmiðilsins.

Matsfyrirtækið Fitch Ratings lækkaði lánshæfiseinkunnir ríkissjóðs um 5 þrep á árinu. Lánshæfiseinkunnir Ríkissjóðs Íslands hjá Fitch Ratings í erlendum gjaldmiðli fyrir langtímaskuldbindingar er BBB- og fyrir skammtímaskuldbindingar F3. Í innlendum gjaldmiðli er einkunnin A-. Horfur fyrir þessar einkunnir eru neikvæðar. Einkunnin

Mynd IV-1

Erlend lán ríkissjóðs og lán IMF til Seðlabankans



1. VLF 2008 miðast við spá Seðlabanka Íslands.
Heimildir: Hagstofa Íslands og Seðlabanki Íslands.

Tafla IV-4. Mat á lánshæfi ríkissjóðs í lok árs 2008

	Erlend mynt		Innlend mynt			Nýjasta mat
	Langtíma	Skammtíma	Langtíma	Skammtíma	Horfur	
Moody's	Baa1	P-2	Baa1	P-2	Neikvæðar	Des. 2008
Standard & Poor's	BBB-	A-3	BBB+	A-2	Neikvæðar	Nóv. 2008
Fitch Ratings	BBB-	F3	A-		Neikvæðar	Okt. 2008
R&I Rating of Japan	BBB-				Undir eftirliti	Okt. 2008

er enn í fjárfestingarflokki. Rökstuðningur fyrir lækuninni var sá að Ísland stendur frammi fyrir verulegum samdrætti vegna bankaáfallsins. Einnig sé það óljóst hversu kostnaðarsamt bankaáfallið verði fyrir Ríkissjóð Íslands.

Matsfyrirtækið Standard & Poor's lækkaði lánsþæfiseinkunnir ríkissjóðs um 5 þrep á árinu. Lánsþæfiseinkunnir Ríkissjóðs Íslands í erlendum gjaldmiðli fyrir langtímaskuldbindingar eru BBB- og fyrir skammtímaskuldbindingar A-3, og í innlendum gjaldmiðli fyrir langtímaskuldbindingar BBB+ og skammtímaskuldbindingar A-. Einkunnin er enn í fjárfestingarflokki. Horfurnar fyrir lánsþæfismatið eru neikvæðar. Í áliti Standard & Poor's kom fram að lánsþæfiseinkunnin BBB- endurspegli mun hærra skuldastöðu ríkissjóðs en fyrirtækið hafi gert ráð fyrir í upphafi bankaáfallsins. Auk þess er gert ráð fyrir að samdráttur vergrar landsframleiðslu muni nema 10% árið 2009.

Japanska matsfyrirtækið R&I Rating lækkaði lánsþæfiseinkunn ríkissjóðs um 9 þrep á árinu í kjölfar bankaáfallsins. Lánsþæfiseinkunnin fyrir langtímaskuldbindingar í erlendum gjaldmiðli er BBB- og horfurnar eru neikvæðar.

Alþjóðleg samskipti Seðlabanka Íslands

Seðlabanki Íslands gegnir veigamiklum skyldum á alþjóðlegum fjármálavettvangi. Bankinn á náið samstarf við aðra seðlabanka og fjölþjóðlegar stofnanir á sviði efnahags- og peningamála.

Samkomulag norrænna seðlabanka um viðbrögð við fjármálaáfallum

Á fundi sínum í Stykkishólmi í júní 2003 undirrituðu bankastjórar norrænu seðlabankanna samkomulag um viðbrögð við fjármálaáfallum. Samkomulagið er birt á heimasíðum allra norrænu seðlabankanna. Seðlabankarnir vinna auk þess náið saman að viðfangsefnum sem varða fjármálastöðugleika og viðbrögð ef upp koma erfiðleikar í fjármálakerfi, einkum lausafjárerfiðleikar. Í maí gerðu seðlabankar Svíþjóðar, Noregs og Danmerkur tvíhliða gjaldeyrisskiptasamninga við Seðlabanka Íslands.

Alþjóðgjaldeyrissjóðurinn

Seðlabanki Íslands er fjárhagslegur aðili að Alþjóðgjaldeyrissjóðnum fyrir hönd íslenska ríkisins. Davíð Oddsson formaður bankastjórnar Seðlabanka Íslands var fulltrúi Íslands í sjóðráði Alþjóðgjaldeyrissjóðsins. Bolli Þór Bollason ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneytinu var varafulltrúi Íslands í sjóðráðinu. Ísland starfar með Norðurlöndum og Eystrasaltslöndum á vettvangi Alþjóðgjaldeyrissjóðsins og myndar kjördæmi með þeim. Sameiginlega kjósa þessi lönd einn fastafulltrúa í framkvæmdastjórn sjóðsins sem í sitja alls 24 fulltrúar. Fulltrúi kjördæmis Norðurlanda og Eystrasaltslanda í fjárhagsnefnd Alþjóðgjaldeyrissjóðsins var sænski fjármálaráðherrann Anders Borg. Per Jansson ráðuneytisstjóri í sænska fjármálaráðuneytinu var formaður fjárhagsnefndar Norðurlanda og Eystrasaltslanda. Nefndin hefur það hlutverk að samræma og stjórna samstarfinu innan kjördæmisins. Olli-Pekka Lehmuusaari, framkvæmdastjóri á skrifstofu bankastjórnar finnska seðlabankans, var formaður undirnefndar fjárhagsnefndar

Norðurlanda og Eyrstrasaltslanda en hún fjallar um ýmis sameiginleg málefni kjördæmisins ásamt því að undirbúa fundi fjárhagsnefndarinnar. Fulltrúi kjördæmisins í framkvæmdastjórn sjóðsins í Washington á árinu 2008 var Svíinn Jens Henriksson og varafulltrúi var Jón Þ. Sigurgeirsson fram í apríl, er Norðmaðurinn Jarle Bergo tók við.

Vor- og ársfundir fjárhagsnefndarinnar voru haldnir í höfuðstöðvum sjóðsins í Washington D.C. Í tengslum við fundina voru birtar á heimasíðu Seðlabankans greinargerðir skrifstofu Norðurlandanna og Eyrstrasaltslandanna hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum um málefni sem hæst bar í starfsemi sjóðsins og framkvæmdastjórnarinnar. Einnig voru birt ávörp fulltrúa landanna átta á fundum fjárhagsnefndarinnar og á ársfundi sjóðsins.

Í byrjun apríl kom sendinefnd frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum til Íslands að beiðni íslenskra stjórnvalda. Tilgangur þessarar heimsóknar var að kanna stöðu og horfur í ljósi þeirra aðstæðna sem skapast höfðu. Heimsókn þessi var einnig liður í því að undirbúa skiptasamninga við Danmörku, Noreg og Svíþjóð sem undirritaðir voru um miðjan maí.

Tvær sendinefndir frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum heimsóttu Ísland um miðjan júní 2008. Annars vegar var um að ræða reglubundna heimsókn og hins vegar kom sendinefnd sem fjallaði sérstaklega um fjármálastöðugleika. Skýrslur beggja sendinefnda voru birtar á heimasíðum Seðlabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eftir umræðu um Ísland í framkvæmdastjórn sjóðsins um miðjan september 2008.

Í byrjun október kom að nýju sendinefnd frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum til að kanna stöðu efnahags- og fjármálakerfisins. Tilgangur fararinnar breyttist þó á þessu tímabili og óskaði Ríkisstjórn Íslands formlega eftir samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um að koma á efnahagslegum stöðugleika á Íslandi. Undirrituð var viljayfirlýsing hinn 3. nóvember milli íslenskra stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um samstarf þeirra á milli. Viljayfirlýsingin var svo endurnýjuð hinn 15. nóvember og lánaþyrirgreiðsla til íslenskra stjórnvalda samþykkt 19. nóvember af framkvæmdastjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Um miðjan desember kom sendinefnd frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum til að kanna stöðu og framgang efnahagsáætlunar stjórnvalda og sjóðsins.

Í kjölfar bankahrunsins í október óskuðu íslensk stjórnvöld formlega eftir samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Samkomulag var gert á grundvelli efnahagsstefnu sem hafði í meginatriðum þrjúþætt markmið. Í fyrsta lagi að koma á stöðugleika á gjaldeyrismarkaði, í öðru lagi að móta stefnu í ríkisfjármálum með það meginmarkmið að koma á sjálfbærri skuldastöðu og í þriðja lagi að endurreisa fjármálakerfið með gagnsæjum hætti og í samræmi við alþjóðlegar viðurkenndar leikreglur. Áætlunin var gerð til tveggja ára.

Viljayfirlýsing stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um samstarf var undirrituð 3. nóvember og var lánaþyrirgreiðsla samþykkt 19. nóvember í framkvæmdastjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Samkvæmt áætluninni mun Ísland fá 2,1 milljarð Bandaríkjadala að láni frá sjóðnum í áföngum. Gert er ráð fyrir viðbótarlánum sem nema allt að þremur milljörðum Bandaríkjadala frá Danmörku, Finnlandi, Noregi, Svíþjóð, Rússlandi og Póllandi. Að auki hafa Færeyingar lánað Íslendingum sem nemur um 50 milljónum Bandaríkjadala. Lánið frá sjóðnum verður greitt til baka á árunum 2012 til 2015.

Rammagrein IV-2

Efnahagsáætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins

Alþjóðagreiðslubankinn í Basel

Seðlabanki Íslands er hluthafi í Alþjóðagreiðslubankanum í Basel (Bank for International Settlements). Bankinn er mikilvægur samráðsvettvangur seðlabanka víða um heim auk þess að vera upplýsinga- og rannsóknarstofnun á sviði hagfræði og ekki síst peningamála. Þá lætur bankinn sig einnig varða fjármálastöðugleika og eftirlit með starfsemi fjármálastofnana og fjárhagslegu öryggi þeirra. Fulltrúar Seðlabanka Íslands taka þátt í ýmsu starfi á vettvangi Alþjóðagreiðslubankans.

Samstarf við aðra seðlabanka

Samstarf norrænna seðlabanka er umfangsmikið á mörgum sviðum. Bankastjórar þeirra halda árlegan fund þar sem fjallað er um ýmsar hliðar peningamála, fjármálastöðugleika og aðra þætti í starfsemi bankanna. Þá eiga sérfræðingar bankanna á mörgum sviðum með sér náð samstarf og skiptast á upplýsingum, m.a. um ávöxtun gjald-eyrisforða, markaðsviðskipti, lögfræðileg efni, hagrannsóknir, peningamálastefnu, fjármálastöðugleika, rekstrarmál, starfsmannamál, upplýsingamiðlun o.fl. Seðlabankinn á einnig náð samstarf við ýmsa aðra seðlabanka, þ.á m. Seðlabanka Evrópu. Formaður bankastjórnar Seðlabanka Íslands á reglulega fundi með bankastjóra Seðlabanka Evrópu og fulltrúar Seðlabankans hafa átt fundi með sérfræðingum hans um ýmislegt sem varðar mótun og framkvæmd peningastefnu og mál sem varða greiðslukerfi.

OECD

Fulltrúar Seðlabanka Íslands taka þátt í starfi ýmissa nefnda á vettvangi Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD. Meðal þeirra eru efnahagsstefnunefndin og undirnefnd hennar, fjármagnsmarkaðanefndin og sérfræðinganefnd um lánamál opinberra aðila. Sérfræðingar OECD koma með reglulegu millibili til Íslands til viðræðna við fulltrúa stjórnvalda um framvindu efnahagsmála en hliðstæðar viðræður fara fram við öll aðildarríki OECD. Í kjölfar viðræðnanna eru gefnar út skýrslur sem lýsa mati stofnunarinnar á efnahagsaðstæðum. Skýrsla sendinefndar OECD um íslensk efnahagsmál sem samin var í kjölfar heimsóknar á fyrri hluta árs 2006 var birt í ágúst.

Aðrar fjármálastofnanir og matsfyrirtæki

Í tengslum við vörslu gjaldeyrisforðans, umsjón með erlendum lánamálum ríkissjóðs og önnur viðfangsefni á bankinn samstarf við fjölmargar erlendar fjármálastofnanir víða um heim auk þess að annast regluleg samskipti við alþjóðleg fyrirtæki sem meta láns hæfi.

Samningur fjármálaráðuneytis og Seðlabanka Íslands um viðskiptareikninga og vaxtakjör

Í lögum um Seðlabanka Íslands sem samþykkt voru á Alþingi í maí 2001 var lokað fyrir aðgang ríkissjóðs að lánum í Seðlabankanum. Í samningi fjármálaráðuneytis og Seðlabanka Íslands um viðskiptareikninga og vaxtakjör sem síðast var endurnýjaður á árinu 2005 segir að frá árinu 2006 greiði Seðlabankinn sömu vexti af meðalinnstæðu á viðskiptareikningi ríkissjóðs í bankanum og hann greiðir af innstæðu á viðskiptareikningum lánastofnana.

Starfsreglur um undirbúning, rökstuðning og kynningu ákvarðana í peningamálum

Í 24. gr. laga um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001 segir m.a. að bankastjórn setji starfsreglur sem bankaráð staðfestir um undirbúning, rökstuðning og kynningu ákvarðana í peningamálum. Þessar starfsreglur voru formlega settar í byrjun árs 2002 og eftir þeim starfað síðan. Þær eru byggðar á ákveðnum meginsjónarmiðum sem lúta að nýtingu upplýsinga og þekkingar, faglegum vinnubrögðum, gagnsæi og skráningu raka að baki ákvörðunum í peningamálum. Í þeim er kveðið á um gerð verðbólguþáttar og verklag við mat á stöðu og horfum í efnahags- og peningamálum, á stefnunni í peningamálum og að endingu hvernig bankastjórn tekur ákvarðanir í peningamálum og með hvaða hætti þær skuli birtar. Reglurnar voru endurskoðaðar á árinu 2006. Þær eru birtar á heimasíðu bankans.

Viðfangsefni á sviði fjármálastöðugleika

Bankastjórn hefur með sérstakri samþykkt skýrt viðfangsefni bankans á sviði fjármálastöðugleika. Vísað er í lagagrundvöll þann sem starf bankans byggist á og skýrð þau meginsjónarmið sem taka skal mið af. Í samþykktinni er tilgreint hvernig Seðlabanki Íslands sinnir viðfangsefnum þessum varðandi umgjörð og eftirlit, gagnaöflun og miðlun, rannsóknir, greiningu og kynningu, samstarf og viðlagamál. Að lokum er kveðið á um samstarf og verkaskiptingu sviða bankans um fjármálastöðugleika og tilhögun sérstakra fjármálastöðugleikafunda sem haldnir eru reglulega innan bankans. Samþykktin er birt á heimasíðu bankans.

Samstarf Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins

Í lögum um Seðlabankann og um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi segir að þessar stofnanir skuli gera með sér samstarfssamning þar sem kveðið skuli á um samskipti þeirra. Samstarfssamningur var fyrst gerður snemma árs 1999. Hann var síðast endurnýjaður á árinu 2006. Samningurinn er birtur á heimasíðum Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins. Í lögum um Seðlabankann segir ennfremur að hann skuli veita Fjármálaeftirlitinu allar upplýsingar sem hann býr yfir og nýttast kunna í starfsemi þess. Stofnanirnar skiptast reglulega á tölfræðilegum gögnum og öðrum upplýsingum og bankastjórn Seðlabankans og forstjóri Fjármálaeftirlitsins hittast reglulega á samráðsfundum. Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið hafa m.a. efnt til sameiginlegra viðlagaæfinga. Hin fyrsta var haldin 2004, önnur í upphafi árs 2006 og á árinu 2007 tóku Seðlabankinn, Fjármálaeftirlitið og fjármálaráðuneytið þátt í norrænni viðlagaæfingu ásamt systurstofnunum á Norðurlöndum og í Eystrasaltlöndunum.

Aðild Seðlabanka Íslands að stjórnnum stofnana og fyrirtækja

Seðlabanki Íslands á hlut í Reiknistofu bankanna. Í samstarfssamningi frá 1994 kemur fram að bankinn hafi lagt til fimmtung stofnframlags Reiknistofunnar. Á árinu 2008 var Tryggvi Pálsson framkvæmdastjóri fjármálasviðs fulltrúi Seðlabankans í stjórn Reiknistofunnar. Varafulltrúi var Ingvar A. Sigfússon rekstrarstjóri bankans. Fulltrúi bankans í end-

urskoðunarnefnd Reiknistofunnar var Stefán Svavarsson aðalendurskoðandi.

Með yfirstjórn Fjármálaeftirlitsins fer þriggja manna stjórn skipuð af viðskiptaráðherra. Einn stjórnarmanna er skipaður samkvæmt tilnefningu Seðlabanka Íslands. Fulltrúi Seðlabankans í stjórninni til október 2008 var Ingimundur Friðriksson bankastjóri, en í október tók Stefán Svavarsson aðalendurskoðandi bankans við stjórnarsetu af Ingimundi. Sigríður Logadóttir aðallögfræðingur var varafulltrúi.

Seðlabanki Íslands á 8% hlut í Fjölgreiðslumiðlun hf. Guðmundur Kr. Tómasson staðgengill framkvæmdastjóra fjármálasviðs var fulltrúi Seðlabankans í stjórn Fjölgreiðslumiðlunar á árinu 2008.

Starfsmenn Seðlabanka Íslands eru í Lífeyrissjóði bankamanna. Fulltrúi bankans í stjórn sjóðsins á árinu 2008 var Ingvar A. Sigfússon rekstrarstjóri og varafulltrúi Hrönn Helgadóttir forstöðumaður á upplýsingasviði.

Áhættugreining og áhættustýring

Áhættu Seðlabanka Íslands má í grófum dráttum skipta í fernt, þ.e. stjórnunaráhættu, orðsporsáhættu, fjármálaáhættu og rekstraráhættu. Stjórnunaráhætta beinist að ákvörðunum í tengslum við stjórn peningamála og önnur verkefni sem bankanum eru falin í lögum. Hana getur verið erfitt að skilgreina en hún ræðst m.a. af hæfni stjórnenda, verkferlum og innra eftirliti. Orðsporsáhætta beinist að trúverðugleika Seðlabankans og getur skipt verulegu máli fyrir bankann sjálfan og jafnvel fjármálakerfið í heild. Fjármálaáhætta er aðallega lánaáhætta, vaxtaáhætta, lausafjáraáhætta og gengisáhætta og tengist varðveislu gjaldeyrisforðans og stjórn peningamála. Við stjórn gjaldeyrisforða gilda starfsreglur um varðveislu og ávöxtun forðans sem endurskoðaðar eru með reglulegu millibili af bankastjórn og bankaráð staðfestir. Þar er fjallað um fjárfestingarstefnu, fjárfestingarkosti, skilyrði um láns hæfi, binditíma verðbréfa og hlutföll óbundinna eigna í gjaldeyrisforða. Rekstraráhætta skiptist í nokkra undirþætti. Þar má nefna starfsmannaáhættu, bókhaldsáhættu, hættu á tæknilegum brestum og almenna rekstraráhættu sem ógnað gæti starfsemi Seðlabankans.

Leitast er við að lágmarka áhættu í starfi allra sviða og viðfangsefna bankans. Það er m.a. gert með starfsreglum, verkferlum, starfslýsingum og eftirliti.

Söfnun tölfraðilegra upplýsinga

Seðlabanki Íslands safnar skipulega upplýsingum um innlendan lánamarkað, greiðslujöfnuð við útlönd og erlenda stöðu þjóðarbúsins. Flestar stofnanir og fyrirtæki á innlendum lánamarkaði veita mánaðarlega upplýsingar um efnahagsliði. Auk þess er lánastofnunum skylt að veita Seðlabankanum upplýsingar um vexti jafnóðum og þeir breytast. Greiðslujöfnuður við útlönd og erlend staða þjóðarbúsins eru gerð upp ársfjórðungslega. Upplýsingar þessar leggja grunn að mati bankans á mikilvægum þáttum peningamála og reglulegri birtingu tölulegra gagna í ritum bankans og á vefsíðu hans. Seðlabankinn birtir tölulegar upplýsingar sínar í *Hagtölum Seðlabankans* á heimasíðu sinni. Einnig er þar vísað í ýmislegt efni á netinu sem tengist þeim gögnum sem

birt eru í Hagtölunum. Allt efni Hagtalnanna er einnig aðgengilegt á ensku vefsíðunni.

Útgáfu- og upplýsingamál

Ríkar kröfur eru gerðar til seðlabanka um að þeir geri skýra grein fyrir markmiðum peningastefnu sinnar, framkvæmd hennar og annari starfsemi sinni. Lög um Seðlabanka Íslands leggja bankanum á herðar þá skyldu að gera opinberlega grein fyrir stefnu sinni í peningamálum og fyrir þróun peningamála, gengis- og gjaldeyrismála og aðgerðum sínum á þeim sviðum. Þetta gerir bankinn í riti sínu *Peningamálum* sem einnig er gefið út á ensku undir heitinu *Monetary Bulletin*. Í *Peningamálum* eru oft birtar niðurstöður rannsókna starfsmanna bankans er tengjast peningastefnunni, fjármálastöðugleika og starfsemi bankans almennt. Þrjú tölublöð af *Peningamálum* voru gefin út á árinu 2008.

Þá var ritið *Fjármálastöðugleiki* gefið út á árinu, en þar er fjallað um stöðu íslenska fjármálakerfisins og fjármálastöðugleika í þjóðhagslegu samhengi. *Fjármálastöðugleiki* er gefinn út einu sinni á ári.

Í ársskýrslu sinni gerir Seðlabankinn grein fyrir ýmsum þáttum í starfsemi sinni. Þá gerir formaður bankastjórnar grein fyrir stefnu bankans á ársfundi hans. Ellefu sinnum á ári gefur Seðlabankinn út *Hagvísu*, sem einnig eru gefnir út á ensku undir heitinu *Economic Indicators*. Reglulega eru birtar tölulegar upplýsingar á heimasíðu bankans undir yfirskriftinni *Hagtölur Seðlabankans*.

Bankinn gefur út ritröð á ensku undir heitinu *Central Bank of Iceland Working Papers* þar sem birtar eru rannsóknaritgerðir hagfræðinga innan og utan bankans. Ritið *Economy of Iceland* hefur verið gefið út um árabíl, nú árlega. Í því eru upplýsingar um íslenskt stjórnarfar og þjóðarbúskap, bæði uppbyggingu hans og framvindu. Rit Seðlabanka Íslands gefin út á árinu 2008 eru talin upp í viðauka aftar í þessari skýrslu.

Seðlabankinn birtir reglulega fréttir til að greina frá helstu ákvörðunum bankastjórnar auk þess sem fréttir eru gefnar út til þess að greina frá ýmsu er varðar starfsemi bankans. Þá er ýmissa tíðinda oft getið á heimasíðu bankans án þess að gefin sé út sérstök fréttatilkynning.

Á heimasíðu Seðlabankans eru birtar rafrænar útgáfur þeirra rita sem bankinn gefur út. Þar eru ennfremur birtar fréttir, tölulegar upplýsingar og ýmsar upplýsingar er varða starfsemi bankans. Þar er meðal annars greint frá efni málstofa sem nánar er fjallað um í næsta kafla. Seðlabankinn gerir sér far um að kynna starfsemi sína fyrir almenningi, m.a. með því að taka á móti námsmönnum og öðrum hópum.

Rannsóknir

Í Seðlabankanum eru stundaðar margvíslegar rannsóknir sem tengjast viðfangsefnum bankans. Sú starfsemi fer aðallega fram á hagfræði- og fjármálasviðum bankans en einnig á öðrum sviðum og fyrir kemur að Seðlabankinn kaupir eða styrkir rannsóknarverkefni aðila utan bankans.

Til þess að peningastefnan geti verið framsýn þarf seðlabanki að ráða yfir líkönum sem gera honum kleift að meta efnahagshorfur,

einkum verðbólguhorfur. Stór hluti rannsókna í Seðlabankanum er helgaður þessu viðfangsefni. Á undanförunum árum hefur verið unnið að gerð ársfjórðungslegs þjóðhagslíkans sem tekið var í notkun í byrjun árs 2006. Geta bankans við spá- og greiningarvinnu hefur batnað verulega með tilkomu nýja líkansins. Áfram er unnið að þróun þess. Unnið hefur verið að uppfærslu líkansins og ber þar hæst sú breyting að gera væntingar í líkaninu framsýnar. Jafnframt er vinna við greiningu á langtímaeiginleikum langt komin. Þessu til viðbótar er unnið að þróun nýs heildarjafnvægislíkans sem notað verður samhliða ofangreindu ársfjórðungslíkani en slík jafnvægislíkön henta betur við hagstjórnarhermanir.

Meðal annarra viðameiri viðfangsefna á árinu 2008 má nefna mat á vaxtarófi innlendra vaxta, gerð hermílikans af íslenska fjármálakerfinu, mat á væntu og óvæntu útlánatapi viðskiptabanka, rannsókn á kerfisáhættu á millibankamarkaði og þróun álagsprófa fyrir innlent fjármálakerfi. Að auki er iðulega unnið að fjölda umfangsminni rannsóknarverkefna. Má þar nefna þróun á skammtímaspálíkönnum fyrir undirliði vísitölu neysluverðs, mat á margvíðu tímaraðalíkani til að spá fyrir um útgjalda- og tekjuþróun hins opinbera, mat á áhrifum erlends vinnuafls á íslenskt hagkerfi, mat á hagsveifluleiðréttingu opinberra fjármála, þróun vísbendinga fyrir húsnæðismarkað og íbúðafjárfestingu og mat á upplýsingagildi fyrstu bráðabirgðatalna þjóðhagsreikninga.

Á árinu hófst einnig vinna við fjölda rannsóknarverkefna. Má þar nefna rannsókn á verðákvörðunum fyrirtækja og svokölluðum gengisleka, hlutverki peningamagns við mótun peningastefnunnar, rannsókn á eiginleikum hinnar íslensku hagsveiflu, áhrif svokallaðra jöklabréfa á mótun peningastefnunnar, rannsókn á svokölluðum fjármálakraðli, rannsókn á innlendum jafnvægisvöxtum og notkun Taylor-reglu við stjórn peningamála, rannsókn á samspili gengissveiflna og fyrirkomulags peningamála og samspili stærðar og þróunarstigs hagkerfa og árangurs í viðureigninni við verðbólgu.

Fjöldi rannsókna er líka í gangi í tengslum við fjármálakreppu og afleiðingar og orsakir hennar. Má þar t.d. nefna mat á eigna- og skuldastöðu innlendra heimila og þjóðarbúsins í heild og ítarlega úttekt á skuldastöðu innlendra heimila í samvinnu við helstu lánastofnanir á landinu.

Til þess að skapa umgjörð fyrir rannsóknir innan bankans og miðla niðurstöðum þeirra til almennings og annarra sérfræðinga heldur bankinn reglulega málstofur. Á þeim gefst fræðimönnum innan og utan bankans færi á að kynna eigin rannsóknir og ræða þær við aðra starfs- og fræðimenn. Starfsmenn bankans kynntu einnig niðurstöður rannsókna sinna á málstofum utan Seðlabankans, bæði á innlendum og erlendum vettvangi. Jafnframt sóttu þeir fjölda ráðstefna, innanlands og erlendis, til að kynna eigin rannsóknir og kynnast rannsókn-um annarra fræðimanna, og héldu gestafyrirlestra fyrir almenning, aðra sérfræðinga og háskólamenn.

Seðlabankinn telur mikilvægt að rannsóknir sérfræðinga bankans fáist birtar í alþjóðlega viðurkenndum vísindaritum og gerðist það í nokkrum tilvikum á árinu.

Þjóðhátíðarsjóður

Árið 2008 var 31. starfsár Þjóðhátíðarsjóðs. Stofnfé sjóðsins var ágóði af útgáfu Seðlabanka Íslands á þjóðhátíðarmynt frá 1974 og tekjur hafa verið ágóði af útgáfu og sölu annarra minnispeninga. Stjórn sjóðsins skipa fimm fulltrúar. Þrír eru kjörnir af Alþingi, einn tilnefndur af Seðlabankanum og forsætisráðherra skipar þann fimmta, sem jafnframt er formaður sjóðsstjórnar. Skipunartími núverandi stjórnar, sem er fjögur ár, hófst árið 2006. Formaður var Margrét Bóasdóttir söngkona, og fulltrúi Seðlabankans var Eiríkur Guðnason bankastjóri. Ritari stjórnar sjóðsins var Sigfús Gauti Þórðarson lögfræðingur í Seðlabankanum. Stjórn sjóðsins ákvað að verja 30,4 m.kr. til styrkja vegna ársins 2009 til 56 umsækjenda, og var haldin sérstök úthlutunarathöfn af því tilefni í Þjóðmenningarhúsinu 1. desember 2008. Höfuðstóll sjóðsins var tæpar 90 m.kr. í lok ársins 2008 og er stefnt að því að búið verði að ráðstafa öllu fé sjóðsins eigi síðar en á árinu 2010 vegna ársins 2011.

Húsnæði bankans – bóka- og skjalasafn

Auk Seðlabankans var Reiknistofa bankanna til húsa í Seðlabankahúsinu við Kalkofnsveg í árslok 2008. Bóka- og skjalasafn Seðlabanka Íslands er að mestum hluta til húsa í Einholti 4 í Reykjavík. Á árinu 2006 var myntsafn Seðlabankans og Þjóðminjasafns flutt úr Einholti 4 í bankahúsið við Kalkofnsveg og komið fyrir í sal á 1. hæð hússins. Tímarita- og handbókasafn er í húsi bankans við Kalkofnsveg. Bókasafn Seðlabankans sem er mikið heimildasafn um íslensk efnahags- og atvinnumál er skráð í Gegni, landskerfi bókasafna.

V Afkoma og efnahagur Seðlabanka Íslands, stjórn og starfslið

Reikningsskil Seðlabanka Íslands

Í 32. gr. laga um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001 segir að um gerð ársreiknings Seðlabanka Íslands fari eftir lögum, reglum og góðri reikningsskilavenju. Forsætisráðherra setji nánari reglur um reikningsskil og ársreikning Seðlabankans. Núgildandi reglur voru settar árið 2005. Uppgjör ársreikningsins nú byggist því á sömu grundvallarreglum og uppgjörið árið 2007. Lítils háttar breytingar hafa þó verið gerðar á framsetningu einstakra liða og er gerð grein fyrir þeim í skýringum við ársreikninginn sem birtur er aftar í þessari skýrslu.

Afkoma og efnahagur Seðlabanka Íslands

Samkvæmt rekstrarreikningi varð tap af rekstri Seðlabanka Íslands á árinu 2008 að fjárhæð 8.625 milljónir króna en til samanburðar nam tap árið á undan 1.224 milljónum krónum. Hér til hliðar er tafla sem sýnir breytingu á helstu flokkum rekstrarreiknings bankans.

Eins og fram kemur í töflunni jókst tap ársins 2008 miðað við árið á undan um 7.401 milljón króna. Hreinar vaxtatekjur jukust um 13.664 milljónir króna sem skýrist fyrst og fremst af því að stöðustærðir í efnahagsreikningi sem vextir reiknast af hafa meira en tvöfaldast frá árslokum 2007 til ársloka 2008. Eignir bankans námu alls 1.187 milljörðum króna í árslok 2008 en voru til samanburðar 477 milljarðar króna í lok ársins 2007. Aðrar rekstrartekjur bankans hækka um 3.222 milljónir króna sem skýrist einkum af því að verðbréf í gjaldeyrisforða bankans hækkuðu í verði vegna lækkunar vaxta á markaði og nam sú hækkun 3.863 milljónum króna. Horfið var frá því að meta skuldir til fjármögnunar á gjaldeyrisforðanum við markaðsverði vegna þeirra áhrifa sem lausafjárfreppan í heiminum hefur haft á láns hæfi Íslands. Að óbreyttri reglu hefðu 11,3 milljarðar króna verið tekjufærðir í rekstri vegna lækkunar á verðmati skuldabréfa ríkisins sem gefin voru út til fjármögnunar á aukningu forðans í árslok 2006. Rekstrargjöld bankans hækkuðu talsvert sem skýrist einkum af sérstökum ráðgjafarkostnaði sem bankinn varð fyrir vegna bankahrunsins á seinni hluta ársins, en ráðgjafarkostnaður hækkaði um 1.143 milljónir króna á árinu miðað við árið á undan. Launakostnaður hækkaði um 27% á árinu, eða um 250 milljónir króna, og nam 1.171 milljón króna á árinu 2008. Hækkunin skýrist m.a. af fjölgun starfsmanna, mikilli aukningu í vinnu starfsmanna bankans á seinni hluta ársins og hækkun á mati lífeyrisskuldbindinga. Við bankahrunið voru þau lán bankans gegn veði sem tryggð voru með bankabréfum í uppnámi. Samkomulag varð um að ríkissjóður keypti stóran hluta af veðlánastöðu bankans þegar bankahrunið dundi á. Veðlán að nafnverði 345 milljarðar króna voru keypt af bankanum og nam kaupverðið 270 milljörðum króna sem greitt verður með verðtryggðu skuldabréfi sem ber vexti. Bókfært tjón bankans af þessum sökum nam því 75 milljörðum króna og er það gjaldfært í rekstrarreikningi. Framlag bankans til ríkissjóðs verður ekkert vegna starfsemi bankans á árinu 2008, enda nam tap 52.606

Tafla V-1. Helstu flokkar rekstrarreiknings

(Tölur í milljónum kr.)	2008	2007	Breyting
Tap ársins	(8.625)	(1.224)	(7.401)
Breyting greinist þannig:			
Hreinar vaxtatekjur	19.711	6.047	13.664
Aðrar tekjur	5.753	2.531	3.222
Rekstrargjöld	(3.069)	(1.565)	(1.504)
Afskrift útlána	(75.000)	0	(75.000)
Framlag í ríkissjóð	0	(2.338)	2.338
Gengismunur	43.980	(5.899)	49.879
Tap ársins, sbr. ofar	(8.625)	(1.224)	(7.401)

Tafla V-2. Helstu flokkar efnahagsreiknings

(Tölur í milljörðum kr.)	2008	2007	Breyting
Eigið fé	82	91	(9)
<i>Breyting greinist þannig:</i>			
<i>Eignir:</i>			
Erlendar eignir í gjaldeyrisforðum	429	164	265
Útlán til banka og fjármálastofnana	483	308	175
Ríkissjóður	270	0	270
Aðrar eignir	5	5	0
<i>Skuldir:</i>			
Erlendar skuldir	(242)	(2)	(240)
Seðlar og mynt	(24)	(16)	(8)
Innstæður banka og fjármálastofnana	(401)	(154)	(247)
Innstæður ríkissjóðs	(403)	(211)	(192)
Aðrar skuldir	(35)	(3)	(32)
Eigið fé bankans, sbr. ofar	82	91	(9)

milljónum króna áður en tekið er tillit til gengishagnaðar. Árið á undan nam hagnaður af rekstri 7.012 milljónum króna og samkvæmt lögum um bankann var 1/3 hluti af þeirri fjárhæð greiddur í ríkissjóð eða 2.337 milljónir króna. Loks urðu umskipti í bókfærðum gengismun ársins sem var hagnaður á árinu 2008 og nam alls 43.980 milljónum króna en gengistap bankans árið á undan nam 5.899 milljónum króna. Sú breyting skýrist einkum af veikingu krónunnar á árinu og því að gengisbundnar eignir bankans voru hærri en gengisbundnar skuldir meiri hluta ársins en undir lok ársins var sá munur að mestu horfinn.

Mikil breyting hefur orðið á efnahagsreikningi bankans miðað við árið á undan. Eignir bankans námu alls 1.187 milljörðum króna í árslok 2008 en námu árið á undan 477 milljörðum króna. Skuldir bankans hafa einnig aukist til samræmis en þær námu alls 1.105 milljörðum króna í árslok 2008 en voru 386 milljarðar króna í árslok 2007. Þetta kemur fram í meðfylgjandi töflu sem skýrir breytingar á efnahagsreikningi bankans.

Erlendar eignir í gjaldeyrisforðunum hækkuðu á árinu um 265 milljarða króna. Raunaukning forðans var fjármögnuð með lántökum, annars vegar láni frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sem nam 105 milljörðum króna og hins vegar láni frá ríkissjóði, samtals 45 milljarðar króna. Að öðru leyti skýrist hækkunin aðallega af gengisbreytingum. Erlendar skuldir að öðru leyti hækkuðu um 134 milljarða króna sem eru skammtímalán hjá BIS. Þá varð nokkur hækkun á útlánum til banka og fjármálastofnana, en þau hækkuðu um 520 milljarða króna á milli árána. Sú aukning kemur fram í meðfylgjandi töflu þar sem fram kemur að útlán til þessara aðila hafi hækkað um 175 milljarða króna en aukning á stöðu gagnvart ríkissjóði, 270 milljarðar króna, stafar af hinu sama og þá er einnig til þess að líta að 75 milljarðar króna voru afskrifaðir vegna ónógra trygginga á veðlánum eftir bankahrunið. Til mótvægis við þessa aukningu innlendra eigna er aukning innstæðna banka og fjármálastofnana og ríkissjóðs um 439 milljarða króna en þar af er lán vegna forðaaukningar 45 milljarðar króna, samanber það sem að framan greinir. Loks jókst seðlamagn í umferð um 8 milljarða króna á árinu og aðrar skuldir hækkuðu um 32 milljarða króna sem skýrist af innstæðum erlendar greiðslumiðlunar vegna verðbréfavíðskipta.

Í árslok 2008 námu erlendar eignir bankans um 47% af heildareignum og sama hlutfall átti við um erlendar skuldir bankans. Í lok ársins á undan námu erlendar eignir bankans 35% af heildareignum og erlendar skuldir námu þá 24% af heildarskuldum.

Ársreikningur bankans er birtur aftur í skýrslunni auk ítarlegra skýringa á einstökum liðum.

Bankaráð Seðlabanka Íslands

Í lögum um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001 segir að í bankaráði Seðlabanka Íslands skuli sitja sjö fulltrúar. Kosið er í bankaráð að loknum kosningum til Alþingis, síðast í júní 2007. Bankaráð velur sér formann og varaformann úr eigin röðum. Í lok árs skipuðu bankaráð þau Halldór Blöndal formaður, Jón Sigurðsson varaformaður, Erna Gísladóttir, Hannes Hólmsteinn Gissurarson, Jónas Hallgrímsson, Ragnar Arnalds og Valgerður Bjarnadóttir. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir sagði sig úr ráðinu undir lok ársins. Bankaráð hélt 14 fundi á árinu 2008.

Bankastjórn

Bankastjórn Seðlabanka Íslands skipuðu þeir Davíð Oddsson formaður, Eiríkur Guðnason og Ingimundur Friðriksson.

Skipulag bankans

Starfsemi bankans skiptist í sex megin svið auk innri endurskoðunar. Skrifstofa bankastjórnar annast almennt skrifstofuhald fyrir banka- stjórn, hefur umsjón með kynningarstarfsemi og upplýsingamiðlun bankans, ritstjórn ársskýrslu og heimasíðu. Á skrifstofu bankastjórnar voru á árinu auk þess færð verkefni er varða regluleg samskipti við erlendar fjármálastofnanir önnur en fjármálaviðskipti, alþjóðleg matsfyrirtæki og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Lögfræðingar á skrifstofu bankastjórnar annast margvíslega samningagerð fyrir hönd bankans, frágang löggæringa og skuldaskjala. Þá taka þeir þátt í undirbúningi laga og reglugerða og gerð lögfræðilegra álita. Safnadeild heyrir undir skrifstofu bankastjórnar og annast bókasafn bankans auk myntsafns Seðlabankans og Þjóðminjasafns.

Alþjóða- og markaðssvið hefur umsjón með innlendum peninga- og gjaldeyrismarkaði og annast viðskipti við innlendar og erlendar fjármálastofnanir. Sviðið sér um vörslu og ávöxtun gjaldeyrisforða bankans ásamt að hafa umsjón með lánamálum ríkissjóðs, ríkisábyrgðasjóði og endurlánum ríkissjóðs.

Bókhaldssvið hefur umsjón með færslu bókhalds Seðlabankans og Grænlandssjóðs sem er í vörslu bankans, auk Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta. Einnig sér sviðið um bókhald yfir innlausn spariskírteina og erlend lán ríkissjóðs. Þá hefur sviðið umsjón með SWIFT-kerfi bankans og greiðslum fyrir bankann, ríkissjóð og ríkisfyrirtæki.

Viðfangsefni fjármálasviðs lúta að stöðugleika og virkni fjármálastofnana og -markaða. Starfsemi sviðsins skiptist í þrjár einingar sem lúta að fjármálastöðugleika, þ.e. fjármálakerfi, greiðslukerfi og viðbúnað en einnig heyra fjárhirslur undir fjármálasvið. *Fjármálakerfi* annast greiningu á fjármálafyrirtækjum og uppbyggingu fjármálakerfisins, *greiðslukerfi* hefur yfirumsjón með mikilvægustu greiðslu- og uppgjörskerfum og *viðbúnaður* sér um þróun og gerð álagsprófa og verkefni á sviði viðbúnaðarmála. *Fjárhirslur* annast útgáfu og meðferð seðla og myntar. Sviðið leiðir útgáfu bankans á árlegri skýrslu hans, *Fjármálastöðugleika*.

Hagfræðisvið annast rannsóknir á sviði efnahags- og peningamála, gerir verðbólgu- og þjóðhagsspár, tekur þátt í mótun stefnu í gengis- og peningamálum, greinir þróun innlendra og erlendra efnahags- og peningamála, þ.m.t. þjóðhagslega þætti fjármálastöðugleika og hefur umsjón með og tekur þátt í útgáfu ýmissa rita bankans, t.d. *Hagvíska*, *Peningamála*, *Working Papers*, *Fjármálastöðugleika* og *Economy of Iceland*. Hagfræðisvið skiptist í tvær einingar, annars vegar greiningar- og útgáfudeild og hins vegar rannsóknar- og spádeild.

Rekstrarsvið er fjölmennasta svið bankans. Sviðið annast rekstur og umsýslu eigna og lausafjármuna bankans, öryggismál, innkaup, gerð rekstraráætlana og útgjaldaeftirlit. Sviðið annast einnig starfsmannahald bankans og launamál og undir það heyra ýmis viðfangsefni sem lúta að innanhússpjónustu. Þá sér sviðið um skjalahald bank-

Tafla V-3. Starfslið

	Starfsmenn	Starfsgildi
Skrifstofa bankastjórnar	13	12,1
Alþjóða- og markaðssvið	15	15,0
Bókhaldssvið	12	12,0
Fjármálasvið	15	15,0
Hagfræðisvið	16	16,0
Rekstrarsvið	31	24,0
Upplýsingasvið	20	19,5
Endurskoðun	2	2,0
Alls	124	115,6

ans. Frá árinu 2001 hefur símsvörun bankans verið sinnt af fyrirtæki á Raufarhöfn.

Upplýsingasvið annast öflun, skráningu og úrvinnslu tölfraðilegra gagna sem Seðlabankinn safnar vegna starfsemi sinnar, rekur jafnframt tölvukerfi bankans og gagnagrunna. Sviðið skiptist í fjórar einingar, þ.e. upplýsingatækni, rekstur og viðhald á FAME-gagnagrunni bankans, gagnasöfnun og skráningu, og úrvinnslu gagna og miðlun.

Aðalendurskoðandi er ráðinn af bankaráði en ekki bankastjórn. Endurskoðunarsvið annast innri endurskoðun og innra eftirlit með starfsemi bankans í viðum skilningi og sjóða í umsjá hans.

Starfslið

Á árinu 2008 urðu talsverðar breytingar á starfsliði bankans. Alls hættu sjö starfsmenn störfum eða fóru á eftirlaun en sautján starfsmenn voru ráðnir til starfa. Fjórir starfsmenn voru í tímabundnum verkefnum. Fjöldi sumarstarfsmanna var svipaður og áður. Einn starfsmaður fór í leyfi til að starfa á skrifstofu Norður- og Eystrasaltslandanna hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Einn starfsmaður, Ólöf E. Jónsdóttir, hætti störfum og fór á eftirlaun eftir rúmlega 36 ára starf, síðast á bókhaldssviði.

Ekki eru taldir með þeir starfsmenn sem sérstaklega voru ráðnir inn tímabundið til að sinna verkefnum vegna bankahrunsins. Um áramót voru fimm starfsmenn enn við störf vegna þessara verkefna á bókhaldssviði og tveir á alþjóða- og markaðssviði. Þá eru heldur ekki taldir með þeir sérfræðingar úr viðskiptabönkunum sem bankinn fékk lánaða til að sinna störfum vegna verkefna sem tengdust hruni bankakerfisins og greiðslumiðlun.

Starfsmönnum á alþjóða- og markaðssviði, skrifstofu bankastjórnar og upplýsingasviði fjölgaði um þrjá á hverju sviði fyrir sig og um einn á fjármálasviði en fækkaði um þrjá á rekstrarsviði.

Starfsmenn í árslok 2008 voru 124 að tölu, 66 karlar og 58 konur, og er það níu fleira en í lok árs 2007. Starfsgildi voru 115,6 en fimm starfsmenn eru í hlutastarfi eða í 3,6 starfsgildum, og af 14 starfsmönnum við sameiginlegt mötuneyti, öryggis- og húsvörslu voru sjö vegna hlutdeildar Reiknistofu bankanna. Meðaltal ársverka var 111, sem er það sama og árið áður.

Kjarasamningar

Flestir starfsmenn Seðlabanka Íslands eru í Samtökum starfsmanna fjármálafyrirtækja og fá greidd laun samkvæmt kjarasamningi samtakanna og Seðlabankans. Í gildi er kjarasamningur sem rennur út í lok árs 2010. Samningurinn felur í sér að 1. janúar 2010 skuli allir launaflokkar og aldursþrep hækka um 14.000 krónur. Laun skulu þó hækka að lágmarki um 2,5%.

Jafnréttisstefna

Bankastjórn staðfesti jafnréttisáætlun fyrir bankann í fyrsta sinn árið 1996. Á grundvelli hennar hefur jafnréttisnefnd starfað í bankanum frá þeim tíma. Jafnréttisáætlunin hefur verið endurnýjuð reglulega, síðast 2007 og um leið var staðfest jafnréttisstefna.

Stjórn Seðlabanka Íslands og starfsmenn 31. desember 2008

Bankaráð

Aðalmenn

Haldór Blöndal fyrrverandi ráðherra og alþingismaður, formaður
 Jón Sigurðsson fyrrverandi ráðherra og alþingismaður, varaformaður
 Erna Gísladóttir framkvæmdastjóri
 Ragnar Arnalds fyrrverandi ráðherra og alþingismaður
 Hannes Hólmsteinn Gissurarson prófessor
 Jónas Hallgrímsson framkvæmdastjóri
 Valgerður Bjarnadóttir viðskiptafræðingur

Varamenn

Halla Tómasdóttir framkvæmdastjóri
 Birgir Þór Runólfsson dósent
 Tryggvi Friðjónsson framkvæmdastjóri
 Sigríður Finsen hagfræðingur
 Guðný Hrund Karlsdóttir viðskiptafræðingur
 Ingibjörg Ingvadóttir lektor
 Guðmundur Örn Jónsson verkfræðingur

Bankastjórn

Davíð Oddsson, formaður
 Eiríkur Guðnason
 Ingimundur Friðriksson

Yfirmenn

Alþjóða- og markaðssvið: Sigurður Sturla Pálsson framkvæmdastjóri
 Bókhaldssvið: Erla Árnadóttir aðalbókari
 Endurskoðunarsvið: Stefán Svavarsson aðalendurskoðandi
 Fjármálasvið: Tryggvi Pálsson framkvæmdastjóri
 Hagfræðisvið: Arnór Sighvatsson aðalhagfræðingur
 Lögfræðingar: Sigríður Logadóttir aðallögfræðingur
 Rekstrarsvið: Ingvar A. Sigfússon rekstrarstjóri
 Skrifstofa bankastjórnar: Jón Þ. Sigurgeirsson framkvæmdastjóri
 Upplýsingasvið: Tómas Örn Kristinsson framkvæmdastjóri

Starfsmenn

SKRIFSTOFA BANKASTJÓRNAR

Ágústa Johnson
Ellen Hrefna Haraldsdóttir
Jón Þ. Sigurgeirsson
Stefán Jóhann Stefánsson

Lögfræðingar

Kjartan Ólafsson
Sigfús Gauti Þórðarson
Sigríður Logadóttir

Safnadeild

Anton Holt
Guðbjörg Þórarinsdóttir
Magný Gyða Ellertsdóttir
Sigurborg Ólafsdóttir
Sigurbór Sigurðsson
Valborg Stefánsdóttir

ALÞJÓÐA- OG MARKAÐSSVIÐ

Bergur Barðason
Björgvin Sighvatsson
Daníel Svavarsson
Gerður Ísberg
Guðrún Sóley Gunnarsdóttir
Hafsteinn Hafsteinsson
Halldór Sveinn Kristinsson
Hallgrímur Ólafsson
Helga Rún Helgadóttir
Jóna Guðrún Ísaksdóttir
Lilja D. Alfreðsdóttir
Oddgeir Gunnarsson
Sigurður G. Thoroddsen
Sigurður Sturla Pálsson
Viðar Rúnar Geirsson

BÓKHALDSSVIÐ

Alf H. Pedersen
Anna S. Árnadóttir
Arndís Leifsdóttir
Árni Þórðarson
Erla Árnadóttir
Guðrún E. Herbetsdóttir
Halldóra Konráðsdóttir
Ísólfrur Sigurðsson
Jónína Guðbjartsdóttir
Kristín Hannesdóttir
Oddný Lára Eiríksdóttir
Oddrún Jónasdóttir

ENDURSKOÐUNARSVIÐ

Guðmundur Björnsson
Stefán Svavarsson

FJÁRMÁLASVIÐ

Bryndís Ásbjarnardóttir
Elin Kristjana Sighvatsdóttir
Guðmundur Kr. Tómasson
Guðrún Ögmundsdóttir
Jónas Þórðarson
Perla Ösp Ásgeirsdóttir
Sylvía Kristín Ólafsdóttir
Tryggvi Pálsson

Fjárhirslur

Auður Gísladóttir
Ingveldur S. Kristjánsdóttir
Jóhanna Pétursdóttir
Kolbrún Jóhannsdóttir
Kristján Guðmundsson
Sigríður Ketilsdóttir
Stefán Arnarson

HAGFRÆÐISVIÐ

Arnór Sighvatsson
Ásgeir Daníelsson
Guðrún Yrsa Richter
Gunnar Gunnarsson
Helga Guðmundsdóttir
Karen Á. Vignisdóttir
Magnús Fjalar Guðmundsson
Markús Möller
Martin Seneca
Ólafur Örn Klemensson
Rannveig S. Sigurðardóttir
Regína Bjarnadóttir
Rósa Björk Sveinsdóttir
Svava Jóhanna Haraldsdóttir
Þorvarður Tjörvi Ólafsson
Þórarinn G. Pétursson

REKSTRARSVIÐ

Birna K. Jónsdóttir
Hólmfríður M. Ingibergsdóttir
Ingvar A. Sigfússon
Kristjón Kolbeins
Þórður Gautason

Húsvarsla/ræsting

Bogey R. Hreiðarsdóttir
Guðný Harpa Hallgrímsdóttir
Hildur Hrönn Hreiðarsdóttir
Káritas Ísaksdóttir
Kristinn Unnarsson
Marteinn Jóhannesson
Olga A. Björnsdóttir
Ólafía Egilsdóttir
Ragnheiður E. Rúnarsdóttir
Rita Sigurðardóttir
Sigurlaug Jósepsdóttir
Sólveig Kristinsdóttir
Stefanía Hrönn Guðnadóttir

Mötuneyti

Bergþóra Óskarsdóttir
Guðlaug Erla Ingólfssdóttir
Halla Kristín Björnsdóttir
Sigríður Laufey Guðmundsdóttir
Sigurborg Jónsson

Prentun og umbrot

Sigríður María Jónsdóttir
Sigurborg Steingrimsdóttir
Sveinn A. Blöndal

Rítarar

Hrafnhildur Georgsdóttir
Klara Jóhannsdóttir
Þórey Þórarinsdóttir

Skjalastöð

Eva Sóley Sigurðardóttir
Guðrún Sigmarsdóttir
Hilmar Gunnþór Garðarsson
Sveinbjörg Rut Helgadóttir

Umsjón bifreiða/orlofshúsa

Garðar Halldórsson
Karl G. Smith

Öryggisvarsla

Guðleifur Svanbergsson
Hannes Ólafsson
Hólmgeir H. Hákonarson
Jóhann Gunnar Friðjónsson
Sigurður Sigurðsson
Sveinbjörn Kristjánsson
Þorsteinn Þorvaldsson

UPPLÝSINGASVIÐ

Anna Karen Arnarsdóttir
Arnar Freyr Guðmundsson
Bryndís Pétursdóttir
Einar Örn Ólafsson
Eva Hjördís Bjarnadóttir
Fjola Agnarsdóttir
Guðmundur Harðarson
Gylfi Vilberg Árnason
Hrönn Helgadóttir
Jakob Gunnarsson
Karl Jóhann Magnússon
Lárus Jóhannesson
Lilja Anna Gunnarsdóttir
Margrét Sigríður Guðjónsdóttir
Mark Townley
Pétur Örn Sigurðsson
Ríkarður B. Ríkarðsson
Tómas Örn Kristinsson
Tryggvi Eyvindsson
Örn Jónasson



ÁRSREIKNINGUR 2008

Staðfesting yfirstjórnar Seðlabanka Íslands

Bankaráð og bankastjórn Seðlabanka Íslands staðfesta hér með ársreikning bankans fyrir árið 2008 með undirritun sinni.

Reykjavík, 30. mars 2009

Áritun bankaráðs

Ágúst Einarsson
Jónas Hallgrímsson
Ragnar Arnalds

Lára V. Júlíusdóttir
formaður

Friðrik Már Baldursson
Katrín Olga Jóhannesdóttir
Birgir Þór Runólfsson

Áritun bankastjórnar

Svein Harald Øygaard
Seðlabankastjóri

Arnór Sighvatsson
Aðstoðarseðlabankastjóri

Áritun endurskoðanda

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Seðlabanka Íslands fyrir árið 2008. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu bankaráðs og bankastjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Seðlabanka Íslands á árinu 2008, efnahag hans 31. desember 2008 og breytingu á handbæru fé á árinu 2008, í samræmi við lög um ársreikninga.

Ríkisendurskoðun, 30. mars 2009

Sveinn Arason
ríkisendurskoðandi

Staðfesting forsætisráðherra

Með skírskotun til yfirlýsingar endurskoðanda, bankaráðs og bankastjórnar staðfestist reikningurinn hér með.

Reykjavík, 31. mars 2009

Jóhanna Sigurðardóttir
forsætisráðherra

Rekstrarreikningur ársins 2008

	Skýringar	2008	2007
Vaxtatekjur			
Af innlendum eignum		71.002.316	25.346.076
Af erlendum eignum		12.833.835	5.935.188
		<u>83.836.151</u>	<u>31.281.264</u>
Vaxtagjöld			
Af innlendum skuldum		55.640.308	21.778.592
Af erlendum skuldum		8.484.573	3.455.811
		<u>64.124.881</u>	<u>25.234.403</u>
Hreinar vaxtatekjur	14	19.711.270	6.046.861
Aðrar rekstrartekjur			
Þjónustutekjur		388.333	232.651
Þjónustugjöld		(187.747)	(107.654)
Seðlar úr umferð		–	118.220
Tekjur af hlutafjäreign		93.330	320.290
Verðendurmat erlendra verðbréfa og láns	1,9	3.863.404	1.161.156
Verðendurmat gulls		162.560	797.228
Gengishagnaður af gjaldeyrisviðskiptum		1.432.571	9.260
		<u>5.752.451</u>	<u>2.531.151</u>
Hreinar rekstrartekjur		25.463.721	8.578.012
Önnur rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	10,16	1.171.122	921.195
Annar rekstrarkostnaður	16	1.692.413	413.095
Kostnaður af seðlum og mynt		115.517	143.355
Afskriftir fastafjármuna	4	90.520	87.710
		<u>3.069.572</u>	<u>1.565.355</u>
Afskrifaðar veðlánakröfur	20	75.000.000	–
		<u>78.069.572</u>	<u>1.565.355</u>
Hagnaður (tap) ársins án framlags		<u>(52.605.851)</u>	<u>7.012.657</u>
Framlag í ríkissjóð	9	–	2.337.552
Hagnaður (tap) án gengismunar		<u>(52.605.851)</u>	<u>4.675.105</u>
Gengismunur	15	43.980.457	(5.898.662)
Hagnaður (tap) ársins	12	<u>(8.625.394)</u>	<u>(1.223.557)</u>

Efnahagur 31. desember 2008

EIGNIR

	Skýringar	2008	2007
Erlendar eignir			
Bankainnstæður		207.256.518	19.348.284
Gulleign	3	6.652.894	3.305.189
Verðbréf	3,6	211.855.297	138.322.338
Gjaldeyrisstaða við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn	5	3.515.293	1.822.996
Erlendar eignir utan gjaldeyrisforða	2	210.651	786.675
	Erlendar eignir	429.490.653	163.585.482
Innlendar eignir			
<i>Innlánsstofnanir</i>			
Lán gegn veði og daglán	7	110.334.271	258.164.548
Gjaldfallin veðlán og daglán	20	231.024.172	–
Erlend lán til banka	20	110.942.609	–
Skiptasamningar		14.238.789	–
		466.539.841	258.164.548
<i>Aðrar fjármálastofnanir</i>			
Markaðsskráð verðbréf		2.757.323	1.446.568
Lán gegn veði		13.665.591	44.553.548
Daglán		–	4.101.698
		16.422.914	50.101.814
<i>Ríkissjóður</i>			
Verðbréf vegna yfirtöku veðlána	20	270.005.388	–
<i>Aðrir aðilar</i>			
Ýmsir reikningar		117.386	55.070
Verðbréf		61.759	75.859
		179.145	130.929
<i>Varanlegir rekstrarfjármunir</i>			
Fasteignir og lausafjármunir	4	4.821.724	4.875.730
	Innlendar eignir	757.969.012	313.273.021
Eignir alls		1.187.459.665	476.858.503

Eignir utan efnahags

13

Efnahagur 31. desember 2008

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

	Skýringar	2008	2007
Erlendar skuldir			
Innstæður erlendra aðila	3,6	58.029.541	99.541
Lán frá norrænum seðlabönkum		76.373.187	–
Mótvirði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn	5	3.058.311	1.612.593
Lán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum	5	104.521.027	–
Erlendar skuldir		241.982.066	1.712.134
Innlendar skuldir			
Seðlar og mynt		24.436.438	15.735.426
<i>Innlánsstofnanir</i>			
Viðskiptareikningar	7	90.617.889	152.111.529
Innstæðubréf		167.600.343	–
Gjaldeyriseikningar		111.771.235	–
Skiptasamningar		16.519.266	–
		386.508.733	152.111.529
<i>Aðrar fjármálastofnanir</i>			
Viðskiptareikningar	7	4.415.226	1.425.239
Innstæðubréf		9.826.958	–
		14.242.184	1.425.239
<i>Ríkissjóður og ríkisstofnanir</i>			
Ríkissjóður, viðskiptareikningar		168.722.997	93.970.973
Ríkissjóður, bundin innlán		16.482.643	26.814.835
Gjaldeyriseikningar		2.376.001	864.722
Gengisbundið skuldabréf	9	169.404.066	88.990.036
Lán ríkissjóðs vegna forðaaukningar	9	45.365.912	–
Ríkisstofnanir, viðskiptareikningar		894.607	536.006
		403.246.226	211.176.572
<i>Aðrar skuldir</i>			
Skuld vegna framlags til ríkissjóðs		–	2.337.552
Ýmsir aðilar		34.318.954	1.036.091
Lífeyrisskuldbindingar	8	347.218	320.719
		34.666.172	3.694.362
Innlendar skuldir		863.099.753	384.143.128
Eigið fé			
Stofnfé	12	57.501.000	57.501.000
Endurmat fasteigna og lausafjármuna		4.990.681	4.990.681
Annað eigið fé		19.886.165	28.511.560
Eigið fé		82.377.846	91.003.241
Skuldir og eigið fé		1.187.459.665	476.858.503
Ábyrgðarskuldbindingar			
Ábyrgðarskuldbindingar	13		

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2008

REKSTRARHREYFINGAR:	Skýringar	2008	2007
Hagnaður (tap) ársins		(8.625.394)	(1.223.557)
<i>Rekstrarliðir sem ekki hreyfa handbært fé:</i>			
Afskriftir fastafjármuna		90.520	87.710
Gengismunur eigna og skulda	15	(16.539.609)	4.321.437
Gengismunur af sjóðstöðu	15	(27.440.848)	1.577.225
Matsbreyting langtímaláns	9	–	(1.801.665)
Ýmsar matsbreytingar eigna og skulda		(3.757.613)	(1.263.634)
Afskrifaðar veðlánakröfur	20	75.000.000	–
<i>Breyting rekstrartengdra eigna og skulda</i>		<u>(4.647.597)</u>	<u>2.837.936</u>
Fé frá rekstri		<u>14.079.457</u>	<u>4.535.452</u>
FJÁRFESTINGARHREYFINGAR:			
Lán gegn veði og daglán, (hækkun)		(393.209.629)	(159.883.123)
Lán til innlendra aðila í erlendum gjaldmiðlum		(100.178.849)	–
Keyptir rekstrarfjármunir		(37.068)	(100.617)
Seld hlutabréf		633.921	–
Keypt verðbréf		(1.702.110)	–
Afborganir af verðbréfum o.fl.		197.293	234.209
Keypt verðbréf í gjaldeyrisforða		(59.902.623)	(47.419.630)
Seld verðbréf í gjaldeyrisforða		116.842.323	22.910.830
		<u>(437.356.742)</u>	<u>(184.258.331)</u>
FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR:			
Seðlar og mynt í umferð, hækkun		8.701.012	1.341.145
Tekið lán hjá IMF	5	115.743.131	–
Tekin lán hjá norrænum seðlabönkum		67.742.000	–
Tekin önnur lán	6	91.548.418	–
Innstæðubréf, hækkun (lækkun)		176.448.336	(1.777.253)
Bundin innlán ríkissjóðs, (lækkun)		(10.100.000)	(6.100.000)
Innborgað stofnframlag		–	44.000.000
Gjaldeyrisinnstæður, hækkun (lækkun)		84.124.384	(2.595.000)
Innstæður innlánsstofnana, hækkun (lækkun)		(58.503.653)	112.791.756
Innstæður annarra aðila o.fl., hækkun		32.930.418	–
Innstæður ríkissjóðs, hækkun		75.110.625	11.338.297
		<u>583.744.671</u>	<u>158.998.945</u>
BREYTING Á HANDBÆRU FÉ:			
(Lækkun) hækkun á erlendum bankainnstæðum		160.467.386	(20.723.934)
Gengismunur af bankainnstæðum		27.440.848	(1.577.225)
Erlendar bankainnstæður í ársbyrjun		19.348.284	41.649.443
Erlendar bankainnstæður í árslok		<u>207.256.518</u>	<u>19.348.284</u>

Skýringar með ársreikningi

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006, ákvæði laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og reglur um reikningsskil og ársreikning Seðlabanka Íslands nr. 1088/2005.
 - Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við kaupgengi í árslok 2008. Tekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags. Gengishagnaður/gengistap er fært í rekstrarreikning.
 - Verðtryggðar eignir og skuldir eru skráðar með áföllnum verðbótum í árslok 2008 og er miðað við viðeigandi vísitölugildi í janúar 2009 sem endurspeglar verðlag í lok ársins 2008. Verðbætur eru færðar í rekstrarreikning með vöxtum.
 - Verðbréf í gjaldeyrisforða bankans eru skráð við markaðsverði og matsbreytingar eru færðar í rekstrarreikning. Matsbreytingar eru mismunur á markaðsverði verðbréfa og bókfærðu verði þeirra og er þá yfir- og undirverði á kaupdegi dreift á líftíma verðbréfa miðað við jafna dreifingu sem svipar til virkra vaxta.
 - Tekjur eru færðar þegar til þeirra er unnið hvort sem innheimta hefur farið fram eða ekki. Hið sama á við um gjöld, þau eru færð þegar til þeirra er stofnað hvort sem þau voru greidd eða ekki. Í rekstrarreikning færast ennfremur matsbreytingar af verðbréfum hvort sem þær eru innleystar eða óinnleystar.
 - Í yfirliti um sjóðstreymi koma fram hreyfingar í hefðbundnum flokkum í slíku yfirliti en skilgreining á sjóðstöðu miðast við erlendar bankainnstæður.
 - Hlutabréf hafa verið skráð við kostnaðarverði enda hafa hlutabréf í eigu bankans ekki verið á markaði.
 - Kostnaður af útgáfu seðla og myntar er færður til gjalda þegar hann fellur til.
 - Varanlegir rekstrarfjármunir í eigu bankans í árslok 2005 eru færðir miðað við matsverð að frádregnum afskriftum eftir þann tíma. Varanlegir rekstrarfjármunir keyptir á árinu 2006 og síðar eru skráðir miðað við kostnaðarverð að frádregnum afskriftum sem reiknast af kostnaðarverði að frádregnu væntu lokavirði þar sem við á.
2. Eignarhlutir í Alþjóðagreiðslubankanum (Bank for International Settlements, BIS) eru skráðir við kostnaðarverði. Í árslok 2008 var fjöldi hluta 1.070 en hver hlutur er 5.000 SDR. Eignarhlutir bankans eru færðir meðal erlendra eigna utan gjaldeyrisforðans. Bókfært verð í árslok 2008 nam 184,5 m.kr. en nafnverð nam 248,8 m.kr. (1,3 m. SDR). Greitt hefur verið fyrir 25% af hverjum 5.000 SDR hlut eða 1.250 SDR fyrir hvern hlut. Bankinn er skuldbundinn til þess að greiða það sem á skortir í fullt framlag eða 75%, verði eftir því kallað. Innra virði eignarhlutar bankans svarar til 4,7 milljarða kr. samkvæmt ársreikningi BIS í lok mars 2008.

Reikningsskilaaðferðir

Eignarhlutir í félögum

Erlendar eignir og gulleign

Eignarhlutir í Fjölgreiðslumiðlun hf. eru meðtaldir í *Aðrir aðilar/ýmsir reikningar* og er bókfært verð 1,2 m.kr. sem jafnframt er nafnverð. Bankinn á 8% hlut í þessu félagi. Bankinn seldi á árinu eignarhlut sinn í OMX og nam söluandvirði eignarhlutarins 633 milljónum kr.

3. Í árslok 2008 voru erlendar eignir bankans 429,5 ma.kr. en námu 163,6 ma.kr. í lok ársins á undan. Meðtalin í þessari stöðu er gulleign bankans sem var 63.785,1 únsa. Gullið er fært við markaðsverði í árslok 2008 en únsan var þá metin á 865 dollara sem samsvarar 104.302 kr. Gulleignin þannig metin nam 6,6 ma.kr. í árslok 2008.

Á árinu var ávöxtun verðbréfa, sem tekur til vaxtatekna og verðbreytinga, og af bankainnstæðum í hverri mynt í gjaldeyrisforða bankans sem hér segir:

	Verðbréf	Bankainnstæður
Bandaríkjadalur	7,38%	1,97%
Evra	5,96%	4,08%
Sterlingspund	8,92%	4,71%

Verðbréf í árslok greinast þannig en bókfært verð miðast við markaðsverð (tölur í þús. í erl. gjaldmiðli):

		Óafskr. Nafn- verð (undir- yfirverð	Afskrifað kostn.- verð	Mark- aðs- verð	Óinnl. yfir- verð
Evrubr. - samt.	EUR	1.010.500	7.459	1.017.959	10.505
Dollarabr. - samt.	USD	194.060	2.691	196.751	5.378
Pundabr. - samt.	GBP	49.109	(1.000)	48.109	2.466

Seðlabankinn hefur gert samning við JPMorgan Chase um lán á verðbréfum og þiggur þóknun fyrir. Engin lán á verðbréfum voru til staðar í árslok 2008 en á árinu námu tekjur af útlánunum verðbréfa um 585 þús. dollurum.

Veð hafa verið tekin í verðbréfum, sem metin eru á 50 milljarða kr., og eru fyrir erlendum endurhverfum lánasamningum, sbr. skýringu nr. 6.

Fastafjármunir

4. Varanlegir rekstrarfjármunir voru færðir til eignar á árinu 2005 miðað við matsverð í lok þess árs. Fjármunir keyptir eftir þann tíma eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum sem miðast við áætlaðan endingartíma að teknu tilliti til vænts lokavirðis.

Varanlegir rekstrarfjármunir í árslok 2008 greinast þannig (fjárhæðir í m.kr.):

Eignir	Land	Fast- eignir	Lausafé	Söfn	Samtals
Matsverð 1/1 2008	24,0	4.666,3	223,7	239,7	5.153,7
Keypt á árinu 2008			34,5	5,4	39,9
Selt á árinu 2008			(3,9)		(3,9)
	<u>24,0</u>	<u>4.666,3</u>	<u>254,3</u>	<u>245,1</u>	<u>5.189,7</u>
<i>Afskrifað</i>					
Afskrifað alls 1/1 2008		146,3	131,7		278,0
Afskrifað á árinu 2008		49,9	40,6		90,5
Afskrift færð út			(0,5)		(0,5)
	<u>0,0</u>	<u>196,2</u>	<u>171,8</u>	<u>0,0</u>	<u>368,0</u>
Bókfært verð í árslok	<u>24,0</u>	<u>4.470,1</u>	<u>82,5</u>	<u>245,1</u>	<u>4.821,7</u>
Afskriftahlutfall	0%	1,25-3%	10-33%	0%	
Fast.mat 31/12 2008	0,5	4.441,8			4.442,3
Vátr.mat 31/12 2008		5.507,6	350,0	260,0	6.117,6

5. Úthlutaður kvóti Íslands við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (IMF) nam 117,6 m. SDR í árslok 2008. Kvótinn var greiddur að 1/4 hluta með gullframlagi á sínum tíma en að öðru leyti með krónuframlagi. Gjaldeyrisstaða bankans við sjóðinn nam 18,6 m. SDR sem er mismunurinn á kvótanum og krónuinneign sjóðsins hjá bankanum, sbr. neðangreinda töflu. Lántaka bankans í formi úthlutunar sjóðsins á SDR nam 16,4 m. SDR. Þá fékk bankinn fyrsta hlutann af láni IMF og nemur hann 560 m. SDR. Fjárhæðir eru í milljónum.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn

Eignir	Fjárhæðir í milljónum	
	SDR	ISK
Kvóti Seðlabanka Íslands	117,6	21.876,0
Inneign IMF hjá SÍ	(99,0)	(18.418,2)
Gjaldeyrisstaða Seðlabankans við IMF	18,6	3.457,8
Áfallnir vextir af gjaldeyrisstöðu	0,0	4,5
Innstæða Seðlabankans hjá IMF	0,3	52,9
	<u>18,9</u>	<u>3.515,2</u>
<i>Skuldir</i>		
	SDR	ISK
Mótvirði úthlutaðra SDR	16,4	3.052,4
Viðskiptareikningur IMF hjá Seðlabanka	0,0	0,1
Áfallnir vextir af SDR-úthlutun	0,0	5,8
Lántaka frá IMF á árinu	560,0	104.171,2
Áfallnir vextir af sama	1,9	349,8
	<u>578,3</u>	<u>107.579,4</u>

Lántaka hjá IMF á árinu, 560 m. SDR., er fyrsti hluti af fyrirgreiðslu sjóðsins. Lánið var tekið 19. nóv. og meðalvextir á tímabilinu til áramóta eru um 3% en þá hefur ekki verið tekið tillit til lántökukostnaðar sem nam alls 3,1 m. SDR. Samkvæmt samkomulagi við sjóðinn munu eftirstöðvar á fyrirgreiðslu hans greiðast í átta jöfnum áföngum á næstu tveimur árum og nemur hver greiðsla 105

millj. SDR, samtals 840 millj. SDR. Lánið, samtals 1,4 millj. SDR, er til endurgreiðslu á fjórum árum frá og með árinu 2012.

Erlendar skuldir

- 6. Seðlabankinn hefur gert skiptasamninga við seðlabanka Danmerkur, Svíþjóðar og Noregs. Samkomulag er um að veita alls 500 milljónir evra frá hverjum bankanna, samtals 1.500 milljónir evra. Í árslok 2008 hafði bankinn tekið lán sem nam 150 milljónum evra frá hverjum banka, samtals 450 milljónir evra. Lánin eru til eins mánaðar í senn og bera þau 3% vexti.

Í árslok 2008 hafði bankinn gert endurhverfa samninga við BIS og námu skammtímalán til bankans vegna þessa í árslok 2008 um 46 milljörðum króna og veð tekin í erlendum verðbréfum bankans sem metin eru á 50 milljarða kr. Ennfremur hefur bankinn dregið á lánalínu við BIS og nemur sú skuld 12 milljörðum kr. (70 m. evra) í árslok 2008.

Staða gagnvart fjármálastofnunum

- 7. Lánastofnanir sem eru þátttakendur í stórgreiðslukerfi Seðlabankans leggja fram tryggingar vegna greiðslna í kerfinu. Þær eru í formi verðbréfa. Fjárhæð trygginga svarar til heimilda lánastofnana til skuldsetningar innan dags í stórgreiðslukerfinu.

Í lok ársins 2008 námu tryggingar í stórgreiðslukerfi í verðbréfum 19,1 ma.kr. að markaðsvirði.

Lánastofnanir leggja fram tryggingar til vörslu í Seðlabanka Íslands vegna lána þeirra gegn veði í samræmi við reglur nr. 997/2004.

Hrein skuld fjármálastofnana gagnvart bankanum hækkaði um 196,1 milljarð kr. á árinu samanborið við 51,5 milljarða árið á undan og greinist hækkunin á eftirfarandi hátt:

<i>Hækkun á stöðu</i>	<i>Ma.kr.</i>	<i>Ma.kr.</i>
Lán til fjármálastofnana og krafa á ríkissjóð v. sama....	825,2	
Afskrifaðar kröfur	(75,0)	
Hrein staða skv. efnahagsreikningi.....	750,2	
Innstæður fjármálastofnana í árslok 2008	(400,7)	349,5
Lán til fjármálastofnana í ársbyrjun 2008.....	306,9	
Innstæður fjármálastofnana í ársbyrjun 2008.....	(153,5)	153,4
Hækkun á hreinni stöðu		<u>196,1</u>

Lífeyrisskuldbindingar

- 8. Samkvæmt mati tryggingastærðfræðings námu skuldbindingar Seðlabanka Íslands vegna eftirlauna fyrrverandi bankastjóra, maka þeirra og forstjóra Þjóðhagsstofnunar, en bankinn bar helming af rekstrarkostnaði hennar, samtals 347,2 m.kr. í árslok 2008. Greiðslur vegna þessara kjara námu alls 45,3 m.kr. á árinu 2008 og færast til lækkunar á áður færðri skuldbindingu. Hækkun skuldbindingar bankans, að teknu tilliti til greiðslna, nam um 71,8 m.kr. á árinu 2008 og er hún gjaldfærð.

9. Framlag til ríkissjóðs skv. 34. gr. laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands reiknast sem 2/3 hlutar hagnaðar án reiknaðs gengismunar ef eigið fé (án endurmatsreiknings) er hærra en 2,25% af fjárhæð útlána og innlestrar verðbréfaeignar lánakerfisins í lok ársins, annars greiðist 1/3 hluti hagnaðarins í ríkissjóð. Eigið fé bankans í árslok 2008 var undir þessum mörkum og því hefði borið að miða við greiðslu 1/3 hlutar af hagnaði í ríkissjóð en framlag verður ekkert þar sem taprekstur var á árinu 2008.

Bankinn tók langtímalán hjá ríkissjóði til fjármögnunar á aukningu gjaldeyrisforðans undir lok ársins 2006. Ríkissjóður seldi skuldabréf á erlendum mörkuðum og endurlánaði bankanum andvirði lánsins sem er 1 milljarður evra. Nafnvextir af láninu eru 3,75% en bréfin seldust miðað við 3,88%. Horfið var frá gangvirðisskráningu skuldarinnar vegna sérstakra aðstæðna á markaði og er skuldin nú skráð miðað við upphaflegt viðskiptaverð. Áður var skuldin skráð miðað við markaðsverð og matsbreytingar færðar í rekstrarreikning. Gangvirðisbreyting ársins 2008 hefði numið tekjufærslu að fjárhæð 11,4 milljarðar króna ef ekki hefði verið breytt um aðferð. Gjaldlagi lánsins er 1. des. 2011 en vextir greiðast árlega 1. des.

Ennfremur tók bankinn lán hjá ríkissjóði til fjármögnunar á aukningu gjaldeyrisforðans á seinni hluta ársins 2008. Ríkissjóður tók lán samkvæmt samningi við Bayerische Landesbank að fjárhæð 300 milljónir evra. Lánið var tekið í lok september og vextir greiðast í lok mars og september fram að gjalddaga lánsins sem er í lok september 2011 og greiðist þá í einu lagi. Lánið gagnvart Seðlabankanum er í íslenskum krónum og nemur 43,5 milljörðum kr. Lánið ber sömu vexti og reiknast af viðskiptareikningum innlánsstofnana, nú 17,5%. Lántökukostnaður var borinn af ríkissjóði. Bókfært verð skuldarinnar með áföllnum vöxtum nam 45,3 milljörðum kr. í árslok 2008.

Innstæður ríkissjóðs og ríkisstofnana hjá bankanum námu um 403 milljörðum króna í árslok 2008 samanborið við 211 milljarða króna 2007 og hafa því hækkað um 192 milljarða kr. Hækkunin skýrist af gengisbreytingum og matsbreytingum að fjárhæð 83 milljarðar kr., nýjum erlendum lántökum að fjárhæð 44 milljarðar kr. og hækkun innleindra innstæðna að fjárhæð 65 milljarðar kr.

10. Á árinu 2008 námu heildarlaun bankastjórnar og bankaráðs 79,7 m.kr. Bankastjórar fá ekki greidda þóknun fyrir setu í stjórnnum og nefndum sem stofnanir og fyrirtæki á fjármálamarkaði standa sameiginlega að eða Seðlabanki Íslands tilnefnir fulltrúa í skv. lögum. Heildargreiðslur til bankastjórnar og bankaráðs á árinu 2008 greinast þannig:

Ríkissjóður

Laun og þóknun til yfirstjórnar

<i>Bankastjórar</i>	<i>M.kr.</i>
Davíð Oddsson	25,3
Eiríkur Guðnason	19,8
Ingimundur Friðriksson	19,7
<i>Bankaráð</i>	
Halldór Blöndal	3,4
Aðrir bankaráðsmenn og varamenn (12)	11,5
	<u>79,7</u>

Póknun endurskoðenda

Sundurliðun á eigin fé og þróun á afkomu bankans

11. Þóknun Seðlabanka Íslands til Ríkisendurskoðunar vegna endurskoðunar reikninga bankans á árinu 2008 nam 1,6 m.kr.

12. Á síðastliðnum fimm árum hefur eigið fé bankans breyst eins og eftirfarandi tafla sýnir (tölur í m.kr.):

<i>Eigið fé</i>	2008	2007	2006	2005	2004
Eigið fé í ársbyrjun (án endurmats)	86.012	43.236	31.379	34.198	40.217
Eiginfjáframlag		44.000			
Hagnaður (tap) án framl. og gengism.	(52.606)	7.013	48	(186)	487
Framlag í ríkissjóð		(2.338)	(16)		
Gengismunur ársins	43.980	(5.899)	11.825	(2.633)	(6.506)
Eigið fé í árslok (án endurmats)	<u>77.386</u>	<u>86.012</u>	<u>43.236</u>	<u>31.379</u>	<u>34.198</u>
Endurmat eigna	4.991	4.991	4.991		
Eigið fé í árslok	<u>82.377</u>	<u>91.003</u>	<u>48.227</u>	<u>31.379</u>	<u>34.198</u>
<i>Stöðutölur/hlutföll í lok árs, ma.kr.</i>					
Heildareignir bankans	1.187,4	476,8	321,8	162,3	106,6
Eigið fé (án endurmats eigna)	77,4	86,0	43,2	31,4	34,2
Innlend útlán og verðbr.eign lánakerfisins	7.705,1	5.576,8	4.298,2	3.234,8	2.658,1
Eigið fé/heildareignir bankans	6,5%	18,0%	13,4%	19,3%	32,1%
Eigið fé/innlend útlán og verðbréfaeign lánakerfisins	1,0%	1,5%	1,0%	1,0%	1,3%

Ábyrgðarskuldbindingar og eignir utan efnahags

13. Seðlabanki Íslands er skuldbundinn til að greiða áskrift að hlutfé Alþjóðagreiðslubankans verði eftir því kallað. Þegar hafa verið greidd 25% af áskrift en 75% hluti getur komið til greiðslu og nemur hann 746 m.kr.

Aðild Seðlabanka Íslands að Reiknistofu bankanna er ekki eignfærð í ársreikningi. Að formi til er um að ræða sameiginlegan rekstur á vegum allra banka og sparisjóða landsins samkvæmt samningi þar um. Í samstarfssamningi kemur fram að Seðlabanki Íslands hafi lagt til fimmtung stofnframlags Reiknistofu bankanna. Bókfært eigið fé Reiknistofu bankanna var 1,5 ma.kr. í árslok 2008.

Seðlabanki Íslands hafði í árslok 2008 umsaminn aðgang að lána-fyrirgreiðslu erlendra fjármálastofnana að upphæð 100 m. doll- arar, sem svarar til 12 ma.kr. Af þessari heimild hafði bankinn nýtt ádrátt sem svarar til 70 m. evra í árslok 2008 og er skuld meðtalin í erlendum skuldum bankans.

14. Hreinar vaxtatekjur námu 19,7 ma.kr. á árinu 2008 samanborið við 6 ma.kr. árið á undan. Skýringin á breytingunni liggur aðallega í hækkun á vaxtatekjum af peningastefnuliðum um 31 ma.kr. en til mótvægis er hækkun vaxtagjalda af innstæðum ríkissjóðs og innlánsstofnana að fjárhæð 18 ma.kr. Hreinar vaxtatekjur greinast þannig í þús.kr.:

Hreinar vaxtatekjur

	2008	2007
<i>Hreinar vaxtatekjur af peningastefnuliðum:</i>		
Af lánum gegn veði.....	71.002.316	25.170.987
Af bindiskyldum innstæðum innlánsstofnana	(5.998.252)	(5.459.201)
Af innstæðubréfum.....	(13.992.949)	0
	<u>51.011.115</u>	<u>19.711.786</u>
<i>Hreinar vaxtatekjur af gjaldeyrisforðanum:</i>		
Af erlendum bankainnstæðum.....	1.650.294	644.594
Af erlendum verðbréfum.....	9.925.373	5.290.594
Af erlendu fjármögnunarláni forðans.....	(6.856.944)	(3.013.878)
	<u>4.718.723</u>	<u>2.921.310</u>
<i>Aðrar vaxtatekjur (vaxtagjöld):</i>		
Af innstæðum ríkissjóðs og ríkisstofnana:		
Bundin innstæða.....	(3.263.727)	(3.980.385)
Viðskiptareikningar.....	(21.487.274)	(10.322.960)
	<u>(24.751.001)</u>	<u>(14.303.345)</u>
Af öðrum eignum.....	1.258.167	175.088
Af öðrum innstæðum innlánsstofnana.....	(9.056.194)	(2.016.047)
Af erlendum lánum og gjaldeyrisinnstæðum .	(3.469.540)	(441.932)
	<u>(36.018.568)</u>	<u>(16.586.236)</u>
Hreinar vaxtatekjur	<u><u>19.711.270</u></u>	<u><u>6.046.860</u></u>

15. Gengishagnaður ársins 2008 nam 43,9 ma.kr. en árið á undan nam gengistap 5,9 ma.kr. Gengisendurmatið er reiknað af eftirfarandi efnahagsliðum (tölur í þús.kr.):

Gengisendurmat

	2008	2007
Gull.....	3.187.420	(404.157)
Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (IMF).....	11.786.879	(21.854)
Erlendar bankainnstæður.....	27.440.849	(1.577.224)
Erlend verðbréf.....	124.975.203	(7.393.857)
Erlendar skammtímaskuldir.....	(9.846.996)	(9.149)
Erlend lán, gjaldeyrisreikningar.....	(113.562.898)	3.507.580
Gengismunur alls	<u><u>43.980.457</u></u>	<u><u>(5.898.661)</u></u>

Laun og annar kostnaður

16. Launakostnaður greinist þannig í þús.kr.:

	2008	2007
Laun	918.418	761.395
Launatengd gjöld	180.921	152.855
Framlag til lífeyrisskuldbindinga	71.782	6.945
	<u>1.171.121</u>	<u>921.195</u>

Kostnaður annar en launakostnaður nam 1,9 milljörðum kr. á árinu 2008 samanborið við 0,6 milljarða kr. árið á undan. Hækkunin er 1,3 milljarðar kr. og skýrist hún aðallega af auknum kostnaði vegna sérstakrar ráðgjafar í framhaldi af hruni viðskiptabankanna þriggja í október 2008 og laut einkum að tillögugerð og mati á leiðum til aðgerða sem grípa þyrfti til af hálfu opinberra aðila. Aðkeypt sérfræðiráðgjöf hækkaði um 1,1 milljarð kr. miðað við árið á undan.

Áhættustýring

17. Seðlabanki Íslands er opinber stofnun sem hefur ákveðnu hlutverki að gegna samkvæmt ákvæðum laga sem einkum lúta að peningamálastjórnun með vaxtaákvörðunum sínum og ávöxtun gjaldeyrisvarasjóðs landsmanna. Áhætta í rekstri hans er því nokkuð af annarri gerð en í rekstri annarra fjármálastofnana þó að sömu heiti séu notuð. Sú áhætta sem bankinn er einkum seldur undir er vaxtaáhætta, gjaldeyrisáhætta, útlánaáhætta og lausafjáráhætta. Hér á eftir fylgir umsögn um þessa áhættu. Að auki býr bankinn við rekstraráhættu en það er áhættan af því að mannleg mistök eigi sér stað eða innri verkferlar og kerfi bregðist. Rekstraráhættu er stjórnað af starfsmönnum bankans á daglegum grunni en kappkostað er að innleiða eftirlit og verkferla sem lágmarka áhættuna af mistökum og öðrum villum.

Vaxtaáhætta

18. Vaxtaáhætta er sú áhætta að fé tapist vegna breytinga á vaxtakjörum. Stefna bankans í fjárfestingu í erlendum verðbréfum miðast einkum við að bréfin séu seljanleg og fé er aðeins fest í traustum aðilum. Ávöxtunin er þó einnig höfð til hliðsjónar við fjárfestingu. Bankinn hefur fram til þessa ekki verið með virka stýringu á forðanum heldur eru bréf yfirleitt innheimt á gjalddaga. Vel er þó fylgst með verðmati eignanna og þær seldar sé minnsta hættu talin vera á innheimtufalli. Bankinn notar ekki afleiður til þess að stjórna vaxtaáhættunni af erlendri fjárfestingu í verðbréfum, bankainnstæðum eða erlendum skuldum og hið sama gildir um innlendar eignir og skuldir. Ávöxtun af innlendum eignum í formi lána gegn veðum ræðst af stýrivöxtum á hverjum tíma og eru vextir af innstæðum viðskiptabankanna og ríkissjóðs ákveðnir með hliðsjón af þeim vöxtum. Heildarvaxtamunur bankans ræðst af tvennu: Annars vegar af mun í vöxtum af eignum og skuldum og hins vegar af stofnstærð eigna og skulda að meðaltali á árinu. Eignir og skuldir bankans greinast þannig eftir meðalvaxtakjörum á árinu 2008:

<i>Eignir</i>	<i>Árslok</i> 2007	<i>Árslok</i> 2008	<i>Meðal- staða</i>	<i>Bókf. vextir</i>	<i>Reikn. meðal- vextir</i>
Bankainnstæður.....	19,3	207,3	113,3	1,60	1,4%
Gulleign.....	3,3	6,6	5,0	0,01	0,2%
Verðbréf.....	138,3	211,9	175,1	9,82	5,6%
Gjaldeyrisstaða við IMF....	1,8	3,5	2,7	0,05	1,9%
Eignir utan forða.....	0,8	0,2	0,5	0,00	0,0%
Lán gegn veði og daglán..	306,9	465,9	386,4	72,26	18,7%
Markaðsskráð verðbréf....	1,4	2,8	2,1	0,10	4,8%
Önnur verðbréf og eignir..	0,1	14,4	7,3	0,00	0,0%
Ríkissjóður v. uppgjörs..... veðlana	0,0	270,0	135,0	0,00	0,0%
	<u>471,9</u>	<u>1.182,6</u>	<u>827,3</u>	<u>83,84</u>	<u>10,1%</u>
Aðrar eignir	4,9	4,8	4,9		
	<u>476,8</u>	<u>1.187,4</u>	<u>832,1</u>		
<i>Skuldir</i>					
Innstæður erl. aðila.....	0,1	134,4	67,3	1,68	2,5%
Lán frá IMF og úthlutuð... dráttarréttindi	1,6	107,6	54,6	1,05	1,9%
Seðlar og mynt.....	15,7	24,4	20,1	0,00	0,0%
Viðskiptareikn. innlánsst... og annarra fjármálast.	153,5	95,0	124,3	15,07	12,1%
Innlánsstofnanir, gjald-.... eyrisreikningar	0,0	111,8	55,9	0,00	0,0%
Innstæðubréf.....	0,0	177,4	88,7	13,96	15,7%
Viðskiptareikn. ríkissjóðs...	94,5	169,6	132,1	21,55	16,3%
Ríkissjóður, bundin innlán..	26,8	16,5	21,7	3,20	14,8%
Ríkissjóður, gjaldeyrisr.....	0,9	2,4	1,7	0,73	44,2%
Ríkissjóður, erlend lán.....	89,0	214,8	151,9	6,86	4,5%
Lífeyrisskuldbindingar.....	0,3	0,3	0,3	0,00	0,0%
Aðrar skuldir.....	3,4	50,8	27,1	0,00	0,0%
	<u>385,8</u>	<u>1.105,0</u>	<u>745,4</u>	<u>64,10</u>	<u>8,6%</u>
Eigið fé.....	91,0	82,4	86,7		
	<u>476,8</u>	<u>1.187,4</u>	<u>832,1</u>		

Það athugist að í ofangreindri töflu er meðaltalsinnstæða fyrir erlendar gjaldeyrisinnstæður ríkissjóðs eins og hún er reiknuð ekki í samræmi við raunverulega meðalstöðu.

- Gjaldeyrisáhætta er sú áhætta að verða fyrir tjóni vegna breytinga á gengi gjaldmiðla. Bankinn hefur fram til þessa ekki notað afleiður til að stýra gjaldeyrisáhættu. Samsetning gjaldeyrisforðans tekur mið af hlutföllum í viðskiptum þjóðarbúsins við útlönd og þar vegur evran þyngst. Eignir og skuldir bankans sem háðar eru gjaldeyrisáhættu greinast þannig í árslok 2008 (allar tölur í milljónum króna):

Gjaldeyrisáhætta

Greining gjaldmiðla í fjáreignum og skuldum

Eignir:	Evra	Dollar	Pund	Sérstök dr. rétt.	Japanskt yen	Norræn króna	Aðrir gjaldm.	Samtals
Bankainnst.	71.112	89.083	26.224		3.934	14.255	2.649	207.257
Gulleign		6.652						6.652
Verðbréf	178.012	24.789	9.054					211.855
Gjaldeyrisst. IMF				3.515				3.515
Lán til lánast. o.fl.	118.294		2.975		2.939		1.186	125.394
	<u>367.418</u>	<u>120.524</u>	<u>38.253</u>	<u>3.515</u>	<u>5.873</u>	<u>14.255</u>	<u>3.835</u>	<u>554.673</u>
Skuldir:								
Innst. erl. aðila	124.232	5.686	4.405			69	11	134.403
Lán frá IMF				107.579				107.579
Gjaldeyrisr.	44.788	28.748	21.380			14.169	5.062	114.147
Skuld v. forðaaukn.	169.404							169.404
	<u>338.424</u>	<u>34.434</u>	<u>25.785</u>	<u>107.579</u>	<u>0</u>	<u>14.238</u>	<u>5.073</u>	<u>525.533</u>
Mismunur	<u>28.994</u>	<u>86.090</u>	<u>12.468</u>	<u>(104.064)</u>	<u>5.873</u>	<u>17</u>	<u>(1.238)</u>	<u>29.140</u>
Eignir bankans í íslenskum krónum umfram skuldir í krónum.....								<u>53.237</u>
Eigið fé bankans í árslok								<u>82.377</u>

Útlánaáhætta

20. Útlánaáhætta er sú áhætta að kröfur í eignasafni bankans tapist þar sem fjárhagsstaða skuldara hefur versnað og þeir geta ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart bankanum. Fram til þessa hefur bankinn ekki orðið fyrir tjóni vegna þessa. Í framhaldi af þeim lausa-fjárþrengingum sem viðskiptabankarnir og bankakerfið almennt hefur orðið fyrir á síðustu mánuðum ársins er ljóst að bankinn hefur orðið fyrir nokkru tjóni vegna ótryggra veða fyrir lánnum gegn verði sem þó voru metin traust þegar lánin voru veitt. Með hliðsjón af þessu hefur eigandi bankans, ríkissjóður, keypt verðbréf að bókfærðu verði 345 milljarðar kr. og galdið fyrir með verðtryggðu bréfi til fimm ára að fjárhæð 270 milljarðar kr. Af heildarfjárhæðinni voru trygg veð metin 51 milljarður kr. en afgangurinn ekki eins traustur og með hliðsjón af því var mismunurinn, 75 milljarðar kr., afskrifaður. Veðlán og daglán gagnvart þessum stofnunum með traustum veðum nema 231 milljarði kr. í árslok 2008 og eru þau því færð með áföllnum vöxtum.

Ennfremur hefur bankinn veitt lán í erlendum gjaldmiðlum að fjárhæð 110 milljarðar kr. og fyrir þeirri fjárhæð eru talin vera traust veð, m.a. allsherjarveð í FIH-bankanum í Danmörku. Af þeim sökum eru þessi útlán ekki færð niður vegna útlánaáhattu. Hér á eftir fylgja tvær töflur um útlánaáhattuna almennt:

*Sambjöppun í útlánaáhættu:
(Tölur í milljónum kr.)*

<i>Upprunaland fjáreigna:</i>	<i>Fjáreign í árslok 2008</i>	<i>Hlutfall</i>
Ísland.....	752.985	63,7%
Bandaríki Norður-Ameríku.....	112.399	9,5%
Evru lönd	250.373	21,2%
Bretland	44.335	3,7%
Norðurlönd.....	14.256	1,2%
Alþjóðastofnanir	3.699	0,3%
Aðrir aðilar	4.592	0,4%
Fjáreignir alls	<u>1.182.639</u>	<u>100,0%</u>

*Útlánaáhætta eigna í forða eftir lánshæfiseinkunn:
(Tölur í milljónum kr.)*

	<i>Einkunn</i>	<i>Árslok 2008</i>	<i>Hlutfall</i>
Erlendar bankainnstæður.....	AAA	207.257	48,3%
Erlend verðbréf, pund	AAA	8.148	1,9%
Erlend verðbréf, pund	AA	905	0,2%
Erlend verðbréf, dollarar.....	AAA	22.310	5,2%
Erlend verðbréf, dollarar.....	AA	2.479	0,6%
Erlend verðbréf, evrur	AAA	122.829	28,6%
Erlend verðbréf, evrur	AA	46.283	10,8%
Erlend verðbréf, evrur	A	8.901	2,1%
Aðrar eignir í forða	AAA	10.167	2,4%
Erlendar eignir utan forða		211	0,0%
Fjáreignir í forða alls		<u>429.490</u>	<u>100,0%</u>

21. Lausafjárahætta er sú áhætta að geta ekki staðið við greiðsluskuldbindingar til skamms tíma. Þessi áhætta tekur einnig til þeirrar áhættu að selja verði fjáreignir á lægra verði en svarar til gangvirðis þeirra. Í eftirfarandi töflu kemur fram hvernig eignir og skuldir greinast eftir gjaldkræfni. Í fremsta dálki koma fram eignir og skuldir sem eru án gjalddaga eða eru ætlaðar til varanlegra afnota. Í töflunni kemur fram mismunur miðað við erlenda og innlenda gjalddagastöðu. Tölur í milljónum króna.

Lausafjárahætta

Greining eftirstöðva í fjáreignum og skuldum

	Enginn ákv. gjaldldagi	Innan 3 mánaða	3 til 12 mánaða	1 til 5 ára	Yfir 5 ára	Samtals
<i>Erlendar eignir</i>						
Bankainnstæður		207.257				207.257
Gulleign	18	6.634				6.652
Verðbréf		211.855				211.855
Gjaldeyriss. v/IMF	3.458	57				3.515
Eignir utan forða	184			27		211
Lán til lánast. o.fl.		116.707	8.475			125.182
	3.660	542.510	8.475	27	0	554.672
<i>Erlendar skuldir</i>						
Skammtímalán og innst.		248.549				248.549
Lán hjá IMF	3.058			104.521		107.579
Lán til aukn. forða				169.404		169.404
	3.058	248.549	0	273.925	0	525.532
Mism. í erl. gjalddagastöðu	602	293.961	8.475	(273.898)	0	29.140
<i>Innlendar eignir</i>						
Lán gegn veði		124.001				124.001
Gjaldfallin veðlán		231.024				231.024
Markaðsskráð verðbréf			35	160	2.562	2.757
Ýmsir aðilar		117	14	48		179
Ríkissjóður, verðbréf				270.005		270.005
Fasteignir og lausafé	4.822					4.822
	4.822	355.142	49	270.213	2.562	632.788
<i>Innlendar skuldir</i>						
Seðlar og mynt	24.437					24.437
Viðskiptareikningar		111.553				111.553
Innstæðubréf			177.427			177.427
Ríkissjóður, viðsk.reikn.		168.723				168.723
Ríkissj., bundin innlán			16.483	45.366		61.849
Ríkisst., viðsk.reikn.		895				895
Ýmsir aðilar		34.319				34.319
Lífeyrisskuldbindingar			45	180	122	347
Eigið fé	82.378					82.378
	106.815	315.490	193.955	45.546	122	661.928
Mism. í innl. gjalddagast.	(101.993)	39.652	(193.906)	224.667	2.440	(29.140)
Mism. í erl. gjalddagast.	602	293.961	8.475	(273.898)	0	29.140
Heildarstaða	(101.391)	333.613	(185.431)	(49.231)	2.440	0

VIÐAUKAR

Fréttir Seðlabanka Íslands á árinu 2008

Nr.	1	14. janúar	Seðlabanki Íslands rýmkar reglur um veð í viðskiptum við bankann
-	2	14. janúar	Áherslur í lánamálum ríkissjóðs 2008
-	3	25. janúar	Fyrsti virki dagur ársins
-	4	28. janúar	Moody's segir Aaa einkunnir Íslands á krossgötum
-	5	14. febrúar	Stýrivextir Seðlabanka Íslands óbreyttir
-	6	14. febrúar	<i>Stefnuyfirlýsing bankastjórnar Seðlabanka Íslands:</i> Stýrivextir Seðlabanka Íslands óbreyttir
-	7	4. mars	Greiðslujöfnuður við útlönd og erlend staða þjóðarbúsins á 4. ársfjórðungi 2007
-	8	5. mars	Moody's tilkynnir neikvæðar horfur á láns hæfiseinkunn Ríkissjóðs Íslands
-	9	12. mars	Leiðrétting á erlendri stöðu þjóðarbúsins og fjármagnsjöfnuði fjórða ársfjórðungs 2007
-	10	25. mars	Seðlabanki Íslands hækkar stýrivexti
-	11	25. mars	Breytingar á reglum Seðlabanka Íslands
-	12	1. apríl	Fitch hefur breytt horfum Ríkissjóðs Íslands í neikvæðar
-	13	1. apríl	Láns hæfiseinkunnir Ríkissjóðs Íslands, Íbúðalánasjóðs og Landsvirkjunar til langs tíma til athugunar með neikvæðum vísbendingum
-	14	9. apríl	Matsfyrirtækið Moody's gefur út ársskýrslu um Ísland
-	15	10. apríl	Seðlabanki Íslands hækkar stýrivexti
-	16	17. apríl	Láns hæfiseinkunnir ríkissjóðs lækkaðar vegna erfiðra skilyrða við fjármögnun: Horfur neikvæðar
-	17	16. maí	Seðlabanki Íslands gerir gjaldeyrisskiptasamninga
-	18	22. maí	Stýrivextir Seðlabanka Íslands óbreyttir
-	19	22. maí	<i>Stefnuyfirlýsing bankastjórnar Seðlabanka Íslands:</i> Stýrivextir Seðlabanka Íslands óbreyttir
-	20	4. júní	Nýjar reglur um gjaldeyrisjöfnuð
-	21	4. júní	Greiðslujöfnuður við útlönd og erlend staða þjóðarbúsins á fyrsta ársfjórðungi 2008
-	22	19. júní	Útgáfa ríkisbréfa og innstæðubréfa Seðlabanka Íslands
-	23	3. júlí	Stýrivextir Seðlabanka Íslands óbreyttir
-	24	4. júlí	Álit sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins 2008
-	25	4. september	Greiðslujöfnuður við útlönd og erlend staða þjóðarbúsins á öðrum ársfjórðungi 2008
-	26	8. september	Skiptiútboð innstæðubréfa
-	27	11. september	Stýrivextir Seðlabanka Íslands óbreyttir
-	28	11. september	<i>Stefnuyfirlýsing bankastjórnar Seðlabanka Íslands:</i> Stýrivextir Seðlabanka Íslands óbreyttir
-	29	22. september	Framkvæmdastjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hefur lokið reglubundnum umræðum um íslensk efnahagsmál 2008
-	30	29. september	Samkomulag um að ríkissjóður leggi Glitni til nýtt hlutafé
-	31	30. september	Matsfyrirtækið Standard & Poor's lækkar láns hæfiseinkunnir ríkissjóðs. Horfur neikvæðar
-	32	2. október	Aukið framboð innstæðubréfa
-	33	7. október	Efling gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands
-	34	7. október	Unnið að lausn gjaldeyris- og gengisvanda
-	35	7. október	Efling gjaldeyrisforðans
-	36	8. október	Gjaldeyrismarkaður
-	37	8. október	Gjaldeyrismarkaður
-	38	14. október	Seðlabanki Íslands dregur á gjaldmiðlaskiptasamninga

- 39 15. október Bankastjórn Seðlabanka Íslands samþykkir að lækka stýrivexti um 3,5%
- 40 15. október Sameiginleg fréttatilkynning frá Seðlabanka Íslands og fjármálaráðuneyti Rússlands
- 41 21. október Veðlán Seðlabanka Íslands
- 42 28. október Seðlabanki Íslands hækkar stýrivexti
- 43 28. október Seðlabanki Íslands hækkar stýrivexti
- 44 6. nóvember Stýrivextir Seðlabanka Íslands óbreyttir
- 45 20. nóvember Norrænir seðlabankar framlengja gjaldmiðlaskiptasamninga
- 46 28. nóvember Nýjar reglur um gjaldeyrismál
- 47 28. nóvember *Stefnuyfirlýsing bankastjórnar Seðlabanka Íslands:*
Brýnt að koma á stöðugleika á gjaldeyrismarkaði og styrkja gengi krónunnar
- 48 3. desember Millibankamarkaður með gjaldeyri
- 49 5. desember Greiðslujöfnuður við útlönd og erlend staða þjóðarbúsins á þriðja ársfjórðungi 2008
- 50 16. desember Breytingar á reglum um gjaldeyrismál
- 51 17. desember Breytingar á vöxtum Seðlabanka Íslands
- 52 30. desember Ákvörðun bankaráðs um laun bankastjóra Seðlabanka Íslands

Ritaskrá Seðlabanka Íslands fyrir árið 2008

Rit á íslensku:

Ársskýrsla 2007

Fjármálastöðugleiki 2008

Peningamál 2008, þrjú hefti

Hagvísar Seðlabanka Íslands, ellefu hefti

Rit á ensku:

Annual report 2007

Monetary Bulletin 2008, þrjú hefti

Financial Stability 2008

Economic Indicators, ellefu hefti

The Economy of Iceland 2008

Central Bank of Iceland Working Papers No. 38: The great moderation Icelandic style, eftir Ásgeir Daniélsson.

Central Bank of Iceland Working Papers No. 39: Accuracy in forecasting macroeconomic variables in Iceland, eftir Ásgeir Daniélsson.

Central Bank of Iceland Working Papers No. 40: How hard can it be? Inflation control around the world, eftir Þórarín G. Pétursson.

Central Bank of Iceland Working Papers No. 41: QMM A Quarterly Macroeconomic Model of the Icelandic Economy, eftir Ásgeir Daniélsson, Magnús F. Guðmundsson, Svövu J. Haraldsdóttur, Þorvarð T. Ólafsson, Ásgerði Ó. Pétursdóttur, Þórarín G. Pétursson og Rósu Sveinsdóttur.

Öll þessi rit eru aðgengileg á vef bankans.

Annáll efnahags- og peningamála

Janúar 2008

Hinn 14. janúar var kynnt ársáætlun í lánamálum ríkissjóðs fyrir árið 2008. Þar var greint frá fyrirhugaðri útgáfu ríkisbréfa fyrir 47 ma.kr. að nafnverði ásamt útgáfu á nýjum markflokki ríkisbréfa til 10-11 ára í upphafi árs. Einnig var tilkynnt að ríkissjóður ætlaði að hætta útgáfu ríkisvixla ásamt því að greiða upp erlend lán sem gjaldféllu á árinu.

Hinn 17. janúar var reglum um viðskipti fjármálafyrirtækja við Seðlabanka Íslands breytt. Við endurskoðun á reglunum voru hafðar til hliðsjónar reglur annarra seðlabanka, meðal annars evrópska seðlabankans og seðlabankanna á Norðurlöndunum. Breytingarnar stefndu að því að gefa fjármálafyrirtækjum færi á að nota fleiri tegundir verðbréfa með undirliggjandi tryggingum sem tryggingu í veðlánnum og daglánnum við Seðlabankann. Helsta breytingin frá fyrri reglum var sú að möguleiki var gefinn á að setja sem tryggingu skuldabréf gefin út í erlendri mynt: Bandaríkjadöllum, sterlingspundum eða evrum. Skuldabréf í erlendri mynt máttu þó ekki fara yfir 50% af verðmati trygginga. Einnig mátti setja til tryggingar sértrygð skuldabréf, gefin út í íslenskum krónum sem varin voru með eignasafni fasteignaverðbréfa og máttu fjármálafyrirtæki nota eigin sértrygð skuldabréf.

Hinn 28. janúar birti matsfyrirtækið Moody's Investors Service sérstaka skýrslu: „Lánshæfiseinkunn Ríkissjóðs Íslands á krossgötum“. Í skýrslunni var ekki tilkynnt um neinar breytingar á lánshæfiseinkunnum Ríkissjóðs Íslands.

Hinn 30. janúar tilkynnti Kaupþing banki hf. að bankinn og NIBC hefðu ákveðið að falla frá fyrirhugaðri yfirtöku Kaupþings á NIBC í ljósi óróleika á fjármálamörkuðum. Umsóknir um samþykki eftirlitsaðila vegna kaupanna voru dregnar til baka og kaupsamningurinn felldur niður. Í ljósi þessarar þróunar varð ekki af forgangsréttarútbóði Kaupþings sem fyrirhugað var á fyrsta ársfjórðungi 2008.

Febrúar 2008

Hinn 1. febrúar var reglum um tollgengi breytt þannig að tollverð skal byggt á skráðu gengi Seðlabankans síðasta virka dag fyrir tollafgreiðslu.

Hinn 14. febrúar ákvað bankastjórn Seðlabanka Íslands að halda stýrivöxtum óbreyttum.

Hinn 17. febrúar var skrifað undir nýja kjarasamninga landssambanda og stærstu félaga innan Alþýðusambands Íslands (ASÍ) við Samtök atvinnulífsins (SA). Samningarnir gilda til 30. nóvember 2010 og eru að megininntaki samhljóða. Samningsaðilar hafa áætlað að heildarkostnaður launagreiðenda aukist um tæplega 11% á samningstímanum eða um 3½% að meðaltali á ári. Meginatriði samningsins eru þrjú: launaþróunartrygging, hækkan lágstu kauptaxta og uppsagnarákvæði árið 2009. Ekki er samið um almenna launahækkun fyrr en á síðasta ári samningsins en starfsmönnum þess í stað tryggð ákveðin launaþróun fyrstu tvö árin. Annað sem samið var um var stofnun Endurhæfingarsjóðs sem veita á úrræði fyrir þá starfsmenn sem veikjast til lengri tíma eða slasast, lenging orlofs og fjölgun veikindadaga

vegna veikinda barna. Forsendur samningsins eru annars vegar að kaupmáttur launa á almennum vinnumarkaði haldist eða aukist á tímabilinu janúar til desember í ár samkvæmt launavísitölu Hagstofu Íslands. Hin forsendan snýr að verðbólguþróun. Í byrjun febrúar 2009 skal forsendunefnd fjalla um framlengingu samningsins út frá forsendum hans og hafi forsendur staðist framlengist samningurinn til 30. nóvember 2010, ella skulu aðilar leita samkomulags um viðbrögð. Náist ekki samkomulag um viðbrögð fellur samningurinn úr gildi frá lokum febrúar 2009.

Hinn 17. febrúar ákvað ríkisstjórnin í tengslum við undirskrift kjarasamninga á almennum vinnumarkaði að hækka persónuafslátt umfram verðlagsbreytingar, draga úr tekjuskerðingu barnabóta og eignaskerðingu vaxtabóta, lækka tekjuskatt fyrirtækja úr 18% í 15% frá og með tekjuárinu 2008, hækka atvinnuleysisbætur til samræmis við hækkun lægstu launa og greiða til Endurhæfingarsjóðs þriðjung á móti atvinnurekendum og lífeyrissjóðum frá og með árinu 2009. Önnur ótímasett loforð snúa að hækkun húsaleigubóta, fjölgun lánsvilyrða til félagslegra leiguíbúða og auknum framlögum til símenntunar og fullorðinsfræðslu. Fjármálaráðuneytið áætlar að kostnaður ríkissjóðs vegna þessa verði u.þ.b. 35 ma.kr. á samningstímanum.

Hinn 20. febrúar fór í fyrsta sinn fram útboð á nýjum flokki ríkisbréfa RIKB 19 0226 með gjalddaga árið 2019. Stefnt var að því að selja bréf í flokknum fyrir 10 ma.kr. að nafnverði. Alls bárust 76 gild tilboð að fjárhæð 32 ma.kr. og var ákveðið að taka tilboðum fyrir 10 ma.kr. að nafnverði á 8,9% ávöxtunarkröfu. Í kjölfarið var aðalmiðlurum boðið að kaupa til viðbótar 10% af nafnverði þess sem selt var í útboðinu eða um 1 ma.kr. á ávöxtunarkröfu samþykkt tilboða. Hver aðalmiðlari fékk kauprétt í hlutfalli af keyptu magni í útboðinu og seldust bréf með þessum hætti fyrir tæpan 1 ma.kr.

Hinn 22. febrúar samþykkti Fjármálaeftirlitið samruna Sparisjóðsins í Keflavík, Sparisjóðs Vestfirðinga og Sparisjóðs Húnaþings og Stranda. Sparisjóðirnir eru sameinaðir undir nafni Sparisjóðsins í Keflavík. Sparisjóðurinn í Keflavík tekur við öllum réttindum og skyldum Sparisjóðs Vestfirðinga og Sparisjóðs Húnaþings og Stranda frá og með 1. júlí 2007.

Mars 2008

Hinn 13. mars var í annað sinn útboð á RIKB 19 0226. Tilboðum var tekið fyrir 2.350 m.kr. að nafnverði á 9,41% meðalávöxtunarkröfu.

Hinn 13. mars samþykkti Alþingi frumvarp um breytingar á lögum um almannatryggingar. Með breytingunni var afnumin skerðing lífeyrisbóta vegna tekna maka, frítekjumark tekið upp gagnvart fjármagnstekjum og lífeyristekjum og frítekjumark starfandi ellilífeyrisþega hækkað, auk þess sem ýmsar greiðslur og bætur voru hækkaðar.

Hinn 18. mars tilkynnti Glitnir banki hf. um sölu breytanlegra skuldaþréfa að fjárhæð 15 ma.kr. í lokuðu útboði. Skuldabréfin eru víkjandi og breytast að fimm árum liðnum í hlutabréf í Glitni. Útgáfan telst til eiginfjárpáttar A (e. Tier I).

Hinn 25. mars ákvað bankastjórn Seðlabanka Íslands að hækka stýrivexti bankans um 1,25 prósentur í 15%.

Hinn 25. mars var einnig tilkynnt um breytingar á reglum bankans er vörðuðu veðlán, bindiskyldu og innstæðubréf, en þær voru gerðar í því skyni að liðka fyrir viðskiptum á fjármálamörkuðum, sérstaklega í viðskiptum með íslenskar krónur. Ákveðið var m.a. að gefa út framseljanleg innstæðubréf til að auka framboð tryggra skammtímaverðbréfa á markaði.

Hinn 27. mars var sérstakt útboð í flokki ríkisbréfa RIKB 08 1212 fyrir um 10 ma.kr. Salan var viðbót við þá útgáfu sem tilkynnt var 14. janúar í ársáætlun í lánamálum ríkissjóðs 2008. Tilgangur sölunnar var að mæta eftirspurn sem talin var eftir stuttum ríkistryggðum verðbréfum. Tilboðum var tekið fyrir 7,2 ma.kr. að nafnverði.

Apríl 2008

Hinn 7. apríl gaf félags- og tryggingamálaráðherra út reglugerð um hækkun húsaleigubóta frá 1. apríl í framhaldi af fyrirheitum ríkisstjórnarinnar við undirritun kjarasamninga hinn 17. febrúar.

Hinn 10. apríl ákvað bankastjórn Seðlabanka Íslands að hækka stýrivexti um 0,5 prósentur í 15,5%.

Hinn 17. apríl var haldið þriðja útboð á RIKB 19 0226. Tilboðum var tekið fyrir 2,9 ma.kr. að nafnverði á meðalávöxtunarkröfunni 10,64%.

Maí 2008

Hinn 13. maí var fyrirgreiðsla til hvers aðalmiðlara vegna verðbréfalána í flokkum RIKB 08 1212 og RIKB 09 0612 hækkuð úr 5 ma.kr. í 7 ma.kr. að nafnverði til að mæta eftirspurn eftir stuttum óverðtryggðum ríkisbréfum.

Hinn 15. maí voru samþykkt á Alþingi lög sem fella niður skattlagningu fyrirtækja vegna söluhagnaðar af hlutabréfum og færa umsýslu vegna skattlagningar stórfyrirtækja til skattstjórans í Reykjavíkumdæmi. Skattlagningunni mátti áður fresta með því að kaupa önnur hlutabréf innan tveggja ára.

Hinn 16. maí var tilkynnt að gerðir hefðu verið tvíhliða gjaldmiðlaskiptasamningar milli Seðlabanka Íslands og seðlabanka Noregs, Svíþjóðar og Danmerkur. Samningarnir eru viðbúnaðarráðstöfun sem Seðlabanki Íslands getur nýtt ef nauðsyn krefur. Hver samningur veitir aðgang að allt að 500 milljónum evra.

Hinn 22. maí ákvað bankastjórn Seðlabanka Íslands að halda stýrivöxtum óbreyttum í 15,5%.

Hinn 23. maí voru undirritaðir nýir samningar hjá Seðlabanka Íslands í tengslum við útgáfu ríkisverðbréfa og viðskiptavakt á eftirmarkaði. Markmiðið með samningunum er að viðhalda aðgengi ríkissjóðs að lánsfé og efla verðmyndun ríkisverðbréfa á eftirmarkaði. Samningarnir voru gerðir við sjö fjármálastofnanir og gilda í eitt ár.

Hinn 27. maí var haldið sérstakt útboð í stuttum flokki ríkisbréfa. Í boði var RIKB 08 1212 og var tilboðum tekið fyrir 15 ma.kr. að nafnverði á meðalávöxtunarkröfunni 12,45%.

Hinn 28. maí samþykkti Alþingi breytingar á lögum um rafræna eignarskráningu verðbréfa, þar sem m.a. er kveðið á um að uppgjör greiðslufyrirmæla vegna rafbréfa sem skráð eru í erlendri mynt í inn-

lendri verðbréfamiðstöð skuli fara fram fyrir milligöngu verðbréfamiðstöðvar sem uppfylli kröfur jafngildar þeim sem gerðar eru í lögum um öryggi greiðslufyrirmæla. Skal uppgjörskerfið hafa greiðan aðgang að viðkomandi gjaldmiðli.

Hinn 29. maí var haldið fjórða útboð á RIKB 19 0226. Tilboðum var tekið fyrir 6,5 ma.kr. að nafnverði á meðalávöxtunarkröfunni 9,55%.

Hinn 29. maí samþykkti Alþingi lög um niðurfellingu stimpilgjalds vegna fyrstu íbúðar.

Hinn 30. maí samþykkti Alþingi breytingar á tekjuskattslögum samkvæmt fyrirheitum ríkisstjórnarinnar í tengslum við undirskrift kjarasamninga á almennum vinnumarkaði í febrúar árið 2008. Þau voru hækkun persónuafsláttar, hækkun viðmiðunarmarkna tekna við álagningu barnabóta, lækkun tekjuskerðingarhlutfalla barnabóta, hækkun eignarviðmiðunarmarkna vaxtabóta og lækkun á tekjuskattshlutfalli fyrirtækja. Einnig var gerð sú breyting að gengismunur í rekstri lög- aðila dreifist á þrjú ár.

Júní 2008

Hinn 4. júní gaf Seðlabanki Íslands út nýjar reglur um gjaldeyrisjöfnuð sem tóku gildi 1. júlí. Á sama tíma féllu niður reglur nr. 318 frá 2006. Helsta breytingin er sú að hámarks misvægi milli gengisbundinna eigna og skulda er þrengt úr 30% í 10%. Þá geta fjármálafyrirtæki sótt um heimild fyrir sérstökum jákvæðum gjaldeyrisjöfnuði til varnar neikvæðum áhrifum af gengisbreytingum á eiginfjárlutfall.

Hinn 19. júní samþykkti ríkisstjórnin sérstakar aðgerðir í húsnæðismálum sem varða m.a. fyrirkomulag lánveitinga Íbúðalánasjóðs. Hámarkslán var hækkað í 20 m.kr. úr 18 m.kr. og verður miðað við allt að 80% af kaupverði eigna í stað brunabótamats áður. Einnig voru stofnaðir nýir lánaflakkar til að fjármagna íbúðalán fjármálastofnana.

Hinn 19. júní tilkynnti ríkisstjórnin um viðbótarútgáfu ríkisbréfa á innlendum markaði þar sem gefin yrðu út ríkisbréf í flokkum RIKB 08 1212, RIKB 09 0612 og RIKB 10 0317 fyrir allt að 75 ma.kr.

Hinn 19. júní ákvað bankastjórn Seðlabanka Íslands að útgáfu innstæðubréfa (SI 08 0924) verði fram haldið þegar bréfin sem bankinn gaf út í mars sl. falla í gjalddaga í september nk. Ákvarðanir um útgáfu innstæðubréfa á næsta ári verða teknar með hliðsjón af skilyrðum á markaði þegar þar að kemur.

Hinn 23. júní tilkynnti Íbúðalánasjóður, í kjölfar útboðs á íbúðabréfum hinn 20. júní, að útlánsvextir sjóðsins yrðu lækkaðir um 0,15 prósentur. Útlánsvextir íbúðalána með uppgreiðsluákvæði lækkuðu í 5,05% og vextir á íbúðalánum án uppgreiðsluákvæðis í 5,55%.

Hinn 27. júní fór fram útboð Kaupþings á sérvörðum skuldabréfum. Útgáfan er ætluð til að fjármagna útlán bankans til einstaklinga vegna húsnæðiskaupa. Alls var tilboðum tekið fyrir 4,8 ma.kr. Vegin meðalávöxtunarkrafa í útboðinu var 5,17% og munu útlánsvextir bankans taka mið af henni með 0,9% álagi. Útlánsvextir bankans munu því lækka úr 6,4% í 6,05% í kjölfar útboðsins.

Júlí 2008

Hinn 3. júlí ákvað bankastjórn Seðlabanka Íslands að halda stýrivöxtum óbreyttum í 15,5%.

Ágúst 2008

Hinn 22. ágúst voru reglur um viðskipti fjármálafyrirtækja við Seðlabanka Íslands teknar til endurskoðunar. Breytingarnar fólu m.a. í sér að möguleiki var gefinn á að setja eignavarin bréf sem tryggingu í veðlánnum og daglánnum og máttu bréfin vera í íslenskum krónum, Bandaríkjadöllum, evrum eða pundum. Sértryggð skuldabréf voru ekki eingöngu bréf varin með eignasafni fasteignaverðbréfa heldur komu aðrar eignir til greina. Skuldabréf í erlendri mynt máttu nú vera 70% af verðmati trygginga. Einnig voru sett takmörk á hversu mikið fjármálafyrirtæki gætu lagt fram af óvörðum skuldabréfum gefnum út af innlendum fjármálafyrirtækjum.

September 2008

Hinn 11. september ákvað bankastjórn Seðlabanka Íslands að halda stýrivöxtum óbreyttum í 15,5%.

Hinn 19. september samþykkti Fjármálaeftirlitið umsókn Byrs um breytingu sparisjóðsins í hlutafélag.

Hinn 29. september tilkynnti forsætisráðuneytið um samkomulag milli ríkisstjórnar Íslands og stærstu eigenda Glitnis banka hf. að höfðu samráði við Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitið um að ríkissjóður legði bankanum til nýtt hlutafé að fjárhæð 600 milljónir evra og með því verða eigandi að 75% hlut í Glitni.

Október 2008

Hinn 2. október veitti Seðlabankinn Kaupþingi hf. fyrirgreiðslu að fjárhæð 73 milljónir evra. Lánið var með gjalddaga 16. október 2008 og tryggt með veði í eignasafni Kaupþings.

Hinn 6. október veitti Seðlabankinn Kaupþingi hf. fyrirgreiðslu að fjárhæð 500 milljónir evra til fjögurra daga gegn veði í danska FIH-bankanum.

Hinn 6. október tilkynnti Fjármálaeftirlitið að það hefði ákveðið að stöðva tímabundið viðskipti með alla fjármálagerninga sem gefnir voru út af Glitni banka hf., Kaupþingi banka hf., Landsbanka Íslands hf., Straumi-Burðarási fjárfestingarbanka hf., Spron hf. og Exista hf. og teknir höfðu verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

Hinn 6. október samþykkti Alþingi lög um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði (125/2008). Með sérstökum og mjög óvenjulegum aðstæðum er skv. lögunum átt við sérstaka fjárhags- og/eða rekstrarerfiðleika hjá fjármálafyrirtæki, m.a. líkur á að það geti ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart viðskiptavinum eða kröfuhöfum, forsendur afturköllunar starfsleyfis séu líklega fyrir hendi eða líkur standi til að það geti ekki uppfyllt kröfur um lágmarks eigið fé og að úrræði Fjármálaeftirlitsins séu ekki líkleg til að takmarka tjón eða hættu á tjóni á fjármálamarkaði. Við slíkar aðstæður er Fjármálaeftirlitinu heimilt að grípa til sérstakra ráðstafana.

Hinn 7. október tilkynnti Fjármálaeftirlitið að það hefði ákveðið að skilgreina skortsölu hlutabréfa tiltekinna útgefenda sem hegðun andstæða viðurkenndri markaðsframkvæmd. Frá og með 7. október 2008 til og með 16. janúar 2009 er óheimilt að skortselja hlutabréf Glitnis banka hf., Kaupþings banka hf., Landsbanka Íslands hf., Straums-Burðaráss fjárfestingabanka hf., Spron hf. og Exista hf., sem tekin höfðu verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi, nema seljandi hafi bréfin í sinni vörslu þegar sölutilboð er lagt fram. Bannið tekur einnig til allra annarra fjármálagerninga sem hafa sama tilgang og sömu efnahagslegu áhættu og skortsala tilgreindra hlutabréfa og til skortsölu á öðrum fjármálagerningum þar sem verðmæti þeirra ræðst af verði hlutabréfa tilgreindra útgefenda.

Hinn 7. október tilkynnti Fjármálaeftirlitið að það hefði gripið inn í rekstur Landsbanka Íslands hf. á grundvelli heimildar í lögum 125/2008 um sérstakar aðstæður á fjármálamarkaði. Fjármálaeftirlitið skipaði skilanefnd sem tók við öllum heimildum stjórnar Landsbanka Íslands hf.

Hinn 7. október tilkynnti Fjármálaeftirlitið að það hefði gripið inn í rekstur Glitnis banka hf. á grundvelli heimildar í lögum 125/2008 um sérstakar aðstæður á fjármálamarkaði. Fjármálaeftirlitið skipaði skilanefnd sem tók við öllum heimildum stjórnar Glitnis banka hf.

Hinn 8. október úrskurðaði breska fjármálaeftirlitið að dótturfélag Kaupþings í Bretlandi, Kaupthing Singer FRIEDLANDER Ltd., uppfyllti ekki skilyrði um laust fé. Í framhaldinu stöðvaði breska fjármálaeftirlitið frekari móttöku innlána KSF og lagði fram kröfu um gjaldþrotameðferð bankans fyrir breska dómstóla, sem samþykktu að bankinn yrði tekinn til gjaldþrotaskipta.

Hinn 8. október gáfu bresk stjórnvöld út tilskipun á grundvelli laga sem m.a. ná til hryðjuverka. Í tilskipuninni voru eignir Landsbanka Íslands í Bretlandi frýstar. Ríkisstjórn Íslands, önnur stjórnvöld, þ.m.t. Seðlabanki Íslands og Fjármálaeftirlit, voru meðal aðila sem nefndir voru í tilskipuninni.

Hinn 9. október tilkynnti Fjármálaeftirlitið að það hefði gripið inn í rekstur Kaupþings banka hf. á grundvelli heimildar í lögum 125/2008 um sérstakar aðstæður á fjármálamarkaði. Fjármálaeftirlitið skipaði skilanefnd sem tók við öllum heimildum stjórnar Kaupþings banka hf.

Hinn 9. október tók til starfa Nýr Landsbanki Íslands hf. sem tók yfir hluta af starfsemi Landsbanka Íslands hf.

Hinn 13. október veitti Fjármálaeftirlitið MP Fjárfestingarbanka hf. viðskiptabankaleyfi. Leyfið gildir frá 10. október 2008.

Hinn 14. október tilkynnti Seðlabanki Íslands að dregið hefði verið á gjaldmiðlaskiptasamninga við seðlabanka Danmerkur og Noregs, samtals að fjárhæð 400 milljónir evra.

Hinn 14. október samþykkti OMX Nordic Exchange Iceland hf. beiðni Landsbanka Íslands hf. um að hlutabréf félagsins yrðu tekin úr viðskiptum. Var það gert eftir lokun viðskipta hinn 14. október 2008.

Hinn 15. október ákvað bankastjórn Seðlabanka Íslands að lækka stýrivexti um 3,5 prósentur í 12%.

Hinn 15. október samþykkti OMX Nordic Exchange Iceland hf. beiðni Glitnis banka hf. frá 14. október um að hlutabréf félagsins yrðu tekin úr viðskiptum. Var það gert eftir lokun viðskipta hinn 14. október 2008.

Hinn 15. október komst Seðlabanki Íslands að samkomulagi við viðskiptavaka á gjaldeyrismarkaði og nokkur önnur fjármálafyrirtæki um bráðabirgðafyrirkomulag gjaldeyrisviðskipta. Daglega er haldið uppboð á evrum gagnvart krónu sem veitir vísbendingu um gengi íslensku krónunnar gagnvart erlendum myntum og tryggir lágmarksviðskipti við útlönd. Gengið í uppboðinu ræðst af framboði og eftirspurn gjaldreyris en er til að byrja með í samræmi við tilmæli Seðlabankans um temprun gjaldeyrisútfærðis.

Hinn 15. október tók til starfa Nýr Glitnir banki hf. sem tók yfir hluta af starfsemi Glitnis banka hf.

Hinn 17. október samþykkti hluthafafundur Icebank hf. að breyta nafni bankans í Sparisjóðabanki Íslands hf.

Hinn 22. október tók til starfa Nýr Kaupþing banki hf. sem tók yfir hluta af starfsemi Kaupþings banka hf.

Hinn 24. október óskaði Ríkisstjórn Íslands formlega eftir samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um að koma á efnahagslegum stöðugleika á Íslandi. Viðræður á milli fulltrúa Íslands og sjóðsins um fyrirkomulag samstarfsins höfðu þá staðið yfir um nokkurt skeið. Tilkynnt var að unnin hefði verið ítarleg efnahagsáætlun í samráði við fulltrúa sjóðsins með það að markmiði að koma á efnahagslegum stöðugleika að nýju.

Hinn 27. október tilkynnti Fjármálaeftirlitið álit sitt að 6. október hafi Landsbanki Íslands hf. ekki verið fær um að inna af hendi greiðslu á andvirði innstæðna tiltekinna reikninga þeirra viðskiptavina sem þess kröfðust. Því hafi skv. lögum, stofnast til greiðsluskyldu Tryggingasjóðs innstæðueigenda og fjárfesta gagnvart viðskiptavinum Landsbanka Íslands hf. sem ekki hafa fengið greiddar innstæður sínar. Sambærileg greiðsluskylda hafi skapast hinn 9. október vegna Kaupþings banka hf. og hinn 3. október vegna Glitnis banka hf.

Hinn 28. október ákvað bankastjórn Seðlabanka Íslands að hækka stýrivexti um 6 prósentur í 18%.

Nóvember 2008

Hinn 6. nóvember ákvað bankastjórn Seðlabanka Íslands að halda stýrivöxtum óbreyttum.

Hinn 13. nóvember samþykkti Alþingi breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki þess efnis að skiptastjóra sé heimilt að reka áfram tiltekna leyfisbundna þætti fjármálafyrirtækis sem er í gjaldþroti eða greiðslustöðvun, ef þessir þættir eru nauðsynlegir fyrir bústjórn eða hagsmuni kröfuhafa. Bústjóri í slíkum rekstri skal undanþeginn almennri skaðabótaskyldu. Óheimilt skal að höfða eða halda áfram máli á hendur

fjármálafyrirtæki við slíkar aðstæður. Ákvæði um lengd og veitingu greiðslustöðvunar voru rýmkuð um þessi fjármálafyrirtæki.

Hinn 13. nóvember var samþykkt tímabundin breyting á lögum um atvinnuleysistryggingar og Ábyrgðasjóð launa sem ætlað er að koma til móts við aðstæður launafólks sem þarf að taka á sig kjaraskerðingu í formi minnkaðs starfshlutfalls að frumkvæði atvinnurekanda vegna samdráttar. Jafnframt var sjálfstætt starfandi einstaklingum heimilað tímabundið að taka að sér tilfallandi verkefni samhliða greiðslu atvinnuleysisbóta.

Hinn 13. nóvember óskaði skilanevnd Kaupþings banka hf. eftir því við OMX Nordic Exchange á Íslandi að viðskiptum með hlutabréf félagsins á Nordic Market yrði hætt.

